b) Ákvarðanir um efnisatriði, sem reist eru á eftirfarandi ákvæðum, skal taka með atkvæðum tveggja þriðju fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði enda teljist meirihluti fulltrúa í ráðinu til þessa meirihluta: 162. gr., 2. tl., f-, g-, h-, i-, n-, p- eða v-lið; 191. gr.

c) Ákvarðanir um efnisatriði, sem reist eru á eftirfarandi ákvæðum, skal taka með atkvæðum þriggja fjórðu fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði

(b) four members from among the eight States Parties which have the largest investments in preparation for and in the conduct of activities in the Area, either directly or through their nationals, including at least one State from the Eastern European (Socialist) region;

(c) four members from among States Parties which on the basis of production in areas under their jurisdiction are major net exporters of the categories of minerals to be derived from the Area, including at least two developing States whose exports of such minerals have a substantial bearing upon their economies;

(d) six members from among developing States Parties, representing special interests. The special interests to be represented shall include those of States with large populations, States which are land-locked or geographically disadvantaged, States which are major importers of the categories of minerals to be derived from the Area, States which are potential producers of such minerals, and least developed States;

(e) eighteen members elected according to the principle of ensuring an equitable geographical distribution of seats in the Council as a whole, provided that each geographical region shall have at least one member elected under this subparagraph. For this purpose, the geographical regions shall be Africa, Asia, Eastern European (Socialist), Latin America and Western European and Others.

2. In electing the members of the Council in accordance with paragraph 1, the Assembly shall ensure that:

(a) land-locked and geographically disadvantaged States are represented to a degree which is reasonably proportionate to their representation in the Assembly;

(b) coastal States, especially developing States, which do not qualify under paragraph 1(a), (b), (c) or (d) are represented to a degree which is reasonably proportionate to their representation in the Assembly;

(c) each group of States Parties to be represented on the Council is represented by those members, if any, which are nominated by that group.

3. Elections shall take place at regular sessions of the Assembly. Each member of the Council shall be elected for four years. At the first election, however, the term of one half of the members of each group referred to in paragraph 1 shall be two years.

4. Members of the Council shall be eligible for re-election, but due regard should be paid to the desirability of rotation of membership.

5. The Council shall function at the seat of the Authority, and shall meet as often as the business of the Authority may require, but not less than three times a year.

6. A majority of the members of the Council shall constitute a quorum.

7. Each member of the Council shall have one vote.

8. (a) Decisions on questions of procedure shall be taken by a majority of the members present and voting.

(b) Decisions on questions of substance arising under the following provisions shall be taken by a two-thirds majority of the members present and voting, provided that such majority includes a majority of the members of the Council: article 162, paragraph 2, subparagraphs (f); (g); (h); (i); (n); (p); (v); article 191.

(c) Decisions on questions of substance arising under the following provisions shall be taken by a three-fourths majority of the members present

enda teljist meirihluti fulltrúa í ráðinu til þessa meirihluta: 162. gr., 1. tl.; 162. gr., 2. tl., a-, b-, c-, d-, e-, l-, q-, r-, s- eða t-lið; u-lið þegar um vanefnd er að ræða af hálfu verktaka eða stuðningsaðila; w-lið enda mega fyrirmæli, sem gefin eru út samkvæmt honum, ekki vera bindandi í meira en 30 daga nema þau séu staðfest með ákvörðun sem tekin er samkvæmt d-lið; 162. gr., 2. tl., x-, y- eða z-lið; 163. gr., 2. tl.; 174. gr., 3. tl.; IV. viðauka, 11. gr.

d) Ákvarðanir um efnisatriði, sem reist eru á eftirfarandi ákvæðum, skal taka samhljóða: 162. gr., 2. tl. m) og o); samþykkt breytinga á XI. hluta.

e) Í d-, f- og g-lið merkir „samhljóða“ að formleg mótmæli komi ekki fram. Innan 14 daga frá framlagningu tillögu fyrir ráðið skal forseti ráðsins fullvissa sig um það hvort formleg mótmæli gegn samþykkt tillögunnar muni koma fram. Ef forsetinn fullvissar sig um að slík mótmæli muni koma fram skal hann innan þriggja daga frá þessari niðurstöðu skipa og kalla saman sáttanefnd, sem skipuð sé eigi fleiri en níu fulltrúum í ráðinu, með forsetann sem formann, í því skyni að jafna ágreininginn og semja tillögu sem unnt er að samþykkja samhljóða. Nefndin skal hraða störfum sínum og gefa ráðinu skýrslu innan 14 daga frá því að hún er skipuð. Ef nefndin getur ekki mælt með tillögu sem unnt er að samþykkja samhljóða skal hún í skýrslu sinni greina frá ástæðunum fyrir andstöðu við tillöguna.

f) Ákvarðanir um atriði, ótalin hér að ofan, sem ráðinu er heimilt að taka samkvæmt reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar eða á annan hátt, skal taka samkvæmt þeim liðum þessa töluliðs, sem tilteknir eru í reglunum, reglugerðunum og starfsháttunum, eða, ef þeir eru ekki tilteknir þar, þá samkvæmt þeim lið sem ráðið ákveður samhljóða, fyrirfram ef unnt er.

g) Þegar álitamál er hvort atriði falli undir a-, b-, c- eða d-lið skal líta svo á að atriðið falli undir liðinn þar sem krafist er eftir atvikum meiri eða mests meirihluta ellegar samhljóða ákvörðunar nema ráðið ákveði annað með áðurnefndum meirihluta eða samhljóða.

9. Ráðið skal kveða á um málsmeðferð þannig að aðili að stofnuninni, sem á ekki fulltrúa í ráðinu, geti sent fulltrúa til að sækja fund ráðsins þegar þessi aðili óskar þess eða mál, sem snertir hann sérstaklega, er til athugunar. Þessi fulltrúi skal hafa rétt til að taka þátt í umræðum en ekki atkvæðisrétt.

162. gr.
Vald og störf

1. Ráðið er framkvæmdadeild stofnunarinnar. Skal ráðið hafa vald til að móta, í samræmi við samning þennan og hina almennu stefnu sem þingið mótar, hina sérstöku stefnu sem stofnunin skal fylgja varðandi sérhvert málefni eða mál innan valdsviðs stofnunarinnar.

2. Auk þess skal ráðið:

a) hafa umsjón með og samræma framkvæmd ákvæða þessa hluta í öllum málefnum og málum innan valdsviðs stofnunarinnar og draga athygli þingsins að vanefndatilvikum;

and voting, provided that such majority includes a majority of the members of the Council: article 162, paragraph 1; article 162, paragraph 2, subparagraphs (a); (b); (c); (d); (e); (l); (q); (r); (s); (t); (u) in cases of non-compliance by a contractor or a sponsor; (w) provided that orders issued thereunder may be binding for not more than 30 days unless confirmed by a decision taken in accordance with subparagraph (d); article 162, paragraph 2, subparagraphs (x); (y); (z); article 163, paragraph 2; article 174, paragraph 3; Annex IV, article 11.

(d) Decisions on questions of substance arising under the following provisions shall be taken by consensus: article 162, paragraph 2(m) and (o); adoption of amendments to Part XI.

(e) For the purposes of subparagraphs (d), (f) and (g), "consensus" means the absence of any formal objection. Within 14 days of the submission of a proposal to the Council, the President of the Council shall determine whether there would be a formal objection to the adoption of the proposal. If the President determines that there would be such an objection, the President shall establish and convene, within three days following such determination, a conciliation committee consisting of not more than nine members of the Council, with the President as chairman, for the purpose of reconciling the differences and producing a proposal which can be adopted by consensus. The committee shall work expeditiously and report to the Council within 14 days following its establishment. If the committee is unable to recommend a proposal which can be adopted by consensus, it shall set out in its report the grounds on which the proposal is being opposed.

(f) Decisions on questions not listed above which the Council is authorized to take by the rules, regulations and procedures of the Authority or otherwise shall be taken pursuant to the subparagraphs of this paragraph specified in the rules, regulations and procedures or, if not specified therein, then pursuant to the subparagraph determined by the Council if possible in advance, by consensus.

(g) When the issue arises as to whether a question is within subparagraph (a), (b), (c) or (d), the question shall be treated as being within the subparagraph requiring the higher or highest majority or consensus as the case may be, unless otherwise decided by the Council by the said majority or by consensus.

9. The Council shall establish a procedure whereby a member of the Authority not represented on the Council may send a representative to attend a meeting of the Council when a request is made by such member, or a matter particularly affecting it is under consideration. Such a representative shall be entitled to participate in the deliberations but not to vote.

Article 162
Powers and functions

1. The Council is the executive organ of the Authority. The Council shall have the power to establish, in conformity with this Convention and the general policies established by the Assembly, the specific policies to be pursued by the Authority on any question or matter within the competence of the Authority.

2. In addition, the Council shall:

(a) supervise and co-ordinate the implementation of the provisions of this Part on all questions and matters within the competence of the Authority and invite the attention of the Assembly to cases of non-compliance;

b) gera tillögu til þingsins um skrá um frambjóðendur til kosningar aðalframkvæmdastjórans;
c) gera tillögur til þingsins um frambjóðendur til kosningar manna í stjórnarnefnd fyrirtækisins og aðalforstjóra fyrirtækisins;

d) stofnsetja, eftir því sem við á og með tilhlýðilegu tilliti til sparnaðar- og virknissjónarmiða, þær undirdeildir sem það telur nauðsynlegar til að framkvæma störf sín samkvæmt þessum hluta. Þegar skipað er í undirdeildir skal leggja áherslu á þörfina á mönnum með hæfileikum og réttindum að því er varðar viðeigandi tæknileg mál sem þessar deildir fjalla um enda skal hafa tilhlýðilega hliðsjón af meginreglunni um sanngjarna hnattsvæðisdreifingu og sérstökum hagsmunum;
e) setja sér fundarsköp, m. a. um aðferðina við val á forseta sínum;

f) gera fyrir hönd stofnunarinnar og innan valdsviðs síns samninga við Sameinuðu þjóðirnar eða aðrar alþjóðastofnanir með fyrirvara um samþykki þingsins;

g) athuga skýrslur fyrirtækisins og senda þinginu þær ásamt tillögum sínum;

h) leggja fyrir þingið ársskýrslur og þær sérstöku skýrslur sem þingið kann að biðja um;
i) gefa fyrirtækinu fyrirmæli samkvæmt 170. gr.;
j) samþykkja starfsáætlanir samkvæmt III. viðauka, 6. gr. Ráðið skal fjalla um sérhverja starfsáætlun á eftirfarandi hátt innan 60 daga frá því að laga- og tækninefndin leggur hana fram á fundi ráðsins:

i) ef nefndin leggur til að starfsáætlun sé samþykkt skal líta svo á að ráðið hafi samþykkt hana ef enginn fulltrúi í ráðinu leggur skriflega fyrir forsetann innan 14 daga sérstök mótmæli þar sem fullyrt er að kröfur III. viðauka, 6. gr., séu ekki uppfylltar. Ef mótmæli koma fram skal sáttameðferðin, sem greint er frá í 161. gr., 8. tl. e), gilda. Ef enn er haldið fast við mótmælin við lok sáttameðferðarinnar skal líta svo á að ráðið hafi samþykkt starfsáætlunina nema fulltrúarnir í ráðinu felli hana samhljóða í sínum hópi, að undanskildum fulltrúum frá ríki eða ríkjum sem leggja umsóknina fram eða styðja umsækjandann;

ii) ef nefndin leggur til að starfsáætlun sé felld eða gerir enga tillögu getur ráðið samþykkt starfsáætlunina með atkvæðum þriggja fjórðu fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði enda teljist meirihluti fulltrúanna, sem taka þátt í fundinum, til þessa meirihluta;

k) samþykkja starfsáætlanir, sem fyrirtækið leggur fram samkvæmt IV. viðauka, 12. gr., og beita þá að breyttu breytanda aðferðunum sem greint er frá í j-lið;

l) hafa eftirlit með starfsemi á svæðinu samkvæmt 153. gr., 4. tl., og reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar;

m) gera eftir tillögu efnahagsáætlananefndarinnar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 150. gr., h-lið, til að veita vernd gegn hinum óhagstæðu efnahagslegu áhrifum sem þar eru tiltekin;

(b) propose to the Assembly a list of candidates for the election of the Secretary-General;

(c) recommend to the Assembly candidates for the election of the members of the Governing Board of the Enterprise and the Director-General of the Enterprise;

(d) establish, as appropriate, and with due regard to economy and efficiency, such subsidiary organs as it finds necessary for the exercise of its functions in accordance with this Part. In the composition of subsidiary organs, emphasis shall be placed on the need for members qualified and competent in relevant technical matters dealt with by those organs provided that due account shall be taken of the principle of equitable geographical distribution and of special interests;

(e) adopt its rules of procedure including the method of selecting its president;

(f) enter into agreements with the United Nations or other international organizations on behalf of the Authority and within its competence, subject to approval by the Assembly;

(g) consider the reports of the Enterprise and transmit them to the Assembly with its recommendations;

(h) present to the Assembly annual reports and such special reports as the Assembly may request;

(i) issue directives to the Enterprise in accordance with article 170;

(j) approve plans of work in accordance with Annex III, article 6. The Council shall act upon each plan of work within 60 days of its submission by the Legal and Technical Commission at a session of the Council in accordance with the following procedures:

(i) if the Commission recommends the approval of a plan of work, it shall be deemed to have been approved by the Council if no member of the Council submits in writing to the President within 14 days a specific objection alleging non-compliance with the requirements of Annex III, article 6. If there is an objection, the conciliation procedure set forth in article 161, paragraph 8(e), shall apply. If, at the end of the conciliation procedure, the objection is still maintained, the plan of work shall be deemed to have been approved by the Council unless the Council disapproves it by consensus among its members excluding any State or States making the application or sponsoring the applicant;

(ii) if the Commission recommends the disapproval of a plan of work or does not make a recommendation, the Council may approve the plan of work by a three-fourths majority of the members present and voting, provided that such majority includes a majority of the members participating in the session;

(k) approve plans of work submitted by the Enterprise in accordance with Annex IV, article 12, applying, *mutatis mutandis*, the procedures set forth in subparagraph (j);

(l) exercise control over activities in the Area in accordance with article 153, paragraph 4, and the rules, regulations and procedures of the Authority;

(m) take, upon the recommendation of the Economic Planning Commission, necessary and appropriate measures in accordance with article 150, subparagraph (h), to provide protection from the adverse economic effects specified therein;

n) gera á grundvelli álits efnahagsáætlananefndarinnar tillögur til þingsins um bótakerfi eða aðrar ráðstafanir til að styðja efnahagslega aðlögun eins og kveðið er á um í 151. gr., 10. tl.;

o) i) gera tillögur til þingsins um reglur, reglugerðir og starfshætti varðandi sanngjarna skiptingu fjárhagslegra og annarra efnahagslegra hagsbóta sem eiga rætur að rekja til starfsemi á svæðinu, svo og greiðslnanna og framlaganna sem innt eru af hendi samkvæmt 82. gr., og skal þá taka sérstakt tillit til hagsmuna og þarfa þróunarríkjanna og þjóða sem hafa ekki öðlast fullt sjálfstæði né aðra sjálfstjórnarstöðu;

ii) móta og beita til bráðabirgða, þar til samþykki þingsins er fengið, reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar, og breytingum þar á, með hliðsjón af tillögum laga- og tækninefndarinnar eða annarrar hlutaðeigandi undirdeildar. Þessar reglur, reglugerðir og starfshættir skulu ná til jarðefnaleitar, rannsókna og hagnýtingar á svæðinu og til fjármálastjórnar og innri stjórnunar stofnunarinnar. Mótun reglna, reglugerða og starfshátta varðandi rannsóknir á fjölmálmsmolum og hagnýtingu þeirra skal hafa forgangsrétt. Reglur, reglugerðir og starfshætti varðandi rannsóknir á annarri auðlind en fjölmálmsmolum og hagnýtingu hennar skal móta innan þriggja ára frá þeim degi er einhver aðili að stofnuninni biður hana að móta slíkar reglur, reglugerðir og starfshætti að því er snertir þessa auðlind. Allar reglur, reglugerðir og starfshættir skulu gilda til bráðabirgða uns þingið veitir þeim samþykki sitt eða ráðið breytir þeim með tilliti til sjónarmiða sem þingið hefur látið í ljós;

p) athuga innheimtu allra greiðslna sem stofnunin á að inna af hendi eða fá í sambandi við framkvæmdir samkvæmt þessum hluta;

q) velja á milli umsækjenda um vinnsluleyfi samkvæmt III. viðauka, 7. gr., þar sem slíks vals er krafist í því ákvæði;

r) leggja fyrir þingið til samþykktar drög að árlegri fjárhagsáætlun stofnunarinnar;

s) gera tillögur til þingsins um stefnu varðandi sérhvert málefni eða mál innan valdsviðs stofnunarinnar;

t) gera tillögur til þingsins um að fresta beitingu réttinda og forréttinda samfara aðild samkvæmt 185. gr.;

u) höfða fyrir hönd stofnunarinnar mál fyrir hafsbotnsdeilnadeildinni í vanefndatilvikum;

v) tilkynna þinginu þegar hafsbotnsdeilnadeildin hefur kveðið upp úrskurð í máli sem höfðað er samkvæmt u-lið og gera hverja þá tillögu, sem það kann að telja viðeigandi, um ráðstafanir sem gera á;

w) gefa út neyðarfyrirmæli, sem geta falið í sér fyrirmæli um frestun framkvæmda eða breytingar á þeim, til að koma í veg fyrir alvarleg spjöll á hafrýminu af völdum starfsemi á svæðinu;

x) hafna því að verktakar eða fyrirtækið hafi svæði til hagnýtingar þegar svo háttar til að gildar sannanir gefa til kynna hættu á alvarlegum spjöllum á hafrýminu;

y) stofnsetja undirdeild til að semja drög að fjárhagslegum reglum, reglugerðum og starfsháttum viðvíkjandi:

(n) make recommendations to the Assembly, on the basis of advice from the Economic Planning Commission, for a system of compensation or other measures of economic adjustment assistance as provided in article 151, paragraph 10;

(o) (i) recommend to the Assembly rules, regulations and procedures on the equitable sharing of financial and other economic benefits derived from activities in the Area and the payments and contributions made pursuant to article 82, taking into particular consideration the interests and needs of the developing States and peoples who have not attained full independence or other self-governing status;

(ii) adopt and apply provisionally, pending approval by the Assembly, the rules, regulations and procedures of the Authority, and any amendments thereto, taking into account the recommendations of the Legal and Technical Commission or other subordinate organ concerned. These rules, regulations and procedures shall relate to prospecting, exploration and exploitation in the Area and the financial management and internal administration of the Authority. Priority shall be given to the adoption of rules, regulations and procedures for the exploration for and exploitation of polymetallic nodules. Rules, regulations and procedures for the exploration for and exploitation of any resource other than polymetallic nodules shall be adopted within three years from the date of a request to the Authority by any of its members to adopt such rules, regulations and procedures in respect of such resource. All rules, regulations and procedures shall remain in effect on a provisional basis until approved by the Assembly or until amended by the Council in the light of any views expressed by the Assembly;

(p) review the collection of all payments to be made by or to the Authority in connection with operations pursuant to this Part;

(q) make the selection from among applicants for production authorizations pursuant to Annex III, article 7, where such selection is required by that provision;

(r) submit the proposed annual budget of the Authority to the Assembly for its approval;

(s) make recommendations to the Assembly concerning policies on any question or matter within the competence of the Authority;

(t) make recommendations to the Assembly concerning suspension of the exercise of the rights and privileges of membership pursuant to article 185;

(u) institute proceedings on behalf of the Authority before the Sea-Bed Disputes Chamber in cases of non-compliance;

(v) notify the Assembly upon a decision by the Sea-Bed Disputes Chamber in proceedings instituted under subparagraph (u), and make any recommendations which it may find appropriate with respect to measures to be taken;

(w) issue emergency orders, which may include orders for the suspension or adjustment of operations, to prevent serious harm to the marine environment arising out of activities in the Area;

(x) disapprove areas for exploitation by contractors or the Enterprise in cases where substantial evidence indicates the risk of serious harm to the marine environment;

(y) establish a subsidiary organ for the elaboration of draft financial rules, regulations and procedures relating to:

i) fjármálastjórn samkvæmt 171.—175. gr.; og
ii) fjárhagsráðstöfunum samkvæmt III. viðauka, 13. gr. og 17. gr., 1. tl. c);

z) koma upp viðeigandi kerfi til að stjórna og hafa umsjón með eftirlitsmannaliði sem skal hafa eftirlit með starfsemi á svæðinu til að ganga úr skugga um það hvort farið sé eftir þessum hluta, reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar og skilmálum og skilyrðum sérhvers samnings við stofnunina.

163. gr.
Deildir ráðsins

1. Eftirfarandi deildir ráðsins eru hér með stofnsettar:
a) efnahagsáætlananefnd;
b) laga- og tækninefnd.

2. Hvor nefndin um sig skal skipuð 15 mönnum og kýs ráðið þá úr hópi frambjóðendanna sem aðildarríkin tilnefna. Ef nauðsyn krefur getur ráðið þó ákveðið að fjölga mönnum í hvorri nefndinni sem er með tilhlýðilegu tilliti til sparnaðar- og virknissjónarmiða.

3. Nefndarmenn skulu búnir viðeigandi hæfileikum á því sviði sem varðar vald nefndar þeirra. Aðildarríki skulu tilnefna frambjóðendur, sem uppfylla strängustu skilyrði um hæfni og heiðarleika og hafa hæfileika á viðkomandi sviðum, til að tryggja virka framkvæmd starfa í nefndunum.

4. Við kosningu nefndarmanna skal hafa tilhlýðilega hliðsjón af þörfinni á sanngjarnri hnattsvæðisdreifingu, svo og gæslu sérstakra hagsmuna.

5. Ekkert aðildarríki má tilnefna fleiri en einn frambjóðanda til sömu nefndarinnar. Engan mann skal kjósa til starfa í fleiri en einni nefnd.

6. Starfstími nefndarmanna skal vera fimm ár. Þeir skulu vera kjörgengir við endurkjör annað kjörtímabil.

7. Ef nefndarmaður deyr, verður óhæfur eða biðst lausnar fyrir lok starfstímans skal ráðið kjósa mann frá sama hnatt- eða hagsmunasvæði til loka starfstímans.

8. Nefndarmenn skulu ekki vera fjárhagslega riðnir við starfsemi sem snertir rannsóknir og hagnýtingu á svæðinu. Í samræmi við skyldur sínar gagnvart nefndunum, sem þeir starfa í, skulu þeir ekki, jafnvel ekki eftir að þeir hafa látið af störfum sínum, opinbera iðnaðarleyndarmál, eignarréttargögn sem stofnuninni eru afhent samkvæmt III. viðauka, 14. gr., né aðrar trúnaðarupplýsingar sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir stofnunina.

9. Hvor nefndin um sig skal framkvæma störf sín samkvæmt þeim leiðbeiningarreglum og fyrirmælum sem ráðið kann að samþykkja.

10. Hvor nefndin um sig skal semja og leggja fyrir ráðið til samþykktar þær reglur og reglugerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til virkrar framkvæmdar á störfum nefndarinnar.

11. Aðferðir nefndanna við ákvarðanatöku skal ákveða í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar. Ef nauðsyn krefur skal útdráttur um skoðanamun í nefndinni fylgja tillögum til ráðsins.

(i) financial management in accordance with articles 171 to 175; and

(ii) financial arrangements in accordance with Annex III, article 13 and article 17, paragraph 1(c);

(z) establish appropriate mechanisms for directing and supervising a staff of inspectors who shall inspect activities in the Area to determine whether this Part, the rules, regulations and procedures of the Authority, and the terms and conditions of any contract with the Authority are being complied with.

Article 163
Organs of the Council

1. There are hereby established the following organs of the Council:

(a) an Economic Planning Commission;

(b) a Legal and Technical Commission.

2. Each Commission shall be composed of 15 members, elected by the Council from among the candidates nominated by the States Parties. However, if necessary, the Council may decide to increase the size of either Commission having due regard to economy and efficiency.

3. Members of a Commission shall have appropriate qualifications in the area of competence of that Commission. States Parties shall nominate candidates of the highest standards of competence and integrity with qualifications in relevant fields so as to ensure the effective exercise of the functions of the Commissions.

4. In the election of members of the Commissions, due account shall be taken of the need for equitable geographical distribution and the representation of special interests.

5. No State Party may nominate more than one candidate for the same Commission. No person shall be elected to serve on more than one Commission.

6. Members of the Commissions shall hold office for a term of five years. They shall be eligible for re-election for a further term.

7. In the event of the death, incapacity or resignation of a member of a Commission prior to the expiration of the term of office, the Council shall elect for the remainder of the term, a member from the same geographical region or area of interest.

8. Members of Commissions shall have no financial interest in any activity relating to exploration and exploitation in the Area. Subject to their responsibilities to the Commissions upon which they serve, they shall not disclose, even after the termination of their functions, any industrial secret, proprietary data which are transferred to the Authority in accordance with Annex III, article 14, or any other confidential information coming to their knowledge by reason of their duties for the Authority.

9. Each Commission shall exercise its functions in accordance with such guidelines and directives as the Council may adopt.

10. Each Commission shall formulate and submit to the Council for approval such rules and regulations as may be necessary for the efficient conduct of the Commission's functions.

11. The decision-making procedures of the Commissions shall be established by the rules, regulations and procedures of the Authority. Recommendations to the Council shall, where necessary, be accompanied by a summary on the divergencies of opinion in the Commission.

12. Hvor nefndin um sig skal venjulega starfa á aðsetursstað stofnunarinnar og skal koma saman eins oft og þörf krefur til virkrar framkvæmdar á störfum sínum.

13. Við framkvæmd starfa sinna getur hvor nefndin um sig, þar sem við á, ráðgast við aðra nefnd, sérhverja þar til bæra stofnun Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra ellegar sérhverja alþjóðastofnun með valdi á viðkomandi samráðssviði.

164. gr.
Efnahagsáætlananefndin

1. Fulltrúar í efnahagsáætlananefndinni skulu búnir viðeigandi hæfileikum, svo sem að því er viðkemur jarðefnavinnslu, stjórnun starfsemi sem snertir jarðefnaauðlindir, alþjóðaviðskiptum eða alþjóðlegum efnahagsmálum. Ráðið skal leitast við að tryggja að nefndin hafi á að skipa fulltrúum með öllum viðeigandi hæfileikum. Í nefndinni skulu vera a. m. k. tveir fulltrúar frá þróunarríkjum þar sem útflutningur á flokkum jarðefna, sem fást munu af svæðinu, hefur verulega þýðingu fyrir efnahaginn.

2. Nefndin skal:

a) gera að beiðni ráðsins tillögur um ráðstafanir til að framkvæma ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt samningi þessum og snerta starfsemi á svæðinu;

b) athuga þróun framboðs, eftirspurnar og verðs á jarðefnum á svæðinu, svo og atriði sem hafa áhrif þar á, með hagsmuni bæði innflutnings- og útflutningslanda í huga, og einkum þróunarríkjanna í þeirra hópi;

c) rannsaka sérhvert ástand sem líklegt er að haft geti hin óhagstæðu áhrif, sem getið er í 150. gr., h-lið, og eitt eða fleiri af viðkomandi aðildarríkjum hafa vakið athygli hennar á, svo og gera viðeigandi tillögur til ráðsins;

d) gera tillögur til ráðsins, sem lagðar séu fyrir þingið eins og kveðið er á um í 151. gr., 10. tl., um bótakerfi eða aðrar ráðstafanir til að styðja efnahagslega aðlögun vegna þróunarríkja sem verða fyrir óhagstæðum áhrifum af völdum starfsemi á svæðinu. Nefndin skal gera nauðsynlegar tillögur til ráðsins viðvíkjandi framkvæmd kerfisins eða annarra ráðstafana sem þingið hefur samþykkt í einstökum tilvikum.

165. gr.
Laga- og tækninefndin

1. Fulltrúar í laga- og tækninefndinni skulu búnir viðeigandi hæfileikum, svo sem að því er viðkemur rannsóknum á jarðefnaauðlindum og hagnýtingu og vinnslu þeirra, haffræði, verndun hafrýmisins ellegar efnahagslegum eða lagalegum atriðum sem snerta jarðefnavinnslu á sjó og skyld sérfræðisvið. Ráðið skal leitast við að tryggja að nefndin hafi á að skipa fulltrúum með öllum viðeigandi hæfileikum.

2. Nefndin skal:

a) gera að beiðni ráðsins tillögur um framkvæmd á störfum stofnunarinnar;

b) athuga formlegar, skriflegar starfsáætlanir varðandi starfsemi á svæðinu samkvæmt 153. gr., 3. tl., og leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið. Nefndin skal

12. Each Commission shall normally function at the seat of the Authority and shall meet as often as is required for the efficient exercise of its functions.

13. In the exercise of its functions, each Commission may, where appropriate, consult another commission, any competent organ of the United Nations or of its specialized agencies or any international organizations with competence in the subject-matter of such consultation.

Article 164
The Economic Planning Commission

1. Members of the Economic Planning Commission shall have appropriate qualifications such as those relevant to mining, management of mineral resource activities, international trade or international economics. The Council shall endeavour to ensure that the membership of the Commission reflects all appropriate qualifications. The Commission shall include at least two members from developing States whose exports of the categories of minerals to be derived from the Area have a substantial bearing upon their economies.

2. The Commission shall:

(a) propose, upon the request of the Council, measures to implement decisions relating to activities in the Area taken in accordance with this Convention;

(b) review the trends of and the factors affecting supply, demand and prices of minerals derived from the Area, bearing in mind the interests of both importing and exporting countries, and in particular of the developing States among them;

(c) examine any situation likely to lead to the adverse effects referred to in article 150, subparagraph (h), brought to its attention by the State Party or States Parties concerned, and make appropriate recommendations to the Council;

(d) propose to the Council for submission to the Assembly, as provided in article 151, paragraph 10, a system of compensation or other measures of economic adjustment assistance for developing States which suffer adverse effects caused by activities in the Area. The Commission shall make the recommendations to the Council that are necesssary for the application of the system or other measures adopted by the Assembly in specific cases.

Article 165
The Legal and Technical Commission

1. Members of the Legal and Technical Commission shall have appropriate qualifications such as those relevant to exploration for and exploitation and processing of mineral resources, oceanology, protection of the marine environment, or economic or legal matters relating to ocean mining and related fields of expertise. The Council shall endeavour to ensure that the membership of the Commission reflects all appropriate qualifications.

2. The Commission shall:

(a) make recommendations with regard to the exercise of the Authority's functions upon the request of the Council;

(b) review formal written plans of work for activities in the Area in accordance with article 153, paragraph 3, and submit appropriate recommen-

eingöngu byggja tillögur sínar á ástæðunum, sem greindar eru í III. viðauka, og skal gefa ráðinu ítarlega skýrslu þar um;

c) hafa að beiðni ráðsins umsjón með starfsemi á svæðinu, þar sem við á, í samráði og samstarfi við sérhvern aðila, sem stundar þessa starfsemi, eða viðkomandi ríki, eitt eða fleiri, og skal gefa ráðinu skýrslu;
d) meta umhverfisáhrif starfsemi á svæðinu;

e) gera tillögur til ráðsins um verndun hafrýmisins með hliðsjón af skoðunum viðurkenndra sérfræðinga á því sviði;

f) móta og leggja fyrir ráðið reglurnar, reglugerðirnar og starfshættina, sem getið er í 162. gr., 2. tl. o), með hliðsjón af öllum viðeigandi atriðum, m. a. mati á umhverfisáhrifum starfsemi á svæðinu;

g) endurskoða þessar reglur, reglugerðir og starfshætti og gera öðru hverju tillögur til ráðsins um þær breytingar á þeim sem hún kann að álíta nauðsynlegar eða æskilegar;
h) gera tillögur til ráðsins um gerð eftirlitsáætlunar til að fylgjast með, mæla, meta og skýra reglulega með viðurkenndum vísindalegum aðferðum hættur eða áhrif mengunar hafrýmisins af völdum starfsemi á svæðinu, tryggja að gildandi reglugerðir séu fullnægjandi og að farið sé eftir þeim og samræma framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar sem ráðið hefur samþykkt;

i) gera tillögu til ráðsins um að fyrir hönd stofnunarinnar sé höfðað mál fyrir hafsbotnsdeilnadeildinni samkvæmt þessum hluta og viðeigandi viðaukum, einkum með hliðsjón af 187. gr.;
j) gera tillögur til ráðsins um ráðstafanir sem gera á þegar hafsbotnsdeilnadeildin hefur kveðið upp úrskurð í máli sem höfðað er samkvæmt i-lið;

k) gera tillögur til ráðsins um að gefa út neyðarfyrirmæli, sem geta falið í sér fyrirmæli um frestun framkvæmda eða breytingar á þeim, til að koma í veg fyrir alvarleg spjöll á hafrýminu af völdum starfsemi á svæðinu. Ráðið skal taka þessar tillögur til meðferðar sem forgangsmál;

l) gera tillögur til ráðsins um að hafna því að verktakar eða fyrirtækið hafi svæði til hagnýtingar þegar svo háttar til að gildar sannanir gefa til kynna hættu á alvarlegum skaða á hafrýminu;
m) gera tillögur til ráðsins um stjórn á og umsjón með eftirlitsmannaliði sem skal hafa eftirlit með starfsemi á svæðinu til að ganga úr skugga um það hvort farið sé eftir ákvæðum þessa hluta, reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar og skilmálum og skilyrðum sérhvers samnings við stofnunina;

n) reikna framleiðsluhámarkið og veita vinnsluleyfi fyrir hönd stofnunarinnar samkvæmt 151. gr., 2.—7. tl., eftir að ráðið hefur framkvæmt nauðsynlegt val á milli umsækjenda um vinnsluleyfi samkvæmt III. viðauka, 7. gr.

3. Að beiðni aðildarríkis eða annars viðkomandi aðila skal fulltrúi þess ríkis eða annars viðkomandi aðila vera í fylgd með fulltrúunum í nefndinni þegar þeir stunda umsjónar- og eftirlitsstarf sitt.

dations to the Council. The Commission shall base its recommendations solely on the grounds stated in Annex III and shall report fully thereon to the Council;

(c) supervise, upon the request of the Council, activities in the Area, where appropriate, in consultation and collaboration with any entity carrying out such activities or State or States concerned and report to the Council;

(d) prepare assessments of the environmental implications of activities in the Area;

(e) make recommendations to the Council on the protection of the marine environment, taking into account the views of recognized experts in that field;

(f) formulate and submit to the Council the rules, regulations and procedures referred to in article 162, paragraph 2(o), taking into account all relevant factors including assessments of the environmental implications of activities in the Area;

(g) keep such rules, regulations and procedures under review and recommend to the Council from time to time such amendments thereto as it may deem necessary or desirable;

(h) make recommendations to the Council regarding the establishment of a monitoring programme to observe, measure, evaluate and analyse, by recognized scientific methods, on a regular basis, the risks or effects of pollution of the marine environment resulting from activities in the Area, ensure that existing regulations are adequate and are complied with and co-ordinate the implementation of the monitoring programme approved by the Council;

(i) recommend to the Council that proceedings be instituted on behalf of the Authority before the Sea-Bed Disputes Chamber, in accordance with this Part and the relevant Annexes taking into account particularly article 187;

(j) make recommendations to the Council with respect to measures to be taken, upon a decision by the Sea-Bed Disputes Chamber in proceedings instituted in accordance with subparagraph (i);

(k) make recommendations to the Council to issue emergency orders, which may include orders for the suspension or adjustment of operations, to prevent serious harm to the marine environment arising out of activities in the Area. Such recommendations shall be taken up by the Council on a priority basis;

(l) make recommendations to the Council to disapprove areas for exploitation by contractors or the Enterprise in cases where substantial evidence indicates the risk of serious harm to the marine environment;

(m) make recommendations to the Council regarding the direction and supervision of a staff of inspectors who shall inspect activities in the Area to determine whether the provisions of this Part, the rules, regulations and procedures of the Authority, and the terms and conditions of any contract with the Authority are being complied with;

(n) calculate the production ceiling and issue production authorizations on behalf of the Authority pursuant to article 151, paragraphs 2 to 7, following any necessary selection among applicants for production authorizations by the Council in accordance with Annex III, article 7.

3. The members of the Commission shall, upon request by any State Party or other party concerned, be accompanied by a representative of such State or other party concerned when carrying out their function of supervision and inspection.

D-LIÐUR. SKRIFSTOFAN

166. gr.
Skrifstofan

1. Skrifstofa stofnunarinnar skal skipuð aðalframkvæmdastjóra og því starfsliði sem stofnunin kann að þarfnast.

2. Þingið skal kjósa aðalframkvæmdastjórann til fjögurra ára úr hópi frambjóðendanna sem ráðið gerir tillögur um og má endurkjósa hann.

3. Aðalframkvæmdastjórinn skal vera æðsti embættismaður stjórnarliðs stofnunarinnar og skal hann sitja sem slíkur alla fundi þingsins, ráðsins og sérhverrar undirdeildar og rækja önnur þau stjórnunarstörf sem þessar deildir fela honum.

4. Aðalframkvæmdastjórinn skal árlega gefa þinginu skýrslu um starf stofnunarinnar.

167. gr.
Starfslið stofnunarinnar

1. Í starfsliði stofnunarinnar skulu vera eins margir hæfir vísinda- og tæknistarfsmenn og aðrir starfsmenn og þörf kann að vera á til að vinna stjórnunarstörf stofnunarinnar.

2. Höfuðatriðið við ráðningu og skipun starfsliðsins og ákvörðun um starfskjör þess skal vera nauðsyn þess að tryggja að ströngustu skilyrði um dugnað, hæfni og heiðarleika séu uppfyllt. Í samræmi við þetta atriði skal taka tilhlýðilegt tillit til þess að mikilvægt er að ráða starfsliðið á eins breiðum hnattsvæðisgrundvelli og unnt er.

3. Aðalframkvæmdastjórinn skal skipa starfsliðið. Skilmálarnir og skilyrðin, sem gilda skulu um skipun, laun og lausn þess, skulu vera í samræmi við reglur, reglugerðir og starfshætti stofnunarinnar.

168. gr.
Alþjóðlegt eðli skrifstofunnar

1. Við framkvæmd skyldustarfa sinna skulu aðalframkvæmdastjórinn og starfsmennirnir ekki leita fyrirmæla hjá né taka við fyrirmælum frá nokkurri ríkisstjórn né nokkrum öðrum aðila utan stofnunarinnar. Þeir skulu forðast að hafast nokkuð það að er varpað getur rýrð á stöðu þeirra sem alþjóðlegra embættismanna, ábyrgra gagnvart stofnuninni einvörðungu. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að virða óskipt alþjóðlegt eðli skyldna aðalframkvæmdastjórans og starfsmannanna og freista þess ekki að hafa áhrif á þá er þeir rækja skyldur sínar. Brot starfsmanns á skyldum skal leggja fyrir viðeigandi stjórnunardóm eins og kveðið er á um í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar.

2. Aðalframkvæmdastjórinn og starfsmennirnir skulu ekki vera fjárhagslega riðnir við starfsemi sem snertir rannsóknir og hagnýtingu á sviðinu. Í samræmi við skyldur sínar gagnvart stofnuninni skulu þeir ekki, jafnvel ekki eftir að þeir hafa látið af störfum sínum, opinbera iðnaðarleyndarmál, eignarréttargögn sem stofnuninni eru afhent samkvæmt III. viðauka, 14. gr., né aðrar trúnaðarupplýsingar sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir stofnunina.

3. Mál vegna brota starfsmanns stofnunarinnar á skyldunum, sem greint er frá í 2. tl., skal stofnunin, að beiðni aðildarríkis, sem þolir þetta brot, ellegar

SUBSECTION D. THE SECRETARIAT

Article 166
The Secretariat

1. The Secretariat of the Authority shall comprise a Secretary-General and such staff as the Authority may require.

2. The Secretary-General shall be elected for four years by the Assembly from among the candidates proposed by the Council and may be re-elected.

3. The Secretary-General shall be the chief administrative officer of the Authority, and shall act in that capacity in all meetings of the Assembly, of the Council and of any subsidiary organ, and shall perform such other administrative functions as are entrusted to the Secretary-General by these organs.

4. The Secretary-General shall make an annual report to the Assembly on the work of the Authority.

Article 167
The staff of the Authority

1. The staff of the Authority shall consist of such qualified scientific and technical and other personnel as may be required to fulfil the administrative functions of the Authority.

2. The paramount consideration in the recruitment and employment of the staff and in the determination of their conditions of service shall be the necessity of securing the highest standards of efficiency, competence and integrity. Subject to this consideration, due regard shall be paid to the importance of recruiting the staff on as wide a geographical basis as possible.

3. The staff shall be appointed by the Secretary-General. The terms and conditions on which they shall be appointed, remunerated and dismissed shall be in accordance with the rules, regulations and procedures of the Authority.

Article 168
International character of the Secretariat

1. In the performance of their duties the Secretary-General and the staff shall not seek or receive instructions from any government or from any other source external to the Authority. They shall refrain from any action which might reflect on their position as international officials responsible only to the Authority. Each State Party undertakes to respect the exclusively international character of the responsibilities of the Secretary-General and the staff and not to seek to influence them in the discharge of their responsibilities. Any violation of responsibilities by a staff member shall be submitted to the appropriate administrative tribunal as provided in the rules, regulations and procedures of the Authority.

2. The Secretary-General and the staff shall have no financial interest in any activity relating to exploration and exploitation in the Area. Subject to their responsibilities to the Authority, they shall not disclose, even after the termination of their functions, any industrial secret, proprietary data which are transferred to the Authority in accordance with Annex III, article 14, or any other confidential information coming to their knowledge by reason of their employment with the Authority.

3. Violations of the obligations of a staff member of the Authority set forth in paragraph 2 shall, on the request of a State Party affected by such violation,

einstaklings eða lögpersónu sem aðildarríki styður samkvæmt 153. gr., 2. tl. b), og þolir þetta brot, höfða á hendur viðkomandi starfsmanni fyrir dómi sem tiltekinn er í reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar. Aðilinn, sem er þolandi, skal hafa rétt til að taka þátt í málinu. Aðalframkvæmdastjórinn skal leysa viðkomandi starfsmann frá störfum ef dómurinn leggur það til.

4. Reglur, reglugerðir og starfshættir stofnunarinnar skulu geyma þau ákvæði sem nauðsynleg eru til að framkvæma þessa grein.

169. gr.
Samráð og samstarf við alþjóðastofnanir og stofnanir sem ríkisstjórnir standa ekki að

1. Í málum innan valdsviðs stofnunarinnar skal aðalframkvæmdastjórinn með samþykki ráðsins gera viðeigandi samninga varðandi samráð og samstarf við alþjóðastofnanir og stofnanir sem ríkisstjórnir standa ekki að og fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna viðurkennir.

2. Stofnun, sem aðalframkvæmdastjórinn hefur gert samning við samkvæmt 1. tl., getur tilnefnt fulltrúa til að sækja fundi deilda stofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúar samkvæmt fundarsköpum þessara deilda. Móta skal starfshætti til að afla álits þessara stofnana í viðeigandi tilvikum.

3. Aðalframkvæmdastjórinn getur dreift til aðildarríkja skriflegum skýrslum frá stofnununum, sem ríkisstjórnir standa ekki að og getið er í 1. tl., varðandi efni sem þær eru sérhæfðar í og tengjast starfi stofnunarinnar.

E-LIÐUR. FYRIRTÆKIÐ

170. gr.
Fyrirtækið

1. Fyrirtækið skal vera sú deild stofnunarinnar sem stunda skal starfsemi á svæðinu beint samkvæmt 153. gr., 2. tl. a), svo og flutning, vinnslu og sölu jarðefna sem nást af svæðinu.

2. Innan ramma þjóðréttaraðildar stofnunarinnar skal fyrirtækið njóta þess gerhæfis sem kveðið er á um í samþykktunum í IV. viðauka. Fyrirtækið skal starfa samkvæmt samningi þessum og reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar, svo og hinni almennu stefnu sem þingið mótar, og skal háð fyrirmælum og eftirliti ráðsins.

3. Aðalstarfstöð fyrirtækisins skal vera á aðsetursstað stofnunarinnar.

4. Samkvæmt 173. gr., 2. tl., og IV. viðauka, 11. gr., skal veita fyrirtækinu það fé sem það kann að þarfnast til að stunda störf sín og miðla skal því tækni eins og kveðið er á um í 144. gr. og öðrum viðeigandi ákvæðum samnings þessa.

or a natural or juridical person, sponsored by a State Party as provided in article 153, paragraph 2(b), and affected by such violation, be submitted by the Authority against the staff member concerned to a tribunal designated by the rules, regulations and procedures of the Authority. The Party affected shall have the right to take part in the proceedings. If the tribunal so recommends, the Secretary-General shall dismiss the staff member concerned.

4. The rules, regulations and procedures of the Authority shall contain such provisions as are necessary to implement this article.

Article 169
Consultation and co-operation with international and non-governmental organizations

1. The Secretary-General shall, on matters within the competence of the Authority, make suitable arrangements, with the approval of the Council, for consultation and co-operation with international and non-governmental organizations recognized by the Economic and Social Council of the United Nations.

2. Any organization with which the Secretary-General has entered into an arrangement under paragraph 1 may designate representatives to attend meetings of the organs of the Authority as observers in accordance with the rules of procedure of these organs. Procedures shall be established for obtaining the views of such organizations in appropriate cases.

3. The Secretary-General may distribute to States Parties written reports submitted by the non-governmental organizations referred to in paragraph 1 on subjects in which they have special competence and which are related to the work of the Authority.

SUBSECTION E. THE ENTERPRISE

Article 170
The Enterprise

1. The Enterprise shall be the organ of the Authority which shall carry out activities in the Area directly, pursuant to article 153, paragraph 2(a), as well as the transporting, processing and marketing of minerals recovered from the Area.

2. The Enterprise shall, within the framework of the international legal personality of the Authority, have such legal capacity as is provided for in the Statute set forth in Annex IV. The Enterprise shall act in accordance with this Convention and the rules, regulations and procedures of the Authority, as well as the general policies established by the Assembly, and shall be subject to the directives and control of the Council.

3. The Enterprise shall have its principal place of business at the seat of the Authority.

4. The Enterprise shall, in accordance with article 173, paragraph 2, and Annex IV, article 11, be provided with such funds as it may require to carry out its functions, and shall receive technology as provided in article 144 and other relevant provisions of this Convention.

F-LIÐUR. FJÁRHAGSRÁÐSTAFANIR STOFNUNARINNAR

171. gr.
Fé stofnunarinnar

Til fjár stofnunarinnar skal telja:

a) ákveðin framlög sem aðilar að stofnuninni greiða samkvæmt 160. gr., 2. tl. e);

Ef dómurinn kveður ekki á um annað skal sérhver aðili greiða sinn eiginn málskostnað.

Article 29
Majority for decision

1. All questions shall be decided by a majority of the members of the Tribunal who are present.

2. In the event of an equality of votes, the President or the member of the Tribunal who acts in his place shall have a casting vote.

Article 30
Judgment

1. The judgment shall state the reasons on which it is based.

2. It shall contain the names of the members of the Tribunal who have taken part in the decision.

3. If the judgment does not represent in whole or in part the unanimous opinion of the members of the Tribunal, any member shall be entitled to deliver a separate opinion.

4. The judgment shall be signed by the President and by the Registrar. It shall be read in open court, due notice having been given to the parties to the dispute.

Article 31
Request to intervene

1. Should a State Party consider that it has an interest of a legal nature which may be affected by the decision in any dispute, it may submit a request to the Tribunal to be permitted to intervene.

2. It shall be for the Tribunal to decide upon this request.

3. If a request to intervene is granted, the decision of the Tribunal in respect of the dispute shall be binding upon the intervening State Party in so far as it relates to matters in respect of which that State Party intervened.

Article 32
Right to intervene in cases of interpretation or application

1. Whenever the interpretation or application of this Convention is in question, the Registrar shall notify all States Parties forthwith.

2. Whenever pursuant to article 21 or 22 of this Annex the interpretation or application of an international agreement is in question, the Registrar shall notify all the parties to the agreement.

3. Every party referred to in paragraphs 1 and 2 has the right to intervene in the proceedings; if it uses this right, the interpretation given by the judgment will be equally binding upon it.

Article 33
Finality and binding force of decisions

1. The decision of the Tribunal is final and shall be complied with by all the parties to the dispute.

2. The decision shall have no binding force except between the parties in respect of that particular dispute.

3. In the event of dispute as to the meaning or scope of the decision, the Tribunal shall construe it upon the request of any party.

Article 34
Costs

Unless otherwise decided by the Tribunal, each party shall bear its own costs.

4. KAFLI. HAFSBOTNSDEILNADEILD

35. gr.
Skipun

1. Hafsbotnsdeilnadeildin, sem getið er í 14. gr. þessa viðauka, skal skipuð 11 dómurum sem meirihluti kjörinna dómara velur úr sínum hópi.

2. Við val dómara deildarinnar skal tryggja að fulltrúar séu frá helstu réttarkerfum heimsins, svo og sanngjarna hnattsvæðisdreifingu. Þing stofnunarinnar getur samþykkt tillögur almenns eðlis um þessa fulltrúa og dreifingu.

3. Dómara deildarinnar skal velja þriðja hvert ár og má velja þá annað starfstímabil.

4. Deildin skal kjósa sér forseta úr hópi dómara sinna og skal hann starfa tímann sem deildin hefur verið valin til.

5. Ef máli er enn ólokið að liðnu þriggja ára tímabili sem deildin hefur verið valin til skal deildin, eins og hún var upphaflega skipuð, ljúka málinu.

6. Ef sæti verður autt í deildinni skal dómurinn velja úr hópi kjörinna dómara sinna eftirmann sem skal gegna störfum það sem eftir er af starfstíma fyrirrennara síns.

7. Sjö dómarar, sem dómurinn velur, skulu vera nauðsynlegt skilyrði fyrir ályktunarhæfi deildarinnar.

36. gr.
Sérmálsdeildir

1. Hafsbotnsdeilnadeildin skal stofna sérmálsdeild, skipaða þremur dómurum sínum, til að fjalla um einstakt deilumál sem lagt er fyrir hana samkvæmt 188. gr., 1. tl. b). Hafsbotnsdeilnadeildin skal ákveða skipun þessarar deildar með samþykki aðilanna.

2. Ef aðilarnir koma sér ekki saman um skipun sérmálsdeildar skal hvor aðili deilumálsins um sig skipa einn dómara og með samkomulagi sín á milli skulu þeir skipa þriðja dómarann. Ef þeir eru ósammála eða aðili lætur undir höfuð leggjast að framkvæma skipun skal forseti hafsbotnsdeilnadeildarinnar tafarlaust framkvæma skipunina eða skipanirnar úr hópi dómara hennar að höfðu samráði við aðilana.

3. Dómarar sérmálsdeildarinnar mega ekki vera í þjónustu nokkurra aðila deilumálsins né ríkisborgarar þeirra.

37. gr.
Aðild

Aðildarríkin, stofnunin og hinir aðilarnir, sem getið er í XI. hluta, 5. kafla, geta átt aðild að máli fyrir deildinni.

38. gr.
Réttarreglur sem beitt er

Auk ákvæða 293. gr. skal deildin beita:

a) reglum, reglugerðum og starfsháttum stofnunarinnar sem mótaðir eru samkvæmt samningi þessum; og

SECTION 4. SEA-BED DISPUTES CHAMBER

Article 35
Composition

1. The Sea-Bed Disputes Chamber referred to in article 14 of this Annex shall be composed of 11 members, selected by a majority of the elected members of the Tribunal from among them.

2. In the selection of the members of the Chamber, the representation of the principal legal systems of the world and equitable geographical distribution shall be assured. The Assembly of the Authority may adopt recommendations of a general nature relating to such representation and distribution.

3. The members of the Chamber shall be selected every three years and may be selected for a second term.

4. The Chamber shall elect its President from among its members, who shall serve for the term for which the Chamber has been selected.

5. If any proceedings are still pending at the end of any three-year period for which the Chamber has been selected, the Chamber shall complete the proceedings in its original composition.

6. If a vacancy occurs in the Chamber, the Tribunal shall select a successor from among its elected members, who shall hold office for the remainder of his predecessor's term.

7. A quorum of seven of the members selected by the Tribunal shall be required to constitute the Chamber.

Article 36
Ad hoc chambers

1. The Sea-Bed Disputes Chamber shall form an *ad hoc* chamber, composed of three of its members, for dealing with a particular dispute submitted to it in accordance with article 188, paragraph 1(b). The composition of such a chamber shall be determined by the Sea-Bed Disputes Chamber with the approval of the parties.

2. If the parties do not agree on the composition of an *ad hoc* chamber, each party to the dispute shall appoint one member, and the third member shall be appointed by them in agreement. If they disagree, or if any party fails to make an appointment, the President of the Sea-Bed Disputes Chamber shall promptly make the appointment or appointments from among its members, after consultation with the parties.

3. Members of the *ad hoc* chamber must not be in the service of, or nationals of, any of the parties to the dispute.

Article 37
Access

The Chamber shall be open to the States Parties, the Authority and the other entities referred to in Part XI, section 5.

Article 38
Applicable law

In addition to the provisions of article 293, the Chamber shall apply:

(a) the rules, regulations and procedures of the Authority adopted in accordance with this Convention; and

b) ákvæðum samninga varðandi starfsemi á svæðinu í málum sem snerta þá samninga.

39. gr.
Fullnusta úrskurða deildarinnar

Úrskurðum deildarinnar má fullnægja í löndum aðildarríkjanna á sama hátt og dómum eða úrskurðum æðsta dómstóls í landi aðildarríkisins þar sem fullnustu er leitað.

40. gr.
Gildissvið annarra kafla þessa viðauka

1. Aðrir kaflar þessa viðauka, sem eru ekki ósamrýmanlegir þessum kafla, gilda um deildina.

2. Þegar deildin starfar að álitsgerðum skal hún fara eftir ákvæðum þessa viðauka um málsmeðferð fyrir dóminum að því leyti sem hún telur þeim verða beitt.

5. KAFLI. BREYTINGAR

41. gr.
Breytingar

1. Aðrar breytingar á þessum viðauka en breytingar á 4. kafla má aðeins samþykkja samkvæmt 313. gr. eða samhljóða á ráðstefnu sem boðað er til samkvæmt samningi þessum.

2. Breytingar á 4. kafla má aðeins samþykkja samkvæmt 314. gr.

3. Dómurinn getur með skriflegum orðsendingum til aðildarríkjanna, til athugunar í samræmi við 1. og 2. tl., gert þær tillögur um breytingar á þessari samþykkt sem hann kann að telja nauðsynlegar.

VII. VIÐAUKI. GERÐ

1. gr.
Höfðun máls

Í samræmi við ákvæði XV. hluta getur aðili deilumáls með skriflegri tilkynningu, sem stíluð er á hinn eða hina aðila deilumálsins, látið deilumálið sæta gerðardómsmeðferðinni sem kveðið er á um í þessum viðauka. Tilkynningunni skal fylgja greinargerð um kröfuna og ástæðurnar sem hún er byggð á.

2. gr.
Skrá um gerðarmenn

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera og halda skrá um gerðarmenn. Sérhverju aðildarríki skal heimilt að tilnefna fjóra gerðarmenn og

(b) the terms of contracts concerning activities in the Area in matters relating to those contracts.

Article 39
Enforcement of decisions of the Chamber

The decisions of the Chamber shall be enforceable in the territories of the States Parties in the same manner as judgments or orders of the highest court of the State Party in whose territory the enforcement is sought.

Article 40
Applicability of other sections of this Annex

1. The other sections of this Annex which are not incompatible with this section apply to the Chamber.

2. In the exercise of its functions relating to advisory opinions, the Chamber shall be guided by the provisions of this Annex relating to procedure before the Tribunal to the extent to which it recognizes them to be applicable.

SECTION 5. AMENDMENTS

Article 41
Amendments

1. Amendments to this Annex, other than amendments to section 4, may be adopted only in accordance with article 313 or by consensus at a conference convened in accordance with this Convention.

2. Amendments to section 4 may be adopted only in accordance with article 314.

3. The Tribunal may propose such amendments to this Statute as it may consider necessary, by written communications to the States Parties for their consideration in conformity with paragraphs 1 and 2.

ANNEX VII. ARBITRATION

Article 1
Institution of proceedings

Subject to the provisions of Part XV, any party to a dispute may submit the dispute to the arbitral procedure provided for in this Annex by written notification addressed to the other party or parties to the dispute. The notification shall be accompanied by a statement of the claim and the grounds on which it is based.

Article 2
List of arbitrators

1. A list of arbitrators shall be drawn up and maintained by the Secretary-General of the United Nations. Every State Party shall be entitled to nominate

skal hver þeirra hafa reynslu í málefnum hafsins og vera í mjög miklu áliti sakir réttsýni, hæfni og heiðarleika. Skráin skal felast í nöfnum þannig tilnefndra manna.

2. Ef gerðarmennirnir, sem aðildarríki hefur tilnefnt, eru einhvern tíma færri en fjórir á þannig gerðri skrá skal því aðildarríki heimilt að koma með fleiri tilnefningar eftir þörfum.

3. Nafn gerðarmanns skal vera á skránni þar til aðildarríkið, sem kom með tilnefninguna, afturkallar hana enda skal þessi gerðarmaður starfa áfram í gerðardómi sem hann hefur verið skipaður í uns málinu fyrir þeim gerðardómi lýkur.

3. gr.
Skipun gerðardóms

Í málum samkvæmt þessum viðauka skal gerðardómurinn skipaður á eftirfarandi hátt nema aðilarnir komi sér saman um annað:

a) Gerðardómurinn skal skipaður fimm mönnum, samanber þó g-lið.

b) Aðilinn, sem höfðar málið, skal skipa einn mann, helst valinn af skránni sem getið er í 2. gr. þessa viðauka, og má sá vera ríkisborgari hans. Tilkynningin, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, skal geyma skipunina.

c) Hinn aðili deilumálsins skal innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, skipa einn mann, helst valinn af skránni, og má sá vera ríkisborgari hans. Ef skipunin er ekki framkvæmd innan þess tíma getur aðilinn, sem höfðar málið, innan tveggja vikna frá lokum þess tíma, óskað þess að skipunin sé framkvæmd samkvæmt e-lið.

d) Hina mennina þrjá skal skipa með samkomulagi á milli aðilanna. Skal helst velja þá af skránni og skulu þeir vera ríkisborgarar þriðja ríkis nema aðilarnir komi sér saman um annað. Aðilar deilumálsins skulu skipa forseta gerðardómsins úr hópi þessara þriggja manna. Ef aðilarnir geta ekki innan 60 daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, komist að samkomulagi um skipun eins eða fleiri þeirra manna í dóminn, sem skipa á með samkomulagi, né skipun forsetans skal að beiðni aðila deilumálsins framkvæma skipunina eða skipanirnar, sem eftir eru, samkvæmt e-lið. Þessa beiðni skal bera fram innan tveggja vikna frá lokum fyrrnefnds 60 daga frests.

e) Forseti Alþjóðlega hafréttardómsins skal framkvæma nauðsynlegar skipanir nema aðilarnir komi sér saman um að einstaklingur eða þriðja ríki, sem aðilarnir velja, framkvæmi skipun samkvæmt c- og d-lið. Ef forsetinn getur ekki starfað samkvæmt þessum lið eða er ríkisborgari einhvers aðila deilumálsins skal elsti dómari Alþjóðlega hafréttardómsins, sem er viðlátinn og ekki ríkisborgari einhvers aðilanna, framkvæma skipunina. Skipanirnar, sem getið er í þessum lið, skal framkvæma af skránni, sem getið er í 2. gr. þessa viðauka, innan 30 daga frests frá móttöku beiðninnar og í samráði við aðilana. Mennirnir, sem eru skipaðir þannig, skulu vera af mismunandi þjóðerni og mega ekki vera í þjónustu einhvers aðila deilumálsins, venjulega búsettir í landi hans né ríkisborgarar hans.

four arbitrators, each of whom shall be a person experienced in maritime affairs and enjoying the highest reputation for fairness, competence and integrity. The names of the persons so nominated shall constitute the list.

2. If at any time the arbitrators nominated by a State Party in the list so constituted shall be fewer than four, that State Party shall be entitled to make further nominations as necessary.

3. The name of an arbitrator shall remain on the list until withdrawn by the State Party which made the nomination, provided that such arbitrator shall continue to serve on any arbitral tribunal to which that arbitrator has been appointed until the completion of the proceedings before that arbitral tribunal.

Article 3
Constitution of arbitral tribunal

For the purpose of proceedings under this Annex, the arbitral tribunal shall, unless the parties otherwise agree, be constituted as follows:

(a) Subject to subparagraph (g), the arbitral tribunal shall consist of five members.

(b) The party instituting the proceedings shall appoint one member to be chosen preferably from the list referred to in article 2 of this Annex, who may be its national. The appointment shall be included in the notification referred to in article 1 of this Annex.

(c) The other party to the dispute shall, within 30 days of receipt of the notification referred to in article 1 of this Annex, appoint one member to be chosen preferably from the list, who may be its national. If the appointment is not made within that period, the party instituting the proceedings may, within two weeks of the expiration of that period, request that the appointment be made in accordance with subparagraph (e).

(d) The other three members shall be appointed by agreement between the parties. They shall be chosen preferably from the list and shall be nationals of third States unless the parties otherwise agree. The parties to the dispute shall appoint the President of the arbitral tribunal from among those three members. If, within 60 days of receipt of the notification referred to in article 1 of this Annex, the parties are unable to reach agreement on the appointment of one or more of the members of the tribunal to be appointed by agreement, or on the appointment of the President, the remaining appointment or appointments shall be made in accordance with subparagraph (e), at the request of a party to the dispute. Such request shall be made within two weeks of the expiration of the aforementioned 60-day period.

(e) Unless the parties agree that any appointment under subparagraphs (c) and (d) be made by a person or a third State chosen by the parties, the President of the International Tribunal for the Law of the Sea shall make the necessary appointments. If the President is unable to act under this subparagraph or is a national of one of the parties to the dispute, the appointment shall be made by the next senior member of the International Tribunal for the Law of the Sea who is available and is not a national of one of the parties. The appointments referred to in this subparagraph shall be made from the list referred to in article 2 of this Annex within a period of 30 days of the receipt of the request and in consultation with the parties. The members so appointed shall be of different nationalities and may not be in the service of, ordinarily resident in the territory of, or nationals of, any of the parties to the dispute.

f) Skipa skal í autt sæti á þann hátt sem mælt er fyrir um varðandi upphafsskipunina.
g) Aðilar, sem eiga sömu hagsmuna að gæta, skulu með samkomulagi skipa einn mann í dóminn sameiginlega. Þegar um er að ræða nokkra aðila sem eiga mismunandi hagsmuna að gæta eða ágreiningur er um það hvort þeir eigi sömu hagsmuna að gæta skal hver þeirra skipa einn mann í dóminn. Fjöldi þeirra manna í dóminum, sem aðilarnir skipa hver um sig, skal alltaf vera einum minni en fjöldi þeirra manna í dóminum sem aðilarnir eiga að skipa sameiginlega.
h) Ef deilumál snerta fleiri en tvo aðila skulu ákvæði a- til f-liðs gilda að svo miklu leyti sem unnt er.

4. gr.
Störf gerðardóms

Gerðardómur, sem skipaður er samkvæmt 3. gr. þessa viðauka, skal starfa samkvæmt þessum viðauka og öðrum ákvæðum samnings þessa.

5. gr.
Málsmeðferð

Ef aðilar deilumálsins koma sér ekki saman um annað skal gerðardómurinn sjálfur setja sér reglur um málsmeðferð þar sem sérhverjum aðila er gefið fullnægjandi tækifæri til að gefa skýrslu og leggja mál sitt fyrir.

6. gr.
Skyldur aðila deilumáls

Aðilar deilumálsins skulu auðvelda starf gerðardómsins og skulu þeir einkum, samkvæmt lögum sínum og með því að beita öllum ráðum sem þeim eru tiltæk:

a) láta honum í té öll skjöl, aðstöðu og upplýsingar sem við eiga; og
b) gera honum kleift, þegar nauðsyn krefur, að stefna vitnum eða kveðja til sérfræðinga og taka við skýrslum þeirra, svo og að fara á staðina sem tengjast málinu.

7. gr.
Útgjöld

Ef gerðardómurinn kveður ekki á um annað vegna sérstakra málsatvika skulu aðilar deilumálsins greiða jafna hluta af útgjöldum dómsins, m. a. launum manna í honum.

8. gr.
Tilskilinn meirihluti að baki úrskurðum

Úrskurði gerðardómsins skal kveða upp með atkvæðum meirihluta manna í honum. Fjarvera eða hjáseta minna en helmings mannanna skal ekki girða fyrir það að dómurinn kveði upp úrskurð. Séu atkvæði jöfn skal atkvæði forsetans ráða.

9. gr.
Útivist

Ef annar aðili deilumálsins sækir ekki þing fyrir gerðardóminum eða hefur ekki uppi varnir í máli sínu getur hinn aðilinn beðið dóminn að halda málinu áfram og

(f) Any vacancy shall be filled in the manner prescribed for the initial appointment.

(g) Parties in the same interest shall appoint one member of the tribunal jointly by agreement. Where there are several parties having separate interests or where there is disagreement as to whether they are of the same interest, each of them shall appoint one member of the tribunal. The number of members of the tribunal appointed separately by the parties shall always be smaller by one than the number of members of the tribunal to be appointed jointly by the parties.

(h) In disputes involving more than two parties, the provisions of subparagraphs (a) to (f) shall apply to the maximum extent possible.

Article 4
Functions of arbitral tribunal

An arbitral tribunal constituted under article 3 of this Annex shall function in accordance with this Annex and the other provisions of this Convention.

Article 5
Procedure

Unless the parties to the dispute otherwise agree, the arbitral tribunal shall determine its own procedure, assuring to each party a full opportunity to be heard and to present its case.

Article 6
Duties of parties to a dispute

The parties to the dispute shall facilitate the work of the arbitral tribunal and, in particular, in accordance with their law and using all means at their disposal, shall:

(a) provide it with all relevant documents, facilities and information; and

(b) enable it when necessary to call witnesses or experts and receive their evidence and to visit the localities to which the case relates.

Article 7
Expenses

Unless the arbitral tribunal decides otherwise because of the particular circumstances of the case, the expenses of the tribunal, including the remuneration of its members, shall be borne by the parties to the dispute in equal shares.

Article 8
Required majority for decisions

Decisions of the arbitral tribunal shall be taken by a majority vote of its members. The absence or abstention of less than half of the members shall not constitute a bar to the tribunal reaching a decision. In the event of an equality of votes, the President shall have a casting vote.

Article 9
Default of appearance

If one of the parties to the dispute does not appear before the arbitral tribunal or fails to defend its case, the other party may request the tribunal to continue

segja upp gerð sína. Fjarvera aðila eða misbrestur á því, að aðili hafi uppi varnir í máli sínu, skal ekki girða fyrir málið. Áður en gerðardómurinn segir upp gerð sína ber honum ekki aðeins að ganga úr skugga um að hann hafi lögsögu í deilumálinu heldur einnig að krafan sé vel grundvölluð hvað staðreyndir og réttarreglur snertir.

10. gr.
Gerð

Gerð gerðardómsins skal takmarka við deiluefnið og skal greina í henni forsendurnar sem hún er byggð á. Þar skal greina nöfn mannanna, sem hafa tekið þátt í henni, og gerðardaginn. Sérhver maður í dóminum getur látið sératkvæði eða ágreiningsatkvæði fylgja gerðinni.

11. gr.
Endanleiki gerðar

Gerðin skal vera endanleg og ekki áfrýjanleg nema aðilar deilumálsins hafi samið fyrirfram um áfrýjunarmeðferð. Aðilar deilumálsins skulu hlíta henni.

12. gr.
Túlkun eða fullnusta gerðar

1. Ágreining, sem kann að koma upp milli aðila deilumálsins um túlkun eða aðferð við fullnustu gerðarinnar, getur hvor aðili um sig lagt til úrskurðar fyrir gerðardóminn sem sagði upp gerðina. Skal þá skipa í autt sæti í dóminum á þann hátt sem kveðið er á um varðandi upphaflegar skipanir manna í dóminn.

2. Þennan ágreining má með samkomulagi allra aðila deilumálsins leggja fyrir annan dómstól eða dóm samkvæmt 287. gr.

13. gr.
Beiting gagnvart öðrum aðilum en aðildarríkjum

Ákvæði þessa viðauka skulu að breyttu breytanda gilda um deilumál sem snertir aðra aðila en aðildarríki.

VIII. VIÐAUKI. SÉRSTÖK GERÐ

1. gr.
Höfðun máls

Í samræmi við XV. hluta getur aðili deilumáls um túlkun eða beitingu þeirra greina samnings þessa, sem snerta 1) veiðar, 2) verndun og varðveislu hafrýmisins, 3) hafrannsóknir eða 4) siglingar, m. a. mengun frá skipum og vegna losunar, með skriflegri tilkynningu, sem stíluð er á hinn eða hina aðila deilumálsins, látið deilumálið sæta sérstöku gerðardómsmeðferðinni sem kveðið er á um í þessum viðauka. Tilkynningunni skal fylgja greinargerð um kröfuna og ástæðurnar sem hún er byggð á.

the proceedings and to make its award. Absence of a party or failure of a party to defend its case shall not constitute a bar to the proceedings. Before making its award, the arbitral tribunal must satisfy itself not only that it has jurisdiction over the dispute but also that the claim is well founded in fact and law.

Article 10
Award

The award of the arbitral tribunal shall be confined to the subject-matter of the dispute and state the reasons on which it is based. It shall contain the names of the members who have participated and the date of the award. Any member of the tribunal may attach a separate or dissenting opinion to the award.

Article 11
Finality of award

The award shall be final and without appeal, unless the parties to the dispute have agreed in advance to an appellate procedure. It shall be complied with by the parties to the dispute.

Article 12
Interpretation or implementation of award

1. Any controversy which may arise between the parties to the dispute as regards the interpretation or manner of implementation of the award may be submitted by either party for decision to the arbitral tribunal which made the award. For this purpose, any vacancy in the tribunal shall be filled in the manner provided for in the original appointments of the members of the tribunal.

2. Any such controversy may be submitted to another court or tribunal under article 287 by agreement of all the parties to the dispute.

Article 13
Application to entities other than States Parties

The provisions of this Annex shall apply *mutatis mutandis* to any dispute involving entities other than States Parties.

ANNEX VIII. SPECIAL ARBITRATION

Article 1
Institution of proceedings

Subject to Part XV, any party to a dispute concerning the interpretation or application of the articles of this Convention relating to (1) fisheries, (2) protection and preservation of the marine environment, (3) marine scientific research, or (4) navigation, including pollution from vessels and by dumping, may submit the dispute to the special arbitral procedure provided for in this Annex by written notification addressed to the other party or parties to the dispute. The notification shall be accompanied by a statement of the claim and the grounds on which it is based.

2. gr.
Skrá um sérfræðinga

1. Gera skal og halda skrá um sérfræðinga að því er snertir hvert þessara sviða: 1) veiðar, 2) verndun og varðveislu hafrýmisins, 3) hafrannsóknir og 4) siglingar, m. a. mengun frá skipum og vegna losunar.

2. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna skal gera og halda skrá um sérfræðinga í veiðum, Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna skrá um sérfræðinga í verndun og varðveislu hafrýmisins, Alþjóðahaffræðinefndin skrá um sérfræðinga í hafrannsóknum, Alþjóðasiglingamálastofnunin skrá um sérfræðinga í siglingum, m. a. mengun frá skipum og vegna losunar, eða, í hverju tilviki um sig, viðeigandi undirstofnun sem á hlut að máli og hefur verið falið þetta starf af þessari stofnun, áætlun eða nefnd.

3. Sérhverju aðildarríki skal heimilt að tilnefna tvo sérfræðinga á hverju sviði sem hafa öðlast almennt viðurkennda hæfni varðandi lagaleg, vísindaleg eða tæknileg atriði á sínu sviði og eru í mjög miklu áliti sakir réttsýni og heiðarleika. Viðeigandi skrá skal felast í nöfnum þannig tilnefndra manna á hverju sviði.

4. Ef sérfræðingarnir, sem aðildarríki hefur tilnefnt, eru einhvern tíma færri en tveir á þannig gerðri skrá skal því aðildarríki heimilt að koma með fleiri tilnefningar eftir þörfum.

5. Nafn sérfræðings skal vera á skránni þar til aðildarríkið, sem kom með tilnefninguna, afturkallar hana enda skal þessi sérfræðingur starfa áfram í sérstökum gerðardómi sem hann hefur verið skipaður í uns málinu fyrir þeim sérstaka gerðardómi lýkur.

3. gr.
Skipun sérstaks gerðardóms

Í málum samkvæmt þessum viðauka skal sérstaki gerðardómurinn skipaður á eftirfarandi hátt nema aðilarnir komi sér saman um annað:

a) Sérstaki gerðardómurinn skal skipaður fimm mönnum, samanber þó g-lið.

b) Aðilinn, sem höfðar málið, skal skipa tvo menn, helst valda af viðeigandi skrá eða skrám sem getið er í 2. gr. þessa viðauka og snerta deiluefnin, og má annar þeirra vera ríkisborgari hans. Tilkynningin, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, skal geyma skipanirnar.

c) Hinn aðili deilumálsins skal innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, skipa tvo menn, helst valda af viðeigandi skrá eða skrám sem snerta deiluefnin, og má annar þeirra vera ríkisborgari hans. Ef skipanirnar eru ekki framkvæmdar innan þess tíma getur aðilinn, sem höfðar málið, innan tveggja vikna frá lokum þess tíma, óskað þess að skipanirnar séu framkvæmdar samkvæmt e-lið.

d) Aðilar deilumálsins skulu með samkomulagi skipa forseta sérstaka gerðardómsins, helst valinn af viðeigandi skrá, og skal hann vera ríkisborgari þriðja ríkis nema aðilarnir komi sér saman um annað. Ef aðilarnir geta ekki innan 30

Article 2
Lists of experts

1. A list of experts shall be established and maintained in respect of each of the fields of (1) fisheries, (2) protection and preservation of the marine environment, (3) marine scientific research, and (4) navigation, including pollution from vessels and by dumping.

2. The lists of experts shall be drawn up and maintained, in the field of fisheries by the Food and Agriculture Organization of the United Nations, in the field of protection and preservation of the marine environment by the United Nations Environment Programme, in the field of marine scientific research by the Inter-Governmental Oceanographic Commission, in the field of navigation, including pollution from vessels and by dumping, by the International Maritime Organization, or in each case by the appropriate subsidiary body concerned to which such organization, programme or commission has delegated this function.

3. Every State Party shall be entitled to nominate two experts in each field whose competence in the legal, scientific or technical aspects of such field is established and generally recognized and who enjoy the highest reputation for fairness and integrity. The names of the persons so nominated in each field shall constitute the appropriate list.

4. If at any time the experts nominated by a State Party in the list so constituted shall be fewer than two, that State Party shall be entitled to make further nominations as necessary.

5. The name of an expert shall remain on the list until withdrawn by the State Party which made the nomination, provided that such expert shall continue to serve on any special arbitral tribunal to which that expert has been appointed until the completion of the proceedings before that special arbitral tribunal.

Article 3
Constitution of special arbitral tribunal

For the purpose of proceedings under this Annex, the special arbitral tribunal shall, unless the parties otherwise agree, be constituted as follows:

(a) Subject to subparagraph (g), the special arbitral tribunal shall consist of five members.

(b) The party instituting the proceedings shall appoint two members to be chosen preferably from the appropriate list or lists referred to in article 2 of this Annex relating to the matters in dispute, one of whom may be its national. The appointments shall be included in the notification referred to in article 1 of this Annex.

(c) The other party to the dispute shall, within 30 days of receipt of the notification referred to in article 1 of this Annex, appoint two members to be chosen preferably from the appropriate list or lists relating to the matters in dispute, one of whom may be its national. If the appointments are not made within that period, the party instituting the proceedings may, within two weeks of the expiration of that period, request that the appointments be made in accordance with subparagraph (e).

(d) The parties to the dispute shall by agreement appoint the President of the special arbitral tribunal, chosen preferably from the appropriate list, who shall be a national of a third State, unless the parties otherwise

daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem getið er í 1. gr. þessa viðauka, komist að samkomulagi um skipun forsetans skal að beiðni aðila deilumálsins framkvæma skipunina samkvæmt e-lið. Þessa beiðni skal bera fram innan tveggja vikna frá lokum fyrrnefnds 30 daga frests.

e) Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal framkvæma nauðsynlegar skipanir innan 30 daga frá móttöku beiðni samkvæmt c- og d-lið nema aðilarnir komi sér saman um að einstaklingur eða þriðja ríki, sem aðilarnir velja, framkvæmi skipunina. Skipanirnar, sem getið er í þessum lið, skal framkvæma af viðeigandi skrá eða skrám um sérfræðinga, sem getið er í 2. gr. þessa viðauka, og í samráði við aðila deilumálsins og viðeigandi alþjóðastofnun. Mennirnir, sem eru skipaðir þannig, skulu vera af mismunandi þjóðerni og mega ekki vera í þjónustu einhvers aðila deilumálsins, venjulega búsettir í landi hans né ríkisborgarar hans.

f) Skipa skal í autt sæti á þann hátt sem mælt er fyrir um varðandi upphafsskipunina.

g) Aðilar, sem eiga sömu hagsmuna að gæta, skulu með samkomulagi skipa tvo menn í dóminn sameiginlega. Þegar um er að ræða nokkra aðila sem eiga mismunandi hagsmuna að gæta eða ágreiningur er um það hvort þeir eigi sömu hagsmuna að gæta skal hver þeirra skipa einn mann í dóminn.

h) Ef deilumál snerta fleiri en tvo aðila skulu ákvæði a- til f-liðs gilda að svo miklu leyti sem unnt er.

4. gr.
Almenn ákvæði

Að breyttu breytanda gildir VII. viðauki, 4.—13. gr., um sérstöku gerðardómsmálin samkvæmt þessum viðauka.

5. gr.
Gagnaöflun

1. Aðilar deilumáls um túlkun eða beitingu þeirra ákvæða samnings þessa, sem snerta 1) veiðar, 2) verndun og varðveislu hafrýmisins, 3) hafrannsóknir eða 4) siglingar, m. a. mengun frá skipum og vegna losunar, geta hvenær sem er komið sér saman um að biðja sérstakan gerðardóm, sem skipaður er samkvæmt 3. gr. þessa viðauka, að framkvæma rannsókn og ganga úr skugga um staðreyndirnar sem eru undirrót deilumálsins.

2. Ef aðilarnir koma sér ekki saman um annað skal telja niðurstöður um staðreyndir af hálfu sérstaka gerðardómsins, sem starfar samkvæmt 1. tl., endanlegar gagnvart aðilunum.

3. Ef allir aðilar deilumálsins óska þess getur sérstaki gerðardómurinn gert tillögur sem hafa ekki áhrif úrskurðar heldur skulu aðeins lagðar til grundvallar við endurskoðun aðilanna á málunum sem eru undirrót deilumálsins.

4. Sérstaki gerðardómurinn skal starfa samkvæmt ákvæðum þessa viðauka nema aðilarnir ákveði annað, samanber þó 2. tl.

agree. If, within 30 days of receipt of the notification referred to in article 1 of this Annex, the parties are unable to reach agreement on the appointment of the President, the appointment shall be made in accordance with subparagraph (e), at the request of a party to the dispute. Such request shall be made within two weeks of the expiration of the aforementioned 30-day period.

(e) Unless the parties agree that the appointment be made by a person or a third State chosen by the parties, the Secretary-General of the United Nations shall make the necessary appointments within 30 days of receipt of a request under subparagraphs (c) and (d). The appointments referred to in this subparagraph shall be made from the appropriate list or lists of experts referred to in article 2 of this Annex and in consultation with the parties to the dispute and the appropriate international organization. The members so appointed shall be of different nationalities and may not be in the service of, ordinarily resident in the territory of, or nationals of, any of the parties to the dispute.

(f) Any vacancy shall be filled in the manner prescribed for the initial appointment.

(g) Parties in the same interest shall appoint two members of the tribunal jointly by agreement. Where there are several parties having separate interests or where there is disagreement as to whether they are of the same interest, each of them shall appoint one member of the tribunal.

(h) In disputes involving more than two parties, the provisions of subparagraphs (a) to (f) shall apply to the maximum extent possible.

Article 4
General provisions

Annex VII, articles 4 to 13, apply *mutatis mutandis* to the special arbitration proceedings in accordance with this Annex.

Article 5
Fact finding

1. The parties to a dispute concerning the interpretation or application of the provisions of this Convention relating to (1) fisheries, (2) protection and preservation of the marine environment, (3) marine scientific research, or (4) navigation, including pollution from vessels and by dumping, may at any time agree to request a special arbitral tribunal constituted in accordance with article 3 of this Annex to carry out an inquiry and establish the facts giving rise to the dispute.

2. Unless the parties otherwise agree, the findings of fact of the special arbitral tribunal acting in accordance with paragraph 1, shall be considered as conclusive as between the parties.

3. If all the parties to the dispute so request, the special arbitral tribunal may formulate recommendations which, without having the force of a decision, shall only constitute the basis for a review by the parties of the questions giving rise to the dispute.

4. Subject to paragraph 2, the special arbitral tribunal shall act in accordance with the provisions of this Annex, unless the parties otherwise agree.

IX. VIÐAUKI. Þ ÁTTTAKA ALÞJÓÐASTOFNANA

1. gr.
Notkun hugtaka

Í 305. gr. og þessum viðauka merkir „alþjóðastofnun“ milliríkjastofnun sem ríki koma á fót og fengið hefur framselt frá aðildarríkjum sínum vald í málum innan ramma samnings þessa, m. a. vald til að gera samninga um þau mál.

2. gr.
Undirritun

Alþjóðastofnun getur undirritað samning þennan ef meirihluti aðildarríkja hennar hafa undirritað hann. Þegar undirritun fer fram skal alþjóðastofnun tiltaka í yfirlýsingu mál innan ramma samnings þessa þar sem aðildarríki hennar, sem hafa undirritað, hafa framselt þeirri stofnun vald, svo og eðli og umfang þess valds.

3. gr.
Formleg staðfesting og aðild

1. Alþjóðastofnun getur komið skjali með formlegri staðfestingu sinni eða aðildarskjali sínu í vörslu ef meirihluti aðildarríkja hennar kemur eða hefur komið fullgildingar- eða aðildarskjölum sínum í vörslu.

2. Skjölin, sem alþjóðastofnunin kemur í vörslu, skulu geyma skuldbindingarnar og yfirlýsingarnar sem krafist er í 4. og 5. gr. þessa viðauka.

4. gr.
Umfang þátttöku og réttindi og skyldur

1. Skjal með formlegri staðfestingu alþjóðastofnunar eða aðildarskjal hennar skal geyma skuldbindingu um að viðurkennd séu réttindi og skyldur ríkja samkvæmt samningi þessum að því er snertir mál þar sem aðildarríki hennar, sem eru aðilar að samningi þessum, hafa framselt henni vald.

2. Alþjóðastofnun skal vera aðili að samningi þessum að því leyti sem hún er valdbær samkvæmt yfirlýsingunum, upplýsingaboðunum eða tilkynningunum sem getið er í 5. gr. þessa viðauka.

3. Þessi alþjóðastofnun skal fara með réttindin og rækja skyldurnar, sem aðildarríki hennar í hópi aðila mundu ella bera samkvæmt samningi þessum, í málum þar sem þau aðildarríki hafa framselt henni vald. Aðildarríki þeirrar alþjóðastofnunar skulu ekki fara með vald sem þau hafa framselt henni.

4. Þátttaka þessarar alþjóðastofnunar skal aldrei hafa í för með sér aukningu á fjölda fulltrúa sem aðildarríki hennar í hópi aðildarríkja mundu ella eiga rétt á, m. a. réttindum við ákvarðanatöku.

ANNEX IX. PARTICIPATION BY INTERNATIONAL ORGANIZATIONS

Article 1
Use of terms

For the purposes of article 305 and of this Annex, "international organization" means an intergovernmental organization constituted by States to which its member States have transferred competence over matters governed by this Convention, including the competence to enter into treaties in respect of those matters.

Article 2
Signature

An international organization may sign this Convention if a majority of its member States are signatories of this Convention. At the time of signature an international organization shall make a declaration specifying the matters governed by this Convention in respect of which competence has been transferred to that organization by its member States which are signatories, and the nature and extent of that competence.

Article 3
Formal confirmation and accession

1. An international organization may deposit its instrument of formal confirmation or of accession if a majority of its member States deposit or have deposited their instruments of ratification or accession.

2. The instruments deposited by the international organization shall contain the undertakings and declarations required by articles 4 and 5 of this Annex.

Article 4
Extent of participation and rights and obligations

1. The instrument of formal confirmation or of accession of an international organization shall contain an undertaking to accept the rights and obligations of States under this Convention in respect of matters relating to which competence has been transferred to it by its member States which are Parties to this Convention.

2. An international organization shall be a Party to this Convention to the extent that it has competence in accordance with the declarations, communications of information or notifications referred to in article 5 of this Annex.

3. Such an international organization shall exercise the rights and perform the obligations which its member States which are Parties would otherwise have under this Convention, on matters relating to which competence has been transferred to it by those member States. The member States of that international organization shall not exercise competence which they have transferred to it.

4. Participation of such an international organization shall in no case entail an increase of the representation to which its member States which are States Parties would otherwise be entitled, including rights in decision-making.

5. Þátttaka þessarar alþjóðastofnunar skal aldrei veita aðildarríkjum stofnunarinnar, sem eru ekki aðildarríki samnings þessa, réttindi samkvæmt samningi þessum.

6. Ef árekstur verður milli skyldna alþjóðastofnunar samkvæmt samningi þessum og skyldna hennar samkvæmt stofnskrá hennar eða samþykktum sem snerta hana skulu skyldurnar samkvæmt samningi þessum ganga fyrir.

5. gr.
Yfirlýsingar, tilkynningar og boð

1. Skjal með formlegri staðfestingu alþjóðastofnunar eða aðildarskjal hennar skal geyma yfirlýsingu með skrá um mál innan ramma samnings þessa þar sem aðildarríki hennar, sem eru aðilar að samningi þessum, hafa framselt stofnuninni vald.

2. Aðildarríki alþjóðastofnunar skal á þeim tíma er það fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum ellegar á þeim tíma er stofnunin kemur skjali með formlegri staðfestingu sinni eða aðildarskjali sínu í vörslu, hvort sem síðar er, tiltaka í yfirlýsingu mál innan ramma samnings þessa þar sem það hefur framselt stofnuninni vald.

3. Aðildarríki í hópi aðildarríkja alþjóðastofnunar, sem er aðili að samningi þessum, skulu talin hafa vald í öllum málum innan ramma samnings þessa þar sem ekki hafa komið sérstakar yfirlýsingar, tilkynningar né boð frá þeim ríkjum samkvæmt þessari grein um framsal valds til stofnunarinnar.

4. Alþjóðastofnunin og aðildarríki hennar í hópi aðildarríkja skulu tafarlaust tilkynna vörsluaðila samnings þessa breytingar á dreifingu valds sem tiltekin er í yfirlýsingunum samkvæmt 1. og 2. tl., m. a. nýtt framsal valds.

5. Aðildarríki getur beðið alþjóðastofnun og aðildarríki hennar í hópi aðildarríkja að láta í té upplýsingar um það hvor sé valdbær, stofnunin eða aðildarríki hennar, að því er snertir ákveðið mál sem hefur komið upp. Stofnunin og hlutaðeigandi aðildarríki hennar skulu láta þessar upplýsingar í té innan hæfilegs tíma. Alþjóðastofnunin og aðildarríki hennar geta einnig að eigin frumkvæði látið þessar upplýsingar í té.

6. Í yfirlýsingum, tilkynningum og upplýsingaboðum samkvæmt þessari grein skal tiltaka eðli og umfang valdsins sem framselt er.

6. gr.
Skylda og ábyrgð

1. Aðilar, sem eru valdbærir samkvæmt 5. gr. þessa viðauka, skulu bera ábyrgð á misbresti á því, að skuldbindingar séu efndar, eða öðru broti á samningi þessum.

2. Aðildarríki getur beðið alþjóðastofnun eða aðildarríki hennar í hópi aðildarríkja um upplýsingar varðandi það hver beri ábyrgð í ákveðnu máli. Stofnunin og hlutaðeigandi aðildarríki hennar skulu láta þessar upplýsingar í té. Ef misbrestur verður á því að þessar upplýsingar séu látnar í té innan hæfilegs tíma eða mótsagnakenndar upplýsingar eru látnar í té skal það leiða til óskiptrar ábyrgðar.

5. Participation of such an international organization shall in no case confer any rights under this Convention on member States of the organization which are not States Parties to this Convention.

6. In the event of a conflict between the obligations of an international organization under this Convention and its obligations under the agreement establishing the organization or any acts relating to it, the obligations under this Convention shall prevail.

Article 5
Declarations, notifications and communications

1. The instrument of formal confirmation or of accession of an international organization shall contain a declaration specifying the matters governed by this Convention in respect of which competence has been transferred to the organization by its member States which are Parties to this Convention.

2. A member State of an international organization shall, at the time it ratifies or accedes to this Convention or at the time when the organization deposits its instrument of formal confirmation or of accession, whichever is later, make a declaration specifying the matters governed by this Convention in respect of which it has transferred competence to the organization.

3. States Parties which are member States of an international organization which is a Party to this Convention shall be presumed to have competence over all matters governed by this Convention in respect of which transfers of competence to the organization have not been specifically declared, notified or communicated by those States under this article.

4. The international organization and its member States which are States Parties shall promptly notify the depositary of this Convention of any changes to the distribution of competence, including new transfers of competence, specified in the declarations under paragraphs 1 and 2.

5. Any State Party may request an international organization and its member States which are States Parties to provide information as to which, as between the organization and its member States, has competence in respect of any specific question which has arisen. The organization and the member States concerned shall provide this information within a reasonable time. The international organization and the member States may also, on their own initiative, provide this information.

6. Declarations, notifications and communications of information under this article shall specify the nature and extent of the competence transferred.

Article 6
Responsibility and liability

1. Parties which have competence under article 5 of this Annex shall have responsibility for failure to comply with obligations or for any other violation of this Convention.

2. Any State Party may request an international organization or its member States which are States Parties for information as to who has responsibility in respect of any specific matter. The organization and the member States concerned shall provide this information. Failure to provide this information within a reasonable time or the provision of contradictory information shall result in joint and several liability.

7. gr.
Lausn deilumála

1. Þegar alþjóðastofnun kemur skjali með formlegri staðfestingu sinni eða aðildarskjali sínu í vörslu eða hvenær sem er eftir það skal henni heimilt að velja með skriflegri yfirlýsingu eina eða fleiri þeirra aðferða til lausnar deilumálum um túlkun eða beitingu samnings þessa sem getið er í 287. gr., 1. tl. a), c) eða d).

2. Að breyttu breytanda gildir XV. hluti um deilumál milli aðila að samningi þessum ef einn eða fleiri þeirra eru alþjóðastofnanir.

3. Þegar alþjóðastofnun og eitt eða fleiri aðildarríkja hennar eiga samaðild að deilumáli eða eiga sem aðilar sömu hagsmuna að gæta skal t[illegible] að hún hafi viðurkennt sömu aðferðir til lausnar deilumálum og aðildarríki hennar; þegar aðildarríki hennar hefur þó aðeins valið Alþjóðadómstólinn samkvæmt 287. gr. skal telja að hún og hlutaðeigandi aðildarríki hennar hafi viðurkennt gerð samkvæmt VII. viðauka nema aðilar deilumálsins komi sér saman um annað.

8. gr.
Gildissvið XVII. hluta

Að breyttu breytanda gildir XVII. hluti um alþjóðastofnun nema að því er snertir eftirfarandi:

a) Skjal með formlegri staðfestingu alþjóðastofnunar eða aðildarskjal hennar skal ekki reikna með við beitingu 308. gr., 1. tl.;

b) i) alþjóðastofnun skal hafa einkarétt á beitingu 312.—315. gr. að því leyti sem allt efni breytingarinnar er innan valdsviðs hennar samkvæmt 5. gr. þessa viðauka;

ii) að því er varðar beitingu 316. gr., 1., 2. og 3. tl., skal skjal með formlegri staðfestingu alþjóðastofnunar á eða aðildarskjal hennar að breytingu, sem er að efni til öll innan valdsviðs alþjóðastofnunarinnar samkvæmt 5. gr. þessa viðauka, talið fullgildingar- eða aðildarskjal sérhvers aðildarríkja hennar í hópi aðildarríkja;

iii) að því er varðar allar aðrar breytingar skal ekki reikna skjal með formlegri staðfestingu alþjóðastofnunar né aðildarskjal hennar með við beitingu 316. gr., 1. og 2. tl.;

Til að skýra stöðuna og gera breytingar á bókuninni, sem sameiginlega nefndin getur ekki gert, og sameina öll gildandi ákvæði í einn texta, þó ekki ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 2/82 af tæknilegum ástæðum varðandi framsetningu, legg ég til að samþykkt verði að texti bókunar nr. 3, sem er viðauki við samning þennan, komi í stað fyrri texta bókunar nr. 3 við samninginn eins og honum hefur verið breytt með ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar nr. 1/77, 1/78, 1/80, 2/80, 3/80, 1/81, 2/81, 3/81, 4/81, 1/82 og 1/83 og erindaskiptunum 14. júní 1977 og 18. mars 1981 og komi hjálagði textinn í stað allra þessara löggerninga sem séu ekki lengur gildir.

Ég legg til að samningur þessi gangi í gildi 1. janúar 1985.

Mér væri þökk í því ef þér vilduð staðfesta að ríkisstjórn yðar sé samþykk þessari tillögu.

Ég leyfi mér, herra, að votta yður sérstaka virðingu mína

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Guinluigi Giola.

Brussel, 28. ágúst 1985

Herra,

Ég hef þann heiður við viðurkenna móttöku erindis yðar, dagsett í dag, sem hljóðar svo:

[Sjá orðsendingu hér að framan.]

Ég hef þann heiður að tilkynna yður að ríkisstjórn mín er samþykk efni erindis yðar.

Ég leyfi mér, herra, að votta yður sérstaka virðingu mína.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Tómas Á. Tómasson.

BÓKUN NR. 3
varðandi skilgreiningu hugtaksins „upprunavörur“ og reglur um samstarf á sviði stjórnsýslu

I. HLUTI
Skilgreining hugtaksins „upprunavörur“

1. gr.

Við framkvæmd samningsins, og án þess að brotið sé í bága við ákvæði 2. og 3. gr. þessarar bókunar, skulu eftirfarandi vörur taldar:

1. upprunnar í Efnahagsbandalaginu:
   a) vörur að öllu leyti fengnar í Efnahagsbandalaginu;
   b) vörur fengnar í Efnahagsbandalaginu sem í eru notaðar aðrar vörur en vísað er til í a-lið, að því tilskildu að þær vörur hafi hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr. Skilyrði þetta tekur þó ekki til vara sem í skilningi þessarar bókunar eru upprunnar á Íslandi;
2. upprunnar á Íslandi:
   a) vörur að öllu leyti fengnar á Íslandi;
   b) vörur fengnar á Íslandi sem í eru notaðar aðrar vörur en vísað er til í a-lið, að því tilskildu að þær vörur hafi hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr. Skilyrði þetta tekur þó ekki til vara sem í skilningi þessarar bókunar eru upprunnar í Efnahagsbandalaginu.

Vörur í lista C eru fyrst um sinn undanþegnar ákvæðum þessarar bókunar. Þó skulu ráðstafanir varðandi samstarf á sviði stjórnsýslu og 23. gr. gilda að breyttu breytanda um vörur þessar.

2. gr.

1. Að því leyti sem um viðskipti milli Efnahagsbandalagsins og Austurríkis, Finnlands, Noregs, Portúgals, Sviss og Svíþjóðar og milli Íslands og sex síðastnefndra ríkja, svo og milli einhverra þessara sex ríkja gildir samningur sem felur í sér reglur samsvarandi þeim sem eru í þessari bókun skulu eftirfarandi vörur einnig taldar:

A. upprunnar í Efnahagsbandalaginu: þær vörur, sem vísað er til í 1. tl. 1. gr. og hafa ekki, eftir að þær eru fluttar út frá Efnahagsbandalaginu, hlotið neina aðvinnslu í nokkru þessara sex landa eða ekki hlotið þar nægilega aðvinnslu til að þær verði taldar upprunnar í nokkru þessara landa samkvæmt ákvæðum, sem samsvara ákvæðum b-liðar 1. tl. eða b-liðar 2. tl. 1. gr. þessarar bókunar, í samningum þeim sem getið er hér að framan, að því tilskildu að:

a) eingöngu vörur upprunnar í einhverju landanna sex eða í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi hafi verið notaðar við aðvinnsluna;
b) þar sem hundraðshlutaregla í listum A eða B, sem vísað er til í 5. gr., takmarkar þann hluta af verðmæti vara, sem fullnægja ekki skilyrðum um uppruna en nota má við vissar aðstæður, þá hafi virðisaukinn myndast í hverju landi fyrir sig í samræmi við hundraðshlutareglurnar og aðrar reglur í nefndum listum án nokkurs möguleika á uppsöfnun frá einu landi til annars.

B. upprunnar á Íslandi: þær vörur, sem vísað er til í 2. tl. 1. gr. og hafa ekki, eftir að þær eru fluttar út frá Íslandi, hlotið neina aðvinnslu í nokkru þessara sex landa eða ekki hlotið nægilega aðvinnslu til að þær verði taldar upprunnar í nokkru þessara landa samkvæmt ákvæðum, sem samsvara ákvæðum b-liðar 1. tl. eða b-liðar 2. tl. 1. gr. þessarar bókunar, í samningum þeim sem getið er hér að framan, að því tilskildu að:

a) eingöngu vörur upprunnar í einhverju landanna sex eða í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi hafi verið notaðar við aðvinnsluna;
b) þar sem hundraðshlutaregla í listum A eða B, sem vísað er til í 5. gr., takmarkar þann hluta af verðmæti vara, sem fullnægja ekki skilyrðum um uppruna en nota má við vissar aðstæður, þá hafi virðisaukinn myndast í hverju landi fyrir sig í samræmi við hundraðshlutareglurnar og aðrar reglur í nefndum listum án nokkurs möguleika á uppsöfnun frá einu landi til annars.

2. Við framkvæmd ákvæða a-liðar 1. tl. A og a-liðar 1. tl. B skal það, að notaðar eru aðrar vörur en þar um ræðir og verðmætishlutfall þeirra fer ekki fram úr 5% af verðmæti þeirra vara sem framleiddar eru og fluttar inn til Íslands eða Efnahagsbandalagsins, ekki hafa áhrif á ákvörðun um uppruna hinna síðarnefndu, að því tilskildu að þær hefðu ekki orðið þess valdandi að vörur fluttar út

frá Efnahagsbandalaginu eða Íslandi hefðu í upphafi misst réttindi sem upprunavörur í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi hefðu þær verið notaðar þar til framleiðslunnar.

3. Í tilvikum þeim sem um ræðir í b-lið 1. tl. A og b-lið 1. tl. B og 2. tl. má ekki nota neina vöru sem fullnægir ekki skilyrðum um uppruna ef hún hlýtur aðeins aðvinnslu eins og ráð er fyrir gert í 3. tl. 5. gr.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og að því tilskildu að öllum skilyrðum þeirrar greinar sé samt fullnægt skulu hinar framleiddu vörur ekki taldar áfram upprunnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi, eftir því sem við á, nema verðmæti varanna, sem aðvinnslu hljóta og upprunnar eru í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi, sé hærri hundraðshluti af verðmæti framleiddu varanna. Ef svo er ekki teljast síðarnefndu vörurnar upprunnar í því landi þar sem virðisaukinn, sem myndast hefur, er hærri hundraðshluti af verðmæti þeirra.

4. gr.

Eftirfarandi skal talið fengið að öllu leyti annaðhvort í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi í skilningi a-liðar 1. tl. og a-liðar 2. tl. 1. gr.:

a) jarðefni sem unnin eru úr jörðu eða hafsbotni þeirra;
b) vörur úr jurtaríkinu, ræktaðar þar;
c) lifandi dýr, borin og alin þar;
d) afurðir lifandi dýra, alinna þar;
e) villibráð og fiskafurðir sem aflað er þar með veiðum;
f) sjávarafurðir og aðrar vörur sem aflað er frá skipum þeirra;
g) vörur sem framleiddar eru um borð í verksmiðjuskipum þeirra, eingöngu úr vörum sem um ræðir í f-lið;
h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr;
i) úrgangur og rusl frá iðnaði sem þar er stundaður;
j) vörur sem framleiddar eru þar eingöngu úr vörum sem lýst er í a- til i-lið.

5. gr.

1. Við framkvæmd b-liðar 1. tl. og b-liðar 2. tl. 1. gr. skal eftirfarandi talið fullnægjandi aðvinnsla:

a) aðvinnsla sem hefur í för með sér að framleiddar vörur falla undir annað tollskrárnúmer en efnivörurnar falla undir hver fyrir sig, þó að undanskilinni aðvinnslu sem tiltekin er í lista A og hin sérstöku ákvæði þess lista eiga við um;
b) aðvinnsla sem tiltekin er í lista B.

Með „flokkum", „köflum" og „tollskrárnúmerum" er átt við flokka, kafla og tollskrárnúmer í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins um flokkun vara í tollskrám.

2. Þegar verðmæti efnivara og hluta, sem nota má í framleiðslu tiltekinnar vöru, eru sett takmörk í listum A og B með hundraðshlutareglu getur heildarverðmæti þessara efnivara og hluta — miðað við verðmæti framleiddu vörunnar — ekki farið fram úr verðmæti, sem svarar til sameiginlegs hámarks ef hámörkin eru þau sömu í báðum listunum, eða þess sem er hærra ef þau eru mismunandi. Í þessu sambandi skiptir eigi máli hvort vörurnar hafa færst milli tollskrárnúmera við aðvinnsluna eða samsetninguna eða ekki, innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hvorum listanum fyrir sig.

3. Við framkvæmd b-liðar 1. tl. og b-liðar 2. tl. 1. gr. skal eftirfarandi samt eigi talin nægileg aðvinnsla til að veita upprunaréttindi hvort sem skipti verða á tollskrárnúmerum eða ekki:

a) meðferð sem miðar að því að tryggja að vörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, söltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og lík meðferð);
b) einföld meðferð sem felur í sér að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þ. á m. að útbúa muni í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur;
c) i) umbúðaskipti, svo og uppskipting og sameining vörusendinga;
   ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o. s. frv. og öll önnur einföld pökkun;
d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á vörur eða umbúðir þeirra;

e) einföld blöndun vara, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, þar sem einn eða fleiri hlutar blöndunnar fullnægja ekki settum skilyrðum í bókun þessari til þess að þær verði annaðhvort taldar upprunnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi;
f) einföld samsetning vöruhluta til að gera heilan hlut;
g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem lýst er í a- til f-lið;
h) slátrun dýra.

6. gr.

1. Þegar áskilið er í listum A og B, sem vísað er til í 5. gr., að vörur framleiddar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi verði ekki taldar upprunavörur nema verðmæti vara, sem hlotið hafa aðvinnslu, fari ekki fram úr tilteknum hundraðshluta af verðmæti framleiddu varanna skulu verðmætin, sem koma til athugunar við ákvörðun slíks hundraðshluta, vera

— annars vegar
að því er varðar vörur sem unnt er að sannreyna að fluttar hafi verið inn: tollverð þeirra þegar þær voru fluttar inn;
að því er varðar vörur af óvissum uppruna: fyrsta verð sem hægt er að ganga úr skugga um að greitt hafi verið fyrir vörur þessar á landsvæði samningsaðilans þar sem framleiðsla fer fram;
— og hins vegar
verð framleiddu vörunnar frá verksmiðju, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning.

Grein þessi á einnig við að því er varðar framkvæmd 2. og 3. gr.

2. Þegar 2. og 3. gr. eiga við er með „virðisauka sem myndast hefur" átt við mismuninn milli verðs framleiddu vörunnar frá verksmiðju, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning frá viðkomandi landi eða Efnahagsbandalaginu, og tollverðs allra innfluttra efnivara sem hlotið hafa aðvinnslu í því landi eða Efnahagsbandalaginu.

7. gr.

Vörur upprunnar á Íslandi eða í Efnahagsbandalaginu, sem eru í einni óskiptri sendingu, má flytja um annað landsvæði en landsvæði Efnahagsbandalagsins, Íslands, Austurríkis, Finnlands, Noregs, Portúgals, Sviss eða Svíþjóðar með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því landsvæði ef því er að skipta ef flutningur um landsvæði réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafa verið undir eftirliti tollyfirvalda í umflutningslandinu eða vörugeymslulandinu, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og hafa ekki fengið aðra meðferð en affermingu og endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

II. HLUTI
Reglur um samstarf á sviði stjórnsýslu

8. gr.

1. Við innflutning til Efnahagsbandalagsins eða Íslands skulu upprunavörur í skilningi þessarar bókunar njóta fríðinda samkvæmt samningnum gegn framvísun annars neðangreindra skjala:
a) EUR. 1 flutningsskírteinis, hér á eftir kallað „EUR. 1 skírteini", sem fyrirmynd er að í viðauka V við þessa bókun, eða
b) EUR. 2. eyðublaðs, sem fyrirmynd er að í viðauka VI við þessa bókun, fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti hverrar sendingar sé ekki yfir 3 400 ECU.

2. Eftirfarandi upprunavörur í skilningi þessarar bókunar skulu við innflutning til Efnahagsbandalagsins eða Íslands njóta fríðinda samkvæmt samningnum án þess að nauðsynlegt sé að framvísa öðru hvoru þeirra skjala sem tilgreind eru í 1. tl.:
a) vörur sem sendar eru sem smábögglar frá einstaklingi til einstaklings, að því tilskildu að verðmæti varanna sé ekki yfir 240 ECU;
b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, að því tilskildu að verðmæti varanna sé ekki yfir 680 ECU.

Ákvæðum þessum verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis, því hefur verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum til að ákvæðum samningsins verði beitt og enginn vafi er á því að slík yfirlýsing sé sönn.

Innflutningur, sem bundinn er við einstakt tilvik og eingöngu er vörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra, skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni varanna að enginn viðskiptatilgangur býr að baki.

3. Fjárhæðir í gjaldmiðli útflutningslandsins, jafnvirði fjárhæða sem tilgreindar eru í ECU, skulu ákveðnar af útflutningslandinu og tilkynntar öðrum aðilum að samningnum. Þegar fjárhæðirnar eru hærri en samsvarandi fjárhæðir sem ákveðnar hafa verið af innflutningslandinu skal innflutningslandið samþykkja þær ef vörurnar eru reikningsfærðar í gjaldmiðli útflutningslandsins.

Séu vörurnar reikningsfærðar í gjaldmiðli annars aðildarríkis Efnahagsbandalagsins eða annars lands sem nefnt er í 2. gr. þessarar bókunar skal innflutningslandið viðurkenna þá fjárhæð sem tilkynnt hefur verið af viðkomandi landi.

4. Til og með 30. apríl 1981 skal ECU, sem nota á í gjaldmiðli viðkomandi lands, vera jafnvirði ECU í gjaldmiðli þess lands miðað við 30. júní 1978. Fyrir hvert tveggja ára tímabil eftir það skal ECU vera jafnvirði ECU í gjaldmiðli viðkomandi lands miðað við fyrsta virkan dag í október á árinu næst á undan því tveggja ára tímabili.

5. Fylgihluti, varahluti og áhöld, sem send eru með útbúnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

6. Vörusamstæður í skilningi 3. tl. almennra reglna tollnafnaskrárinnar skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir efnisþættir eru upprunavörur. Þó skal vörusamstæða, sem í eru bæði upprunavörur og aðrar vörur, teljast í heild upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara, sem eru ekki upprunavörur, sé ekki yfir 15% af heildarverðmæti vörusamstæðunnar.

9. gr.

1. EUR. 1 skírteini skal gefið út af tollyfirvöldum í útflutningslandinu við útflutning þeirra vara sem skírteinið tekur til. Útflytjandi getur fengið það til ráðstöfunar eftir að raunverulegur útflutningur hefur átt sér stað eða verið tryggður.

2. EUR. 1 skírteinið skal gefið út af tollyfirvöldum í aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu ef vörur þær sem flytja á út geta talist upprunnar í Efnahagsbandalaginu í skilningi 1. tl. 1. gr. þessarar bókunar. EUR. 1 skírteinið skal gefið út af íslenskum tollyfirvöldum ef vörur þær sem flytja á út geta talist upprunnar á Íslandi í skilningi 2. tl. 1. gr. þessarar bókunar.

3. Tollyfirvöld í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins eða á Íslandi geta gefið út EUR. 1 skírteini með þeim skilmálum sem kveðið er á um í þeim samningum sem vísað er til í 2. gr. þessarar bókunar ef vörurnar, sem flytja á út, geta talist upprunnar í Efnahagsbandalaginu, á Íslandi eða í Austurríki, Finnlandi, Noregi, Portúgal, Sviss eða Svíþjóð í skilningi 2. gr. og, þegar við á, 3. gr. þessarar bókunar, enda séu vörur þær sem EUR. 1 skírteinin taka til í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi.

Þegar beitt er ákvæðum 2. gr. og, þegar við á, 3. gr. þessarar bókunar skulu EUR. 1 skírteini gefin út gegn framvísun áður útgefinna EUR. 1 skírteina af tollyfirvöldum í sérhverju viðkomandi landi þar sem vörurnar hafa annaðhvort verið um kyrrt, áður en þær voru endurútfluttar óbreyttar, eða hlotið aðvinnslu sem tilgreind er í 2. gr. þessarar bókunar.

4. EUR. 1 skírteini má aðeins gefa út þegar unnt er að nota það sem skriflegt sönnunargagn til að fá fríðindameðferð samkvæmt samningnum.

Útgáfudag EUR. 1 skírteinis ber að tilgreina í þeim reit EUR. 1 skírteinis sem ætlaður er til nota fyrir tollyfirvöld.

5. Í undantekningartilvikum verður EUR. 1 skírteini ennfremur gefið út eftir útflutning varanna sem það tekur til þegar ekki hefur orðið af útgáfu þess við útflutning vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða sérstakra aðstæðna.

Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa EUR. 1 skírteini út eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingum þeim sem fram koma í umsókn útflytjandans og viðkomandi skjali beri saman.

EUR. 1 skírteini, sem gefin eru út eftir á, verða að vera árituð með einni af eftirfarandi setningum:
„NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT“, „DELIVRE A POSTERIORI“, „RILASCIATO A POSTERIORI“, „AFGEGEVEN A POSTERIORI“, „ISSUED RETROSPECTIVELY“, „UDSTEDT EFTERFØLGENDE“, „ΕΚΔΟΘΕΝ ΕΚ ΤΩΝ ΥΣΤΕΡΩΝ“, „ANNETTU JÄLKIKÄTEEN“, „ÚTGEFIÐ EFTIR Á“, „UTSTEDT SENERE“, „EMITIDO A POSTERIORI“, „UTFÄRDAT I EFTERHAND“.

6. Hafi EUR. 1 skírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útgefandi sótt um til tollyfirvalda þeirra er gáfu það út að fá samrit gert á grundvelli útflutningsskjalanna sem í þeirra vörslu eru. Samrit, sem gefið er út á þann hátt, skal áritað með einhverju eftirfarandi orða: „DUPLIKAT", „DUPLICATA", „DUPLICATO", „DUPLICAAT", „DUPLICATE", „ANTIΓΡΑΦΟ", „KAKSOISKAPPALE", „SAMRIT", „SEGUNDA VIA".

Samritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR. 1 skírteinið og gilda frá og með þeim degi.

7. Áritanir þær sem tilgreindar eru í 5. og 6. tl. skulu færðar í athugasemdareit EUR. 1 skírteinisins.

8. Ávallt má láta eitt eða fleiri EUR. 1 skírteini koma í stað eins eða fleiri EUR. 1 skírteina, að því tilskildu að þetta sé gert á þeirri tollstöð þar sem vörurnar eru til staðar.

9. Til að ganga úr skugga um, hvort skilyrði 2. og 3. tl. hafi verið uppfyllt, geta tollyfirvöld krafist hvers kyns skriflegra sönnunargagna eða gert hverjar þær kannanir sem þau telja viðeigandi.

10. gr.

1. EUR. 1 skírteini skal einungis gefið út eftir skriflegri umsókn útflytjandans, eða umboðsmanns útflytjandans á ábyrgð hans, á eyðublaði sem fyrirmynd er að í viðauka V við þessa bókun og skal fylla það út í samræmi við ákvæði þessarar bókunar.

2. Tollyfirvöld í útflutningslandinu skulu hafa eftirlit með því að eyðublað það sem um ræðir í 1. tl. sé rétt útfyllt. Sérstaklega skulu þau gæta þess að reitur sá sem gerður er fyrir vörulýsingu hafi verið útfylltur þannig að ekki sé möguleiki á sviksamlegum viðbótum. Í því skyni skal vörulýsing rituð þannig að engar auðar línur verði. Sé reiturinn ekki að öllu leyti útfylltur skal draga lárétta línu undir neðstu línu vörulýsingarinnar og strika yfir eyðuna fyrir neðan.

3. Þar eð EUR. 1 skírteinið er skriflegt sönnunargagn fyrir beitingu tollfríðinda og kvótareglna samningsins skulu tollyfirvöld í útflutningslandinu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna uppruna varanna og kanna aðrar yfirlýsingar í skírteininu.

4. Útflytjandinn eða fulltrúi hans skal leggja fram með umsókn sinni viðeigandi viðbótarskjöl sem sanna að vörur þær sem flytja á út uppfylli skilyrði fyrir útgáfu EUR. 1 skírteinis.

5. Þegar EUR. 1 skírteini er gefið út skv. 5. tl. 9. gr. þessarar bókunar, eftir að vörurnar, sem það tekur til, hafa þegar verið fluttar út, verður útflytjandinn í umsókn þeirri sem tilgreind er í 1. tl.:
— að tilgreina útflutningsstað og útflutningsdag varanna sem EUR. 1 skírteinið tekur til;
— að staðfesta að ekkert EUR. 1 skírteini hafi verið gefið út þegar vörurnar, sem um er að ræða, voru fluttar út og tilgreina ástæður fyrir því.

6. Umsóknir um útgáfu EUR. 1 skírteina og EUR. 1 skírteini, sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. tl. 9. gr. þessarar bókunar og framvísað er við útgáfu nýrra EUR. 1 skírteina, ber tollyfirvöldum í útflutningslandinu að varðveita í a.m.k. tvö ár.

11. gr.

1. EUR. 1 skírteini skal gert á eyðublaði sem fyrirmynd er að í viðauka V við þessa bókun. Eyðublað þetta skal prentað á einu eða fleiri þeirra tungumála sem samningurinn er gerður á. EUR. 1 skírteini skulu rituð á einu þessara tungumála og í samræmi við landslög í útflutningslandinu; ef þau eru handskrifuð skulu þau útfyllt með bleki og rituð með upphafsstöfum.

2. EUR. 1 skírteinið skal vera 210 × 297 mm að stærð. Leyfileg frávik eru allt að plús 8 mm og mínus 5 mm um lengd. Pappír sá sem notaður er skal vera hvítur skrifpappír, hreinskorinn, sem inniheldur ekki vélunninn trémassa og vegur minnst 25 g/m^2. Hann skal vera búinn grænu prentuðu bakgrunnsmynstri sem gerir allar falsanir með vélrænum eða kemískum hætti augljósar.

3. Aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Ísland geta áskilið sér rétt til að annast prentun EUR. 1 skírteinanna sjálf eða látið prenta þau í prentsmiðjum sem viðurkenndar eru af þeim. Í síðari tilvikinu skal vera skráð á hvert EUR. 1 skírteini nafn og heimilisfang prentsmiðjunnar eða tákn sem gefur til kynna hver hún er. Það skal enn fremur bera raðnúmer, prentað eða óprentað, sem auðkenni það.

12. gr.

1. EUR. 1 skírteini ber að afhenda tollyfirvöldum í innflutningslandinu, sem vörunum er framvísað hjá, og samkvæmt gildandi reglum þar innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tollyfirvöld í útflutningslandinu gáfu skírteinið út. Tollyfirvöldunum er heimilt að krefjast þýðingar á skírteini. Þau

geta auk þess krafist að aðflutningsskýrslu fylgi yfirlýsing innflytjanda sem staðfesti að vörurnar uppfylli skilyrði til að ákvæðum samningsins verði beitt.

2. Þegar sundurtekin eða ósamsett vara, sem fellur undir 84. eða 85. kafla tollnafnaskrárinnar, er flutt inn í fleiri en einni vörusendingu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þar til bær yfirvöld hafa sett, skal að beiðni þess aðila, sem framvísar vörunum við tollyfirvöld, líta á hana sem einstaka vöru sem framvísa má EUR. 1 skírteini fyrir í heild við innflutning fyrstu sendingarinnar, án þess að það hafi áhrif á 3. tl. 5. gr. þessarar bókunar.

3. EUR. 1 skírteini, sem afhent er tollyfirvöldum í innflutningslandinu eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. tl., má veita viðtöku til að beitt verði fríðindameðferð þegar ástæða þess, að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins, er óviðráðanlegar ástæður („force majeure") eða óvenjulegar aðstæður.

Í öðrum tilvikum, þegar afhending á sér stað of seint, geta tollyfirvöld í innflutningslandinu veitt EUR. 1 skírteinum viðtöku hafi vörunum verið framvísað við þau fyrir lok nefnds frests.

4. Komi í ljós óverulegt ósamræmi milli þeirra atriða, sem tilgreind eru í EUR. 1 skírteininu og þeim skjölum sem framvísað er við tollstöð til að fullnægja formsatriðum við innflutning varanna, skal það ekki leiða sjálfkrafa til ógildis skírteinis, að því tilskildu að gengið verði úr skugga um að skírteinið sé í samræmi við vörurnar.

5. EUR. 1 skírteini skulu tollyfirvöld í innflutningslandinu varðveita samkvæmt gildandi reglum í því landi.

Eftirtalin gögn, sem framvísað er við tollyfirvöld í innflutningslandinu, skulu teljast sönnun þess að skilyrði 7. gr. þessarar bókunar hafi verið uppfyllt:

a) eitt viðbótarflutningsskjal sem gefið hefur verið út í útflutningslandinu og notað hefur verið vegna ferðar um umflutningslandið; eða
b) skírteini sem gefið er út af tollyfirvöldum í umflutningslandinu og hefur að geyma:
   — nákvæma vörulýsingu,
   — affermingar- og endurfermingardagsetningu varanna og, þar sem það á við, nöfn skipanna,
   — staðfesta sönnun þess við hvaða skilyrði vörurnar hafa verið í umflutningslandinu;
c) eða einhver önnur staðfestingarskjöl ef ofangreind skjöl liggja ekki fyrir.

13. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1.—6. tl. 9. gr. og 1. og 6. tl. 10. gr. þessarar bókunar er heimilt að gefa út EUR. 1 skírteini á einfaldari hátt í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

2. Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta heimilað að sérhver útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi", sem uppfyllir skilyrði 3. tl. og hefur í hyggju viðskipti sem gefa má út EUR. 1 skírteini fyrir, þurfi hvorki að framvísa vörunum hjá tollstöð í útflutningslandinu, þegar útflutningur fer fram, né heldur umsókn um EUR. 1 skírteini fyrir vörur þessar, til að fá EUR. 1 skírteini í samræmi við ákvæði 5. tl. 8. gr., 1.—4. tl. 9. gr. og 2. tl. 12. gr. þessarar bókunar.

Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta undanþegið vissa vöruflokka hinni sérstöku meðferð sem gert er ráð fyrir í 1. tl.

3. Heimild samkvæmt 2. tl. skal einungis veitt útflytjendum sem flytja oft út vörur og geta að mati tollyfirvalda sett allar nauðsynlegar tryggingar til sönnunar því að vörurnar uppfylli skilyrði um uppruna.

Tollyfirvöld skulu synja útflytjendum um heimild þessa geti þeir ekki að þeirra mati sett allar nauðsynlegar tryggingar.

Tollyfirvöld geta afturkallað heimildina hvenær sem er. Það skulu þau gera þegar viðurkenndur útflytjandi uppfyllir eigi lengur skilyrðin eða getur eigi lengur sett þessar tryggingar.

4. Í heimildinni skal tiltekið samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda að reitur nr. 11 í EUR. 1 skírteininu, „Áritun tollyfirvalda", skuli annaðhvort:

a) vera áritaður fyrirfram með stimpli viðkomandi tollstöðvar í útflutningslandinu og eiginhandarundirskrift starfsmanns þess embættis, handskrifaðri eða ekki; eða
b) vera áritaður af hinum viðurkennda útflytjanda með sérstökum stimpli sem viðurkenndur hefur verið af tollyfirvöldum í útflutningslandinu og samsvarar fyrirmynd þeirri sem sýnd er í viðauka VII við þessa bókun; stimpill þessi má vera prentaður fyrirfram á eyðublöðin.

Reit nr. 11 á EUR. 1 skírteininu, „Áritun tollyfirvalda", skal hinn viðurkenndi útflytjandi útfylla ef nauðsyn krefur.

5. Í tilvikum þeim sem tilgreind eru í a-lið 4. tl. skal í reit nr. 7, „Athugasemdir", á EUR. 1 skírteininu rita eina af eftirfarandi setningum: „Simplified procedure", „Forenklet procedure", „Vereinfachtes Verfahren", „Procédure simplifiée", „Procedura semplificata", „Vereenvoudigde procedure", „απλουστευμξνη διαδικασια", „Yksinkertaistettu menettely", „Einföldun afgreiðslu", „Forenklet prosedyre", „Procedimento simplificado", „Förenklad procedur". Viðurkenndur útflytjandi skal, ef nauðsyn krefur, tilgreina í reit nr. 13, „Beiðni um sannprófun", á EUR. 1 skírteininu nafn og aðsetur þess tollyfirvalds sem bært er til að sannprófa EUR. 1 skírteinið.

6. Í heimildinni skulu tollyfirvöld tilgreina sérstaklega:

a) skilyrði sem sett eru fyrir umsóknum um EUR. 1 skírteini;
b) skilyrði um að þessar umsóknir, og þau EUR. 1 skírteini sem útgáfa annarra EUR. 1 skírteina er grundvölluð á samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. tl. 9. gr. þessarar bókunar, skuli geymdar í a. m. k. tvö ár;
c) hvaða tollyfirvöld séu bær um að framkvæma sannprófun eftir á í samræmi við 17. gr. hér að neðan þegar um er að ræða tilvik þar sem b-liður 4. tl. á við.

Þegar um einföldun afgreiðslu er að ræða geta tollyfirvöld í útflutningslandinu kveðið á um notkun EUR. 1 skírteina með auðkennum er greini þau frá öðrum.

7. Skylda má viðurkenndan útflytjanda til að tilkynna tollyfirvöldum, eftir reglum sem þau setja, um vörur sem hann ætlar að senda svo að þar til bær tollstöð geti látið framkvæma þá sannprófun sem hún telur nauðsynlega áður en vörurnar eru sendar.

Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta gert hverja þá könnun hjá viðurkenndum útflytjanda sem þau telja nauðsynlega. Hinn viðurkenndi útflytjandi verður að leyfa slíkt.

8. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á beitingu reglna sem Efnahagsbandalagið, aðildarríkin og Ísland hafa sett um formsatriði við tollafgreiðslu og notkun tollskjala.

14. gr.

1. EUR. 2 eyðublað skal útflytjandi eða umboðsmaður á hans ábyrgð útfylla og undirrita. Það skal gert á eyðublaði sem fyrirmynd er að í viðauka VI. Eyðublað þetta skal prentað á einu eða fleiri þeirra tungumála sem samningurinn er gerður á. Það skal ritað á einu þessara tungumála og í samræmi við landslög í útflutningslandinu. Ef það er handskrifað skal það útfyllt með bleki og ritað með upphafsstöfum.

2. Eitt EUR. 2 eyðublað skal útfyllt fyrir hverja sendingu.

3. EUR. 2 eyðublað skal vera 210 × 148 mm að stærð. Leyfileg frávik eru allt að plús 8 mm og mínus 5 mm um lengd. Pappír sá sem notaður er skal vera hvítur skrifpappír, hreinskorinn, sem inniheldur ekki vélunninn trémassa og vegur minnst 64 g/m^2.

4. Aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Ísland geta áskilið sér rétt til að annast prentun EUR. 2 eyðublaða sjálf eða látið prenta þau í prentsmiðjum sem viðurkenndar eru af þeim. Í síðara tilvikinu skal slíkrar viðurkenningar getið á hverju eyðublaði. Auk þess skal á eyðublaðinu vera skráð nafn og heimilisfang prentsmiðjunnar eða tákn sem gefur til kynna hver hún er. Það skal enn fremur bera raðnúmer, prentað eða óprentað, sem auðkenni það.

5. Hafi þegar farið fram í útflutningslandinu sannprófun á því hvort vörur í sendingu falli undir skilgreiningu hugtaksins upprunavörur getur útflytjandinn látið slíkrar könnunar getið í athugasemdareitnum á EUR. 2 eyðublaðinu.

6. Útflytjanda, sem fyllt hefur út EUR. 2 eyðublað, er skylt að framvísa sönnunargögnum er varða notkun eyðublaðsins sé þess óskað af tollyfirvöldum í útflutningslandinu.

15. gr.

1. Vörur, sem sendar eru frá Efnahagsbandalaginu eða Íslandi á vörusýningu í öðru landi en þeim sem vísað er til í 2. gr. þessarar bókunar og seldar eru eftir sýninguna til innflutnings til Íslands eða Efnahagsbandalagsins, skulu við innflutning njóta tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samningsins, að því tilskildu að vörurnar uppfylli skilyrði þessarar bókunar til að viðurkennt verði að þær séu upprunnnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi auk þess sem fullnægjandi sönnur séu færðar fyrir því að mati tollyfirvalda:

a) að útflytjandi hafi sent þessar vörur frá Efnahagsbandalaginu eða Íslandi til landsins, þar sem sýning er haldin, og sýnt þær þar;

b) að útflytjandinn hafi selt vörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti í hendur viðtakanda á Íslandi eða í Efnahagsbandalaginu;
c) að vörurnar hafi verið sendar, meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana, til Íslands eða Efnahagsbandalagsins í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar á sýninguna;
d) að vörurnar hafi ekki, frá þeirri stundu er þær voru sendar á sýninguna, verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á vörusýningunni.

2. Framvísa ber EUR. 1 skírteini hjá tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Þar ber að geta nafns sýningarinnar og hvar hún er haldin. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra viðbótarsönnunargagna um eðli varanna og aðstæður við sýningu þeirra.

3. Ákvæði 1. tl. skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði þar sem markmiðið er að selja erlendar vörur, enda séu vörurnar undir eftirliti tollyfirvalda meðan á sýningu stendur.

16. gr.

1. Til að tryggja að ákvæðum þessa hluta verði réttilega beitt skulu aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Ísland veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð með tilstuðlan tollyfirvalda sinna til að fylgjast með því að EUR. 1 skírteini séu ófölsuð og efnislega rétt, þar með talin þau skírteini sem gefin eru út samkvæmt 3. tl. 9. gr. þessarar bókunar, svo og yfirlýsingar útflytjanda sem gefnar eru á EUR. 2 eyðublöðum.

2. Sameiginlega nefndin hefur heimild til að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir til að samstarf á sviði stjórnsýslu verði hafið í tæka tíð í Efnahagsbandalaginu og á Íslandi.

3. Tollyfirvöld aðildarríkjanna og Íslands skulu fyrir milligöngu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna láta hvert öðru í té sýnishorn af þrykki stimpla sem notaðir eru í tollstöðvum þeirra við útgáfu EUR. 1 skírteina.

4. Hver sá sem gefur út eða lætur gefa út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér fríðindameðferðar fyrir vörur skal sæta viðurlögum.

Þetta ákvæði tekur að breyttu breytanda til þeirra tilvika þegar beitt er reglum 13. gr. þessarar bókunar.

5. Aðildarríkin og Ísland skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé skipt á vörum, sem verslað er með samkvæmt EUR. 1 skírteini, og öðrum vörum, meðan þær í flutningi eru á tollfrjálsu svæði á landsvæði þeirra, og þær fái ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg er til að hindra að þær spillist.

6. Þegar vörur upprunnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi hafa verið fluttar inn á tollfrjálst svæði með EUR. 1 skírteini og hljóta aðvinnslu er viðkomandi tollyfirvöldum skylt að beiðni útflytjanda að gefa út nýtt EUR. 1 skírteini ef aðvinnslan er í samræmi við ákvæði þessarar bókunar.

17. gr.

1. Sannprófun EUR. 1 skírteina og EUR. 2 eyðublaða eftir á skal framkvæmd óreglubundið eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningslandinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa að skjalið sé ófalsað eða efnislega rétt að því er varðar uppruna þeirra vara sem um er að ræða.

2. Við framkvæmd 1. tl. skulu tollyfirvöld í innflutningslandinu endursenda EUR. 1 skírteinið eða EUR. 2 eyðublaðið eða ljósrit þeirra til tollyfirvalda í útflutningslandinu og tilgreina, þar sem það á við, ástæður, efnislegar eða formlegar, fyrir því að fyrirspurnin er gerð. Vörureikning, hafi honum verið framvísað, eða afrit af honum skal festa við EUR. 1 skírteinið eða EUR. 2 eyðublaðið og skulu tollyfirvöldin láta í té allar upplýsingar sem aflað hefur verið og gefa til kynna að atriði í skírteininu eða á eyðublaðinu séu ekki rétt.

Hafi tollyfirvöld í innflutningslandinu ákveðið að fresta því að beita ákvæðum samningsins meðan beðið er niðurstöðu sannprófunar skulu þau heimila afhendingu varanna til innflytjandans gegn hverjum þeim tryggingarráðstöfunum sem þau telja nauðsynlegar.

3. Tollyfirvöldum í innflutningslandinu skulu tilkynntar niðurstöður sannprófunar svo fljótt sem auðið er. Niðurstöður þessar verða að vera þannig að unnt sé að úrskurða hvort EUR. 1 skírteinið eða EUR. 2 eyðublaðið, sem ágreiningur er um, eigi við þær vörur sem voru raunverulega fluttar út og hvort þessar vörur geti í raun notið fríðindameðferðar.

Þegar þessi ágreiningsatriði verða ekki leyst af tollyfirvöldum í innflutningslandinu og útflutningslandinu sín á milli eða þau leiða til að vafi leikur á hvernig túlka beri þessa bókun skal þeim vísað til tollanefndarinnar.

Vegna sannprófunar á EUR. 1 skírteinum eftir á ber tollyfirvöldum í útflutningslandinu að geyma útflutningsskjölin eða afrit EUR. 1 skírteina, sem í stað þeirra koma, í a.m.k. tvö ár.

III. HLUTI

Lokaákvæði.

(18. gr.

Bráðabirgðaákvæði sem fellt er brott.)

19. gr.

Efnahagsbandalagið og Ísland skulu hvort fyrir sig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þessa bókun.

20. gr.

Viðaukar við þessa bókun eru óaðskiljanlegur hluti hennar.

(21. gr.

Bráðabirgðaákvæði sem fellt er brott.)

22. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að flutningsskírteinin, sem tollyfirvöldum í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins og á Íslandi er heimilað að gefa út samkvæmt samningum þeim sem vísað er til í 2. gr., verði gefin út í samræmi við ákvæði þeirra samninga. Þau skuldbinda sig einnig til að tryggja það samstarf á sviði stjórnsýslu sem nauðsynlegt er í þessu tilliti, einkum til að fylgst verði með sendingarleið vara, sem verslað er með samkvæmt þeim samningum sem vísað er til í 2. gr., og hvar þær hafa verið geymdar.

23. gr.

1. Endurgreiðslu á tolli eða undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar verður eingöngu notið, án þess að það brjóti í bága við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 2, vegna vara sem samningurinn tekur til og notaðar eru til framleiðslu á vörum sem EUR. 1 skírteini eða EUR. 2 eyðublað hefur verið gefið út eða útfyllt fyrir, enda sé um að ræða efnivörur upprunnar í Efnahagsbandalaginu, á Íslandi eða í einhverju hinna sex landanna sem vísað er til í 2. gr. þessarar bókunar.

Þó skal ekki, þrátt fyrir undanfarandi ákvæði varðandi „upprunavörur", veita endurgreiðslu á tolli eða undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar vegna nokkurra upprunavara sem samningurinn milli Kola- og stálbandalags Evrópu og Íslands tekur til og koma frá Grikklandi, hvort sem vörur þessar eru notaðar til framleiðslu vara í Efnahagsbandalagslöndunum níu eða á Íslandi og EUR. 1 flutningsskírteini hefur verið gefið út fyrir eða EUR. 2 eyðublað hefur verið útfyllt fyrir í Efnahagsbandalagslöndunum níu eða á Íslandi, eða vörurnar eru endurútfluttar í sama ástandi frá þessum löndum með EUR. 1 flutningsskírteini gefnu út í eða EUR. 2 eyðublaði útfylltu í Efnahagsbandalagslöndunum níu eða á Íslandi[1]).

(2. Bráðabirgðaákvæði sem fellt er brott.)

3. Í þessari grein og þeim sem á eftir fara er með orðinu „tollur" einnig átt við gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

(24. gr.

Bráðabirgðaákvæði sem fellt er brott.)

([1]) Þessi málsgrein gildir til 31. desember 1985.

25. gr.

(1.—4.: Bráðabirgðaákvæði sem felld eru brott.)

5. Þegar mismunandi tollmeðferð er áskilin vegna innflutnings til Íslands frá Grikklandi eða Efnahagsbandalagslöndunum níu samkvæmt 3. gr. viðbótarbókunar við samninginn milli Kola- og stálbandalags Evrópu og Íslands, skal sú sérmeðferð, sem áskilin er gagnvart Grikklandi, gilda um allar vörur sem upprunnar eru í Efnahagsbandalaginu og fylgir EUR. 1 flutningsskírteini eða EUR. 2 eyðublað útgefið eða útfyllt í Grikklandi[1]).

26. gr.

Samningsaðilum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að komast að samkomulagi við Austurríki, Finnland, Noreg, Portúgal, Sviss og Svíþjóð til að framkvæmd þessarar bókunar verði tryggð.

27. gr.

1. Við framkvæmd A-liðar 1. tl. 2. gr. þessarar bókunar skal farið með sérhverja þá vöru, sem upprunnin er í einhverju þeirra sex landa sem vísað er til í þeirri grein, eins og um sé að ræða vöru sem uppfyllir ekki upprunaskilyrði, á því tímabili eða tímabilum er Ísland beitir tollum, sem gilda um þriðju lönd, eða öðrum samsvarandi verndarúrræðum um þá vöru með tilliti til viðkomandi lands samkvæmt þeim ákvæðum sem gilda um viðskipti Íslands og landanna sex er um ræðir í fyrrnefndri 2. gr.

2. Við framkvæmd B-liðar 1. tl. 2. gr. þessarar bókunar skal farið með sérhverja þá vöru, sem upprunnin er í einhverju þeirra sex landa er um ræðir í þeirri grein, eins og um sé að ræða vöru sem uppfyllir ekki upprunaskilyrði, á því tímabili eða tímabilum er Efnahagsbandalagið beitir tollum, sem gilda um þriðju lönd, um þá vöru með tilliti til viðkomandi lands samkvæmt þeim samningi sem Efnahagsbandalagið hefur gert við það land.

28. gr.

Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera breytingar á ákvæðum þessarar bókunar.

Viðauki I.

SKÝRINGAR

Skýring nr. 1 — 1. gr.:

Orðin „Efnahagsbandalagið“ eða „Ísland“ taka einnig til landhelgi aðildarríkja Efnahagsbandalagsins eða Íslands.

Skip á úthafinu, þar með talin verksmiðjuskip, sem vinna afla sinn um borð, skulu talin hluti af yfirráðasvæði þess ríkis sem þau tilheyra enda fullnægi þau skilyrðunum í skýringu nr. 5.

Skýring nr. 2 — 1., 2. og 3. gr.:

Þegar ákvarða skal, hvort vörur séu upprunnar í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi eða í einhverju þeirra landa sem tilgreind eru í 2. gr., er ekki nauðsynlegt að staðreyna hvort orka og eldsneyti, búnaður og tæki og vélar og verkfæri, sem notuð hafa verið við framleiðslu á slíkum vörum, séu upprunnin í þriðja ríki eða ekki.

Skýring nr. 3 — 2. og 5. gr.:

Við framkvæmd ákvæða b-liðar 1. tl. A og b-liðar 1. tl. B 2. gr. ber að taka tillit til hundraðshlutareglunnar, að því er varðar virðisaukann sem myndast hefur, samkvæmt ákvæðunum í listum A og B. Þegar hinar framleiddu vörur eru tilgreindar í lista A felur hundraðshlutareglan því í sér viðbótarviðmiðun, auk reglunnar um tollnúmeraskipti, að því er varðar sérhverja vöru sem telst ekki upprunavara og notuð hefur verið. Á sama hátt verður ákvæðum, sem útiloka uppsöfnun hundraðshluta þeirra sem tilgreindir eru í listum A og B fyrir sérhverja framleidda vöru, beitt í hverju ríki fyrir sig um virðisaukann sem myndast hefur.

([1]) Þessi töluliður gildir til 31. desember 1985.

Skýring nr. 4 — 1., 2. og 3. gr.:

Á umbúðir er litið sem hluta af vörunni er þær innihalda. Þetta ákvæði á þó ekki við um umbúðir sem óvanalegt er að notaðar séu um viðkomandi vörutegund og hafa sjálfstætt varanlegt notagildi, óháð notkun þeirra sem umbúða.

Skýring nr. 5 — f-liður 4. gr.:

Orðin „skip þeirra" taka aðeins til skipa:

— sem eru skráð í aðildarríki Efnahagsbandalagsins eða á Íslandi;
— sem sigla undir fána aðildarríkis Efnahagsbandalagsins eða Íslands;
— sem eru a. m. k. 50% í eigu þegna aðildarríkja Efnahagsbandalagsins eða Íslands eða félags sem hefur aðalstöðvar sínar í einhverju þessara ríkja, enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna þegnar aðildarríkja Efnahagsbandalagsins eða Íslands, auk þess sem a. m. k. helmingur höfuðstóls sé í eigu þessara ríkja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara nefndra ríkja ef um er að ræða félög með ótakmarkaðri ábyrgð eða hlutafélög;
— þegar skipstjóri og yfirmenn eru allir þegnar aðildarríkja Efnahagsbandalagsins eða Íslands;
— þegar a. m. k. 75% áhafnarinnar eru þegnar aðildarríkja Efnahagsbandalagsins eða Íslands.

Skýring nr. 6 — 6. gr.:

Með „verði vörunnar frá verksmiðju" er átt við það verð sem greitt er framleiðandanum í fyrirtækinu þar sem lokaaðvinnslan fer fram, að því tilskildu að verðið feli í sér verðmæti allra vara notaðra til framleiðslu.

Með „tollverði" er átt við tollverðmæti eins og það er ákvarðað samkvæmt samningi um framkvæmd 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti sem gerður var í Genf 12. apríl 1979.

Skýring nr. 7 — 1. tl. 16. gr. og 22. gr.:

Þegar EUR. 1 skírteini hefur verið gefið út með þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í 3. tl. 9. gr., og það varðar vörur sem endurútfluttar hafa verið óbreyttar eiga tollyfirvöld í viðtökulandinu með samstarfi á sviði stjórnsýslu að geta fengið rétt endurrit af EUR. 1 skírteininu eða skírteinunum sem gefin hafa verið út áður fyrir vörurnar.

Skýring nr. 8 — 23. gr.:

Með „endurgreiðslu á tolli eða undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar" er átt við allar ráðstafanir sem miða, að hluta eða að fullu, að endurgreiðslu eða eftirgjöf tolla sem lagðir eru á vörur notaðar til framleiðslu, að því tilskildu að umrætt ákvæði eigi við, beint eða óbeint, um þessa endurgreiðslu eða undanþágu frá greiðslu eða álagningu, þegar vörur, sem fengnar eru úr nefndum efnivörum, eru fluttar út en ekki þegar þær eru ætlaðar til neyslu innanlands.

Þegar um er að ræða endurútflutning á vörum í sama ástandi er við framkvæmd 1. tl. 23. gr. með orðasambandinu í 2. mgr., „undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar", einnig átt við beitingu reglna er gilda um fríhafnir, tollvörugeymslur eða umflutning um Ísland eða Efnahagsbandalagið á leið til annnars ákvörðunarstaðar og sérhverrar annarrar reglu sem felur í sér að tollur sé eingöngu innheimtur ef vörurnar eru ætlaðar til neyslu innanlands.[1)]

Með „vörum notuðum til framleiðslu" er átt við hvers konar vörur sem óskað er eftir „endurgreiðslu á tolli eða undanþágu frá greiðslu á tolli hvers konar" fyrir vegna útflutnings á upprunavörum sem EUR. 1 skírteini hefur verið gefið út fyrir eða EUR. 2 eyðublað útfyllt fyrir.

(1) Þessi málsgrein gildir til 31. desember 1985.

Viðauki II.

LISTI A

Listi yfir aðvinnslu sem hefur í för með sér skipti á tollskrárnúmerum en nægir ekki til að vörur, sem þá meðferð hljóta, standist upprunakröfurnar eða nægir aðeins til þess að uppfylltum vissum skilyrðum

Framleiddar vörur		*Aðvinnsla sem nægir ekki til að varan standist upprunakröfurnar*	*Aðvinnsla sem nægir til að varan standist upprunakröfurnar þegar neðangreind skilyrði eru fyrir hendi*
Númer í tollskrá	*Vörulýsing*		
úr 03.02	Fisklifur og -hrogn	Framleiðsla úr vörum í 3. kafla	
15.04	Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð	Framleiðsla úr vörum í 3. kafla	
úr 16.04	Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra, þó ekki laxfiskur, sardínur, túnfiskur, rákungur, makríll og ansjósur	Framleiðsla úr vörum í 3. kafla	
16.05	Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin	Framleiðsla úr vörum í 3. kafla	
úr 17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í, nema lakkrísextrakt með meira en 10% sakkarósainnihaldi miðað við þyngd og ekki er bætt í öðrum efnum	Framleiðsla úr öðrum vörum í 17. kafla, enda fari verðmæti þeirra fram úr 30% af verðmæti vörunnar fullgerðrar	
úr 18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó, þó ekki aðrar vörur en kakaóduft, aðeins sykrað með því að bæta í það sakkarósa, rjómaís (þó ekki rjómaísduft) og annar neysluís, súkkulaði og súkkulaðivörur, einnig fylltar, og sykurvörur og eftirlíkingar þeirra framleiddar úr sykurlíki, með kakaóinnihaldi, í smásöluumbúðum sem innihalda meira en 500 g nettó	Framleiðsla úr vörum í 17. kafla, enda fari verðmæti þeirra fram úr 30% af verðmæti vörunnar fullgerðrar	
úr 19.02	Maltextrakt	Framleiðsla úr vörum í nr. 11.07	
úr 19.02	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd	Framleiðsla úr korni og kornvörum, kjöti og mjólk, eða úr vörum í 17. kafla sem að verðmæti fara fram úr 30% af verðmæti vörunnar fullgerðrar	
19.03	Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur		Framleiðsla úr durum-hveiti
19.04	Tapíókagrjón og sagógrjón; tapíóka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju	Framleiðsla úr kartöflumjöli	

Framleiddar vörur			
Númer í tollskrá	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla sem nægir ekki til að varan standist upprunakröfurnar*	*Aðvinnsla sem nægir til að varan standist upprunakröfurnar þegar neðangreind skilyrði eru fyrir hendi*
19.05	Neysluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice", „corn flakes" eða þess konar vörur	Framleiðsla úr öðrum vörum en í 17. kafla[1]) eða úr vörum í 17. kafla sem að verðmæti fara fram úr 30% af verðmæti vörunnar fullgerðrar	
19.07	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta; altarisbrauð, hylki fyrir lyf, innsiglunarobláta, rísþynnur og þess konar vörur	Framleiðsla úr vörum í 11. kafla	
19.08	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti	Framleiðsla úr vörum í 11. kafla	
úr 21.05	Súpur og seyði, fljótandi, í föstu formi eða sem duft	Framleiðsla úr vörum í nr. 20.02	
úr 22.02	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07	Framleiðsla úr ávaxtasafa[2]) eða úr vörum í 17. kafla sem að verðmæti fara fram úr 30% af verðmæti vörunnar fullgerðrar	
22.06	Vermút og önnur vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum	Framleiðsla úr vörum í nr. 08.04, 20.07, 22.04 eða 22.05	
úr 22.09	Áfengir drykkir, aðrir en romm, arak, tafía, gin, whisky, vodka með 45,2% etanólmagni eða minna að rúmmáli, og plómu-, peru- eða kirsuberjabrennivín sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða umbreyttan sykur)	Framleiðsla úr vörum í nr. 08.04, 20.07, 22.04 eða 22.05	
úr 28.19	Zinkoxyd	Framleiðsla úr vörum í nr. 79.01	
úr 28.38	Álsúlfat		Framleiðsla sem í eru notaðar vörur sem að verðmæti fara ekki fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
30.03	Lyf, einnig til dýralækninga		Framleiðsla sem í eru notaðar vörur sem að verðmæti fara ekki fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar

1) Þessi regla á ekki við um maís af gerðinni „zea indurata" eða durum-hveiti.
2) Þessi regla á ekki við um ananassafa, súraldinsafa og grapealdinsafa.

Framleiddar vörur			
Númer í tollskrá	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla sem nægir ekki til að varan standist upprunakröfurnar*	*Aðvinnsla sem nægir til að varan standist upprunakröfurnar þegar neðangreind skilyrði eru fyrir hendi*
31.05	Annar áburður; hvers konar áburður sem telst til þessa kafla og er mótaður í töflur eða svipað form eða er í svo smáum umbúðum að hvert stykki vegi 10 kg eða minna brúttó		Framleiðsla sem í eru notaðar vörur sem að verðmæti fara ekki fram úr 50% af verðmæti vörunnar fullgerðrar
32.06	Litlökk	Framleiðsla úr vörum í nr. 32.04 eða 32.05 [1]	
32.07	Önnur litarefni; ólífrænir ljósnæmir litir	Blöndun oxyda eða salta úr 28. kafla með fylliefnum svo sem baríumsúlfati, krít, baríumkarbónati og satínhvítu [1]	
1. Á flutningsskírteini má hvorki afmá það sem ritað hefur verið né rita ofan í það sem fyrir er. Breytingar skulu gerðar þannig að strikað er yfir röngu atriðin en hinum réttu er bætt við, eftir því sem við á. Sá sem býr út skírteinið skal rita fangamark sitt við slíkar breytingar og þær skulu staðfestar af tollyfirvöldum í útflutningslandi eða landsvæði.
2. Ekki skal vera línubil á milli einstakra vöruliða, sem færðir eru á skírteinið, og fyrir framan hvern þeirra skal skrá raðnúmer. Strax á eftir síðasta vöruliðnum skal draga lárétt strik. Eyða sem eftir verður ónotuð skal strika yfir þannig að engu verði aukið við síðar.
3. Heiti varanna ber að tilgreina í samræmi við viðskiptavenjur og með nægilegri nákvæmni til að hægt sé að þekkja þær af lýsingunni.

Viðauki VI.

(FRAMHLIÐ)

Lesið vandlega leiðbeiningar á bakhlið áður en eyðublaðið er útfyllt.

Eyðublað **EUR. 2** Nr.	1 Eyðublað til nota í fríverslun milli[1]) ..... og .....
2 Útflytjandi (nafn, fullt heimilisfang, land)	3 Yfirlýsing útflytjanda Ég undirritaður, útflytjandi þeirra vara sem lýst er hér að neðan, lýsi yfir að vörurnar fullnægja settum skilyrðum fyrir útfyllingu þessa eyðublaðs og vörurnar hafi öðlast upprunaréttindi samkvæmt gildandi ákvæðum um fríverslun sem um getur í reit 1.
4 Viðtakandi (nafn, fullt heimilisfang, land)	5 Staður og dagsetning 6 Undirskrift útflytjanda
7 Athugasemdir[2])	8 Upprunaland[3]) / 9 Ákvörðunarland[4]) / 10 Heildarþyngd (kg)
11 Merki; númer sendingar; vörulýsing	12 Tollyfirvöld í útflutningslandinu[4]) sem ber að sannprófa yfirlýsingu útflytjanda

1) Tilgreinið viðeigandi lönd, ríkjabandalög eða landsvæði.
2) Vísið til sannprófunar sem rétt yfirvöld hafa þegar framkvæmt.
3) „Upprunaland" merkir land, ríkjabandalag eða landsvæði þar sem vörurnar eru taldar upprunnar.
4) „Land" merkir land, ríkjabandalag eða landsvæði.

13 BEIÐNI UM SANNPRÓFUN	14 NIÐURSTAÐA SANNPRÓFUNAR
Óskað er sannprófunar yfirlýsingar útflytjanda á framhlið eyðublaðs þessa (*)	Sannprófun sýnir að (1) ☐ yfirlýsingar og einstök atriði tilgreind í þessu eyðublaði eru rétt. ☐ eyðublað þetta uppfyllir ekki sett skilyrði um efni og gildi (sjá viðfestar athugasemdir).
..... 19..... (Staður og dagsetning)	..... 19..... (Staður og dagsetning)
Stimpill	Stimpill
..... (Undirskrift)	..... (Undirskrift)
	(1) Setjið x í viðeigandi reit.

(*) Sannprófun EUR. 2 eyðublaðs eftir á skal framkvæmd með úrtaki eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningslandinu hafa ástæðu til að draga í efa efni upplýsinga varðandi gildi eyðublaðs og réttan uppruna viðkomandi vara.

(BAKHLIÐ)

Leiðbeiningar um útfyllingu EUR. 2 eyðublaðs.

1. EUR. 2 eyðublað má aðeins útbúa yfir vörur sem uppfylla í útflutningslandinu skilyrði ákvæða sem gilda um viðskipti þau sem um ræðir í reit 1. Ákvæði þessi ber að kynna sér vandlega áður en eyðublaðið er útfyllt.

2. Þegar um bögglapóst er að ræða á útflytjandi að festa eyðublaðið við fylgibréfið. Þegar um sendingu í bréfapósti er að ræða skal hann setja eyðublaðið í umbúðir. Tilvísunin „EUR. 2" og raðnúmer eyðublaðsins skal tilgreint á grænan tollmiða C1 eða í tollskýrslu C2/CP3, eftir því sem við á.

3. Leiðbeiningar þessar undanþiggja útflytjanda ekki því að hlíta öðrum formsatriðum sem kveðið er á um í reglum toll- eða póstyfirvalda.

4. Útflytjanda sem notar eyðublað þetta er skylt að láta viðkomandi yfirvöldum í té öll sönnunargögn sem þau kunna að beiðast og samþykkja athugun þeirra á bókhaldi sínu og aðstæðum við framleiðslu þeirra vara sem lýst er í reit 11 á eyðublaði þessu.

Viðauki VII.

UMSÓKN UM FLUTNINGSSKÍRTEINI

1 Útflytjandi (nafn, fullt heimilisfang, land)

EUR.1

Nr. A 000.000

Sjá skýringar á bakhlið áður en eyðublaðið er fyllt út

2 **Umsókn um flutningsskírteini til nota í fríverslun milli**

.....

og

.....

(tilgreinið lönd, ríkjabandalag eða landsvæði)

3 Viðtakandi (nafn, fullt heimilisfang, land) (valfrjáls útfylling)

4 Land, ríkjabandalag eða landsvæði þar sem vörurnar eru taldar upprunnar

5 Ákvörðunarland, ríkjabandalag eða landsvæði

6 Upplýsingar um flutning (valfrjáls útfylling)

7 Athugasemdir

8 Raðnúmer; merki og númer á stykkjum; tala og tegund stykkja[1]; vörutegund	**9** Brúttóþyngd (kg) eða annað mál (l, m^3 o. s. frv.)	**10** Vörureikningar (valfrjáls útfylling)

1 Ef vörur eru ekki í umbúðum skal tilgreina stykkjatölu eða rita „búlkavörur" eftir því sem við á.

YFIRLÝSING ÚTFLYTJANDA

Ég undirritaður, útflytjandi þeirra vara sem lýst er hér að framan,

LÝSI YFIR að vörurnar fullnægja settum skilyrðum fyrir útgáfu á viðfestu flutningsskírteini;

TILGREINI hér með þau atvik sem ráða því að vörurnar fullnægja ofangreindum skilyrðum

.....

.....

.....

.....

LEGG FRAM eftirfarandi skilríki þessu til stuðnings (1):

.....

.....

.....

.....

SKULDBIND MIG TIL, að kröfu réttra yfirvalda, að leggja fram öll sönnunargögn sem þau kunna að telja nauðsynleg til þess að viðfest skírteini verði gefið út, svo og skuldbind ég mig til að samþykkja, verði þess beiðst, að téð yfirvöld athugi bókhald mitt og allar aðstæður við framleiðslu ofangreindra vara;

ÓSKA EFTIR útgáfu á viðfestu skírteini yfir þessar vörur.

.....
(Staður og dagsetning)

.....
(Undirskrift)

(1) Til dæmis innflutningsskjöl, flutningsskírteini, vörureikningar, yfirlýsingar framleiðanda o. s. frv. varðandi efnivörurnar sem notaðar hafa verið eða vörur sem fluttar eru út aftur óbreyttar.

Viðauki VIII.



1) Bókstafsmerki eða skjaldarmerki útflutningslands sem aðili er að samningi þessum.
2) Upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á viðurkenndan útflytjanda.

10. október 1985 Nr. 11

AUGLÝSING

um samning við Bretland um félagslegt öryggi.

Hinn 1. ágúst 1985 öðlaðist gildi samningur milli Íslands og Bretlands um félagslegt öryggi sem undirritaður var í Reykjavík 25. ágúst 1983.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um félagslegt öryggi milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands

sem hafa ákveðið að starfa saman á sviði félagsmála og sérstaklega að málum um félagslegt öryggi,

sem æskja þess að stuðla að velferð manna sem flytjast milli eða vinna á landssvæðum þeirra,

sem æskja þess að gera ráðstafanir til þess að tryggingartímabil sem náð hefur verið samkvæmt löggjöf aðilanna verði lögð saman þegar ákvarða skal bótarétt,

sem æskja þess ennfremur að gera ráðstafanir til þess að gera mönnum sem flytjast milli landssvæða þeirra kleift að halda þeim réttindum sem þeir hafa öðlast samkvæmt löggjöf annars aðilans eða að njóta samsvarandi réttinda samkvæmt löggjöf hins,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. HLUTI
Almenn ákvæði

1. gr.

1. Í samningi þessum merkir

(a) „löggjöf", að því er varðar aðila, það í löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. samnings þessa er gildir á landssvæði þess aðila eða í einhverjum hluta þess.

(b) „lögbært stjórnvald" stjórnvald það sem ábyrgt er fyrir framkvæmd ákvæða um félagslegt öryggi á öllu eða í hluta landssvæðis hvors aðila; að því er varðar Sameinaða konungsríkið, ráðherra fyrir félagslega þjónustu, ráðuneyti Norður-Írlands fyrir heilbrigðismál og félagslega þjónustu, ráð Manar um félagslegt öryggi og nefnd Jersey um félagslegt öryggi, eftir því sem við á, og, að því er varðar Ísland, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

(c) „tryggingastjórnvald" stjórnvald það sem lögbært er að ákvarða um þann bótarétt sem um er að ræða.

(d) „lögbær stofnun" stjórnvald það sem hlutaðeigandi maður á rétt á að fá bætur frá eða myndi eiga rétt á að fá bætur frá væri hann búsettur á landssvæði aðilans þar sem það stjórnvald er.

(e) „tryggður", að því er varðar Sameinaða konungsríkið, að hlutaðeigandi maður hafi greitt eða skuli greiða framlög eða framlög hafi verið greidd vegna hans eða þau verið færð honum til tekna, eða í merkingu 12.—14. gr. samnings þessa að maðurinn sé launþegi eða talinn launþegi.

(f) „tryggingartímabil", að því er varðar Sameinaða konungsríkið, framlagstímabil eða jafngilt tímabil og, að því er varðar Ísland, tímabil sem maður hefur verið tryggður vegna atvika sem bóta er krafist fyrir.

CONVENTION

on Social Security between the Government of Iceland and the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland

The Government of Iceland and the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland;

Being resolved to co-operate in the field of social affairs and, in particular, in the matter of social security;

Desirous of promoting the welfare of persons moving between or working in their respective territories;

Desirous of making arrangements for insurance periods completed under the legislation of the Parties to be added together for the purpose of determining the right to receive benefit;

Desirous further of making arrangements enabling persons moving between their respective territories to keep the rights which they have acquired under the legislation of the one Party or to enjoy corresponding rights under the legislation of the other;

Have agreed as follows:

PART I
General provisions

ARTICLE 1

(1) For the purpose of this Convention:

(a) "legislation" means in relation to a Party such of the legislation specified in Article 2 of this Convention as applies in the territory of that Party or in any part thereof;

(b) "competent authority" means the authority responsible for the social security schemes in all or part of the territory of each Party; in relation to the United Kingdom, the Secretary of State for Social Services, the Department of Health and Social Services for Northern Ireland, the Isle of Man Board of Social Security and the Social Security Committee of the States of Jersey as the case may require, and, in relation to Iceland, the Ministry for Health and Social Security;

(c) "insurance authority" means the authority competent to decide entitlement to the benefit in question;

(d) "competent institution" means the authority from which the person concerned is entitled to receive benefit or would be entitled to receive benefit if he were resident in the territory of the Party where that authority is situated;

(e) "insured" means, in relation to the United Kingdom, that contributions have been paid by or are payable by, or in respect of, or have been credited in respect of, the person concerned, or for the purposes of Articles 12 to 14 of this Convention, that the person is, or is treated as being, an employed person;

(f) "insurance period" means, in relation to the United Kingdom, a contribution period or an equivalent period and, in relation to Iceland, a period during which a person has been insured in respect of the contingency for which benefit is being claimed;

(g) „framlagstímabil" tímabil sem framlög vegna viðkomandi bóta skulu greidd fyrir, hafa verið greidd fyrir eða talin eru greidd fyrir samkvæmt löggjöf þeirri sem um er að ræða.

(h) „jafngilt tímabil", að því er varðar Sameinaða konungsríkið, tímabil sem framlög vegna viðkomandi bóta hafa verið færð til tekna fyrir.

(i) „maður á framfæri" hvern þann sem talinn væri slíkur vegna kröfu um viðbótarbætur vegna framfærðs samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins eða Íslands.

(j) „lífeyrir", „styrkur" eða „bætur" einnig aukningu á eða viðbótarfjárhæð sem greiða skal með lífeyri, styrk eða bótum eftir því sem við á.

(k) „sjúkrabætur", að því er varðar Ísland, sjúkradagpeninga.

(l) „örorkulífeyrir", að því er varðar Sameinaða konungsríkið, örorkubætur aðrar en örorkulífeyri sem ekki miðast við iðgjaldagreiðslur og, að því er varðar Ísland, örorkulífeyri og örorkustyrk.

(m) „ellilífeyrir", að því er varðar Sameinaða konungsríkið, einnig eftirlaunalífeyri og, að því er varðar Ísland, grunnellilífeyri.

(n) „ekkjubætur", að því er varðar Sameinaða konungsríkið, ekkjustyrk, ekkjumæðralaun og ekkjulífeyri og, að því er varðar Ísland, ekkju- eða ekkilsbætur og ekkjulífeyri.

(o) „munaðarleysingjabætur", að því er varðar Sameinaða konungsríkið, styrk til lögráðamanns eða sérstakan barnastyrk.

(p) „að afla tekna með starfi" að vera launþegi eða að starfa sjálfstætt.

(q) „launþegi" mann sem fellur undir skilgreiningu launþega eða mann sem talinn er slíkur í viðeigandi löggjöf og orðin „maður er launþegi" skulu túlkuð í samræmi við það.

(r) „starf" starf launþega og orðin „ráða til starfa", „starfa" og „vinnuveitandi" skulu túlkuð í samræmi við það.

(s) „sjálfstætt starfandi maður" mann sem fellur undir skilgreiningu sjálfstætt starfandi manns eða mann sem talinn er slíkur í viðeigandi löggjöf og orðin „maður starfar sjálfstætt" skulu túlkuð í samræmi við það.

2. Önnur orð og orðasambönd sem notuð eru í samningi þessum hafa þá merkingu sem þeim er gefin í viðeigandi löggjöf.

3. Samningur þessi gildir einnig á Mön og í Jersey og tilvitnanir til „Sameinaða konungsríkisins" eða til „landssvæðis" varðandi Sameinaða konungsríkið skulu túlkuð í samræmi við það, eftir því sem við á.

2. gr.

1. Ákvæði samnings þessa skulu gilda

(a) að því er varðar Sameinaða konungsríkið um

(i) lög um félagslegt öryggi 1975 til 1982 og lög um félagslegt öryggi (Norður-Írland) 1975 til 1982

(g) "contribution period" means a period in respect of which contributions appropriate to the benefit in question are payable, have been paid or have been treated as paid under the legislation in question;

(h) "equivalent period" means, in relation to the United Kingdom, a period for which contributions appropriate to the benefit in question have been credited;

(i) "dependant" means a person who would be treated as such for the purpose of any claim for an increase of benefit in respect of a dependant under the legislation of the United Kingdom or Iceland;

(j) "pension", "allowance" or "benefit" includes any increase of, or any additional amount payable with, a pension, allowance or benefit respectively;

(k) "sickness benefit" means, in relation to Iceland, per diem sickness benefit;

(l) "invalidity pension" means, in relation to the United Kingdom, invalidity benefit, other than non-contributory invalidity pension, and, in relation to Iceland, invalidity pension and invalidity grant;

(m) "old age pension", in relation to the United Kingdom, includes a retirement pension and, in relation to Iceland, means a basic old age pension;

(n) "widow's benefit" means, in relation to the United Kingdom, widow's allowance, widowed mother's allowance and widow's pension and, in relation to Iceland, widow's or widower's benefit and widow's pension;

(o) "orphan's benefit" means, in relation to the United Kingdom, guardian's allowance and child's special allowance;

(p) "gainfully occupied" means being an employed or self-employed person;

(q) "employed person" means a person who comes within the definition of an employed person or a person who is treated as such in the applicable legislation and the words "person is employed" shall be construed accordingly;

(r) "employment" means employment as an employed person and the words "employ", "employed" or "employer" shall be construed accordingly;

(s) "self-employed person" means a person who comes within the definition of a self-employed person or a person who is treated as such in the applicable legislation and the words "person is self-employed" shall be construed accordingly.

(2) Other words and expressions which are used in this Convention have the meanings respectively assigned to them in the legislation concerned.

(3) The present Convention applies also to the Isle of Man and Jersey, and references to "the United Kingdom" or to "territory" in relation to the United Kingdom shall be construed accordingly, where appropriate.

ARTICLE 2

(1) The provisions of this Convention shall apply,

(a) in relation to the United Kingdom, to:

(i) the Social Security Acts 1975 to 1982 and the Social Security (Northern Ireland) Acts 1975 to 1982;

(ii) lög um félagslegt öryggi 1975 til 1982 (lög löggjafarþingsins í Lundúnum) sem gilda fyrir Mön samkvæmt tilskipunum gefnum út samkvæmt ákvæðum laga um löggjöf um félagslegt öryggi (gildissvið) 1974 (lög frá Tynwald)

(iii) lög um félagslegt öryggi (Jersey) 1974

og um löggjöf þá sem felld hefur verið inn í lög þessi og tilskipanir eða sem numið hefur verið úr gildi með löggjöf sem felld hefur verið inn í lög þessi og tilskipanir.

(b) að því er varðar Ísland um

(i) lög nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum

(ii) lög nr. 64/1981 um atvinnuleysistryggingar.

2. Samningur þessi gildir einnig um sérhverja löggjöf sem víkur til hliðar, kemur í stað, breytir, er viðauki við eða fellur inn í löggjöf þá sem tilgreind er í 1. tl. þessarar greinar, sbr. þó ákvæði 3., 4. og 5. tl. þessarar greinar.

3. Samningur þessi gildir, nema aðilar komi sér saman um annað, einungis um bætur sem lýst er í þeirri löggjöf sem tilgreind er í 1. tl. þessarar greinar á þeim degi þegar samningur þessi öðlast gildi og sem sérstakt ákvæði er um í samningi þessum.

4. Samningur þessi skal því aðeins gilda um einhverja þá löggjöf sem varðar grein félagslegs öryggis er löggjöf sú sem tilgreind er í 1. tl. þessarar greinar tekur ekki til, að báðir aðilarnir geri um það samning.

5. Samningur þessi tekur ekki til reglna ráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi né neins samnings um félagslegt öryggi sem annar hvor aðilinn hefur gert við þriðja aðila né neinna laga eða reglna sem breyta löggjöf þeirri sem tilgreind er í 1. tl. þessarar greinar til þess að veita slíkum samningi gildi en skal ekki vera því til fyrirstöðu að annar hvor aðilinn taki samkvæmt löggjöf sinni tillit til ákvæða einhvers annars samnings sem sá aðili hefur gert við þriðja aðila.

3. gr.

1. Nú á maður rétt til ellilífeyris, ekkjubóta, örorkulífeyris eða einhvers lífeyris, bóta, styrks eða greiðslna vegna vinnuslyss, -sjúkdóms eða -dauða samkvæmt löggjöf annars aðilans væri hann á landssvæði þess aðila og skal hann þá eiga rétt á þeim lífeyri, bótum, styrk eða greiðslum meðan hann er á landssvæði hins aðilans eins og hann væri á landssvæði fyrrnefnda aðilans, sbr. þó ákvæði 13., 14. og 29. gr. samnings þessa. Í þessari grein einungis merkir „ellilífeyrir" að því er varðar Ísland grunnellilífeyri og bætur íslenskra lífeyrissjóða, og „styrkur vegna vinnuslyss eða -sjúkdóms" sem greiða skal samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins tekur einnig til allra þeirra styrkja og viðbótargreiðslna annarra en sérstaks styrks vegna erfiðra aðstæðna sem greiða skal samkvæmt löggjöf þess aðila.

2. Nú skal samkvæmt löggjöf annars aðilans greiða viðbót við einhverjar þeirra bóta sem sérstakt ákvæði er um í samningi þessum vegna manns á framfæri ef hann væri á landssvæði þess aðila og skal þá greiða slíka viðbót meðan hann er á landssvæði hins aðilans.

3. Í grein þessari tekur „ellilífeyrir" og „örorkulífeyrir" sem greiða skal samkvæmt löggjöf Íslands ekki til tekjutryggingar eða heimilisuppbótar sem greiða skal samkvæmt löggjöf Íslands.

(ii) the Social Security Acts 1975 to 1982 (Acts of Parliament) as applied to the Isle of Man by Orders made under the provisions of the Social Security Legislation (Application) Act 1974 (an Act of Tynwald);

(iii) the Social Security (Jersey) Law 1974;

and the legislation which was consolidated by those Acts, Laws or Orders or repealed by legislation consolidated by them;

(b) in relation to Iceland, to:

(i) the National Insurance Act No 67/1971, as amended;

(ii) the Unemployment Insurance Act No 64/1981.

(2) Subject to the provisions of paragraphs (3), (4) and (5) of this Article, this Convention shall apply also to any legislation which supersedes, replaces, amends, supplements or consolidates the legislation specified in paragraph (1) of this Article.

(3) This Convention shall apply, unless the Parties agree otherwise, only to benefits described in the legislation specified in paragraph (1) of this Article at the date of coming into force of this Convention and for which specific provision is made in this Convention.

(4) This Convention shall apply to any legislation which relates to a branch of social security not covered by the legislation specified in paragraph (1) of this Article only if the two Parties make an agreement to that effect.

(5) This Convention shall not apply to Regulations on social security of the Council of the European Communities or to any convention on social security which either Party has concluded with a third party or to any laws or regulations which amend the legislation specified in paragraph (1) of this Article for the purpose of giving effect to such a convention but shall not prevent either Party from taking into account under its legislation the provisions of any other convention which that Party has concluded with a third party.

ARTICLE 3

(1) Subject to the provisions of Articles 13, 14 and 29 of this Convention, a person who would be entitled to receive an old age pension, widow's benefit, invalidity pension, or any pension, benefit, allowance or gratuity payable in respect of an industrial injury, industrial disease or industrial death under the legislation of one Party if he were in the territory of that Party shall be entitled to receive that pension, benefit, allowance or gratuity while he is in the territory of the other Party, as if he were in the territory of the former Party. For the purposes of this Article only, the term „old age pension" in relation to Iceland means basic old age pension and benefits payable from Iceland's contributory old age pension funds, and "allowance payable in respect of an industrial injury or industrial disease" payable under the legislation of the United Kingdom shall include all such allowances and additions other than special hardship allowance payable under the legislation of that Party.

(2) Where under the legislation of one Party an increase of any of the benefits for which specific provision is made in this Convention would be payable for a dependant if he were in the territory of that Party, it shall be payable while he is in the territory of the other Party.

(3) For the purposes of this Article, "old age pension" and "invalidity pension" payable under the legislation of Iceland shall not include guaranteed income or household supplement payable under the legislation of Iceland.

II. HLUTI

Ákvæði sem ákvarða hvaða löggjöf beita skuli

4. gr.

1. Skylda manns sem aflar tekna með starfi til þess að vera tryggður skal ákvarðast samkvæmt löggjöf þess aðilans sem landssvæðið þar sem hann aflar tekna með starfi tilheyrir, sbr. þó eftirfarandi ákvæði þessarar greinar og ákvæði 5.—7. gr. samnings þessa.

2. Þegar maður starfar sem launþegi á landssvæði beggja aðilanna á sama tímabili skal skylda hans til þess að vera tryggður einungis ákvarðast af löggjöf þess aðilans sem landssvæðið þar sem hann er venjulega búsettur tilheyrir.

3. Þegar maður starfar sjálfstætt á landssvæði beggja aðilanna á sama tímabili skal skylda hans til þess að vera tryggður ákvarðast af löggjöf þess aðilans sem landssvæðið þar sem hann er venjulega búsettur tilheyrir.

4. Þegar maður starfar sem launþegi á landssvæði annars aðilans og starfar sjálfstætt á landssvæði hins aðilans á sama tímabili skal skylda hans til þess að vera tryggður einungis ákvarðast af löggjöf fyrrnefnda aðilans.

5. Ákvæði 3. og 4. tl. þessarar greinar um „skyldu til þess að vera tryggður" fela ekki í sér skyldu til þess að greiða framlag eftir flokki 4 samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins.

5. gr.

1. Þegar maður sem er tryggður samkvæmt löggjöf annars aðilans og starfar hjá vinnuveitanda á landssvæði þess aðila er sendur af þeim vinnuveitanda til þess að vinna á landssvæði hins aðilans skal löggjöf fyrrnefnda aðilans varðandi framlagsskyldu gilda áfram fyrir hann í fyrstu fimmtíu og tvær vikur hans í starfi á landssvæði síðarnefnda aðilans eins og hann starfaði á landssvæði fyrrnefnda aðilans. Starfi hann áfram á landssvæði síðarnefnda aðilans eftir þetta fimmtíu og tveggja vikna tímabil skal löggjöf fyrrnefnda aðilans gilda áfram fyrir hann, þó ekki lengur en í aðrar fimmtíu og tvær vikur, og að því tilskildu að lögbært stjórnvald síðarnefnda aðilans samþykki það áður en fyrra fimmtíu og tveggja vikna tímabilinu lýkur.

2. Þegar maður sem kemur frá Íslandi aflar tekna með starfi í Sameinaða konungsríkinu og löggjöf Íslands gildir ekki fyrir hann samkvæmt 1. tl. þessarar greinar eða 4. gr. samnings þessa skal löggjöf Sameinaða konungsríkisins gilda fyrir hann eins og hann væri venjulega búsettur í Sameinaða konungsríkinu.

6. gr.

1. Samningur þessi gildir ekki um þá sem eru samkvæmt Vínarsamningunum um stjórnmálasamband eða ræðissamband undanþegnir lögum þess lands þar sem þeir eru staðsettir eða búa um félagslegt öryggi.

2. Nú starfar maður í ríkisþjónustu annars aðilans eða í þjónustu einhverrar opinberrar stofnunar þess aðila á landssvæði hins aðilans og skal þá löggjöf fyrrnefnda aðilans varðandi framlagsskyldu gilda fyrir hann eins og hann starfaði á landssvæði hans, sbr. þó ákvæði 1. tl. þessarar greinar.

3. Nú starfar maður í sendiráði eða ræðisstofnun annars aðilans á landssvæði hins aðilans eða í einkaþjónustu erindreka í slíku sendiráði eða ræðisstofnun og skal þá löggjöf síðarnefnda aðilans varðandi framlagsskyldu gilda fyrir hann eins og hann starfaði á landssvæði hans nema hann kjósi innan þriggja mánaða frá gildistöku samnings þessa eða innan þriggja mánaða frá starfsbyrjun á landssvæði síðarnefnda aðilans, hvort sem er síðar, að vera tryggður samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðilans, enda hafi hann verið þannig tryggður þegar fyrir byrjun starfsins í sendiráðinu eða ræðisstofnuninni, sbr. þó ákvæði 1. og 2. tl. þessarar greinar.

PART II

Provisions which determine the legislation applicable

ARTICLE 4

(1) Subject to the following provisions of this Article and the provisions of Articles 5 to 7 of this Convention, where a person is gainfully occupied, his liability to be insured shall be determined under the legislation of the Party in whose territory he is so occupied.

(2) Where a person is employed in the territory of both Parties for the same period, his liability to be insured shall be determined only under the legislation of the Party in whose territory he is ordinarily resident.

(3) Where a person is self-employed in the territory of both Parties for the same period, his liability to be insured shall be determined under the legislation of the Party in whose territory he is ordinarily resident.

(4) Where a person is employed in the territory of one Party and self-employed in the territory of the other Party for the same period, his liability to be insured shall be determined only under the legislation of the former Party.

(5) For the purposes of the provisions of paragraphs (3) and (4) of this Article, "liability to be insured" shall not include liability to pay a Class 4 contribution under the legislation of the United Kingdom.

ARTICLE 5

(1) Where a person who is insured under the legislation of one Party and is employed by an employer in the territory of that Party is sent by that employer to work in the territory of the other Party, the legislation of the former Party concerning liability for contributions shall continue to apply to him for the first fifty-two weeks of his employment in the territory of the latter Party as if he were employed in the territory of the former Party. Where his employment in the territory of the latter Party continues after such period of fifty-two weeks, the legislation of the former Party shall continue to apply to him for any further period of not more than fifty-two weeks, provided that the competent authority of the latter Party agrees thereto before the end of the first period of fifty-two weeks.

(2) Where a person having come from Iceland is gainfully occupied in the United Kingdom and the legislation of Iceland does not apply to him in accordance with paragraph (1) of this Article or Article 4 of this Convention, the legislation of the United Kingdom shall apply to him as if he were ordinarily resident in the United Kingdom.

ARTICLE 6

(1) This Convention shall not apply to persons who are exempted from the social security law of the country in which they are present or resident by virtue of the Vienna Conventions on Diplomatic or Consular Relations.

(2) Subject to the provisions of paragraph (1) of this Article, where any person, who is in the Government Service of one Party or in the service of any public corporation of that Party, is employed in the territory of the other Party, the legislation of the former Party concerning liability for contributions shall apply to him as if he were employed in its territory.

(3) Subject to the provisions of paragraphs (1) and (2) of this Article, where a person is employed in a diplomatic mission or consular post of one Party in the territory of the other Party, or in the private service of an official of such a mission or post, the legislation of the latter Party concerning liability for contributions shall apply to him as if he were employed in its territory unless within three months of the entry into force of this Convention, or within three months of the beginning of the employment in the territory of the latter Party, whichever is later, he chooses to be insured under the legislation of the former Party, provided that he was so insured immediately before the commencement of the employment at that mission or post.

7. gr.

Lögbær stjórnvöld aðilanna geta komið sér saman um að breyta framkvæmd ákvæða 4.—6. gr. samnings þessa varðandi sérstaka menn eða flokka manna.

III. HLUTI

Sérstök ákvæði

1. KAFLI

Sérstök ákvæði varðandi beitingu löggjafar Sameinaða konungsríkisins og Íslands

8. gr.

1. Þegar reikna skal rétt samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins til ellilífeyris skv. 16. gr. samnings þessa eða til ekkjubóta skv. 18. gr. skal líta svo á að hver vika sem maður átti lögheimili á Íslandi sé vika sem hann hefur greitt frjálst framlag fyrir eftir flokki 3 samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins, sbr. þó 5. tl. þessarar greinar.

2. Þegar reikna skal tekjustofn við útreikning á rétti samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (i) og (ii) samnings þessa til sjúkrabóta skv. 9. gr. samnings þessa eða atvinnuleysisbóta skv. 11. gr. skal líta svo á að maður hafi greitt fyrir hverja byrjaða viku á viðkomandi skattári, hafi öll sú vika verið starfsvika í starfi á Íslandi, framlag á laun sem jafngilda tveimur þriðju af efri tekjumörkum þess árs eftir flokki 1 sem launþegi samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins, sbr. þó 3. tl. þessarar greinar.

3. Viðbótareining sem greidd er með örorkubótum samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins skal einungis grundvallast á tryggingartímabilum sem náð er samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins og skal ekki tekið tillit til framlaga sem talin eru greidd vegna ákvæða 2. tl. þessarar greinar þegar metin er upphæð viðbótareiningar.

4. Þegar reikna skal tekjustofn við útreikning á rétti til sjúkrabóta skv. 9. gr. samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (i) og (ii) samnings þessa skal líta svo á að hver vika er maður hefur verið tryggður sem maður sem starfar sjálfstætt samkvæmt löggjöf Íslands sé vika sem hann hefur greitt framlag fyrir eftir flokki 2 sem maður sem starfar sjálfstætt samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins.

5. Þegar reikna skal framlagsstofn til ákvörðunar á rétti samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (iii) samnings þessa til ellilífeyris skv. 16. gr. samnings þessa eða ekkjubóta skv. 18. gr. skal líta svo á að maður hafi greitt fyrir hverja viku sem hann átti lögheimili á Íslandi, sé sú vika á viðkomandi ári, framlag sem nemur 0,0193 sem árlegur framlagsstofn fyrir það ár.

6. Þegar reikna skal framlagsstofn til ákvörðunar á rétti samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (iii) samnings þessa til sjúkrabóta skv. 9. gr. samnings þessa skal líta svo á að maður hafi greitt fyrir hverja viku er hann var tryggður sem launþegi eða maður sem starfar sjálfstætt samkvæmt löggjöf Íslands, sé sú vika á viðkomandi ársfjórðungi, framlag sem nemur 0,077 sem ársfjórðungslegur framlagsstofn fyrir þann ársfjórðung.

7. Þegar reikna skal rétt til einhverra bóta skv. 9.—19. gr. samnings þessa samkvæmt löggjöf Íslands skal líta svo á að tryggingartímabil sem maður hefur náð fyrir 6. apríl 1975 samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (i) og (ii) samnings þessa séu lögheimilistímabil sem viðkomandi hefur náð á Íslandi.

ARTICLE 7

The competent authorities of the Parties may agree to modify the application of the provisions of Articles 4 to 6 of this Convention in respect of particular persons or categories of persons.

PART III
Special provisions

SECTION 1
Special provisions relating to the application of the legislation of the United Kingdom and Iceland

ARTICLE 8

(1) Subject to paragraph (5) of this Article, for the purpose of calculating entitlement, under the legislation of the United Kingdom, to an old age pension in accordance with Article 16 of this Convention or to widow's benefit in accordance with Article 18, each week during which a person was domiciled in Iceland shall be treated as if it were a week for which that person had paid a voluntary Class 3 contribution under the legislation of the United Kingdom.

(2) Subject to the provisions of paragraph (3) of this Article, for the purpose of calculating an earnings factor for the purpose of calculating entitlement, under the legislation specified in Article 2(1)(a)(i) and (ii) of this Convention, to sickness benefit in accordance with Article 9 of this Convention or to unemployment benefit in accordance with Article 11, a person shall be treated for each week beginning in a relevant tax year, the whole of which week was a week of employment completed in employment in Iceland, as having paid a Class 1 contribution as an employed person under the legislation of the United Kingdom on earnings equivalent to two-thirds of that year's upper earnings limit.

(3) Any additional component payable with invalidity benefit under the legislation of the United Kingdom shall be based solely on insurance periods completed under United Kingdom legislation, and contributions treated as paid by virtue of paragraph (2) of this Article shall not be taken into account in assessing the amount of additional component.

(4) For the purpose of calculating an earnings factor for the purpose of calculating entitlement to sickness benefit in accordance with Article 9 under the legislation specified in Article 2(1)(a)(i) and (ii) of this Convention, each week for which a person has been insured as a self-employed person under the legislation of Iceland shall be treated as if it were a week for which that person had paid a Class 2 contribution as a self-employed person under the legislation of the United Kingdom.

(5) For the purpose of calculating a contribution factor to establish entitlement under the legislation specified in Article 2(1)(a)(iii) of this Convention to old age pension in accordance with Article 16 of this Convention, or to widow's benefit in accordance with Article 18, a person shall be treated for each week during which he was domiciled in Iceland, being a week in a relevant year, as having paid a contribution which derives an annual contribution factor of 0.0193 for that year.

(6) For the purpose of calculating a contribution factor to establish entitlement to sickness benefit under the legislation specified in Article 2(1)(a)(iii) of this Convention in accordance with Article 9 of this Convention, a person shall be treated for each week for which he was insured as an employed person or as a self-employed person under the legislation of Iceland, being a week in the relevant quarter, as having paid a contribution which derives a quarterly contribution factor of 0.077 for that quarter.

(7) For the purpose of calculating entitlement to any benefit in accordance with Articles 9 to 19 of this Convention under the legislation of Iceland, insurance periods completed by a person before 6 April 1975 under the legislation specified in Article 2(1)(a)(i) and (ii) of this Convention shall be treated as if they had been periods of domicile completed by that person in Iceland.

8. Þegar breyta skal í tryggingartímabil vinnutekjustofni sem maður hefur náð á skattári sem byrjar 6. apríl 1975 eða síðar samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (i) og (ii) samnings þessa skal lögbært stjórnvald í Sameinaða konungsríkinu deila lægri tekjumörkum þess árs í tekjustofninn. Niðurstöðutalan skal vera heil tala, aukastafir ekki taldir með. Talan sem þannig fæst skal talin vera sá vikufjöldi á tryggingartímabilinu sem viðkomandi hefur náð samkvæmt þeirri löggjöf, þó aldrei yfir þeim vikufjölda sem sú löggjöf gilti fyrir viðkomandi það árið. Þegar reikna skal rétt til bóta skv. 9.—19. gr. samnings þessa samkvæmt löggjöf Íslands skal líta svo á að hver slík vika á því tryggingartímabili sé vika sem viðkomandi átti lögheimili á Íslandi.

9. Þegar breyta skal í tryggingartímabil framlagsstofni sem maður hefur náð samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (iii) samnings þessa skal lögbært stjórnvald í Sameinaða konungsríkinu:

(a) margfalda stofninn sem viðkomandi hefur náð á ársfjórðungi með þrettán þegar um er að ræða ársfjórðungslegan framlagsstofn, og

(b) margfalda stofninn sem viðkomandi hefur náð á ári með fimmtíu og tveimur þegar um er að ræða árlegan framlagsstofn.

Niðurstöðutalan skal vera heil tala, aukastafir ekki taldir með. Talan sem þannig fæst skal talin vera sá vikufjöldi á tryggingartímabilinu sem viðkomandi hefur náð samkvæmt þeirri löggjöf, þó aldrei yfir þeim vikufjölda sem löggjöf Jersey gilti fyrir viðkomandi á ársfjórðungi eða á ári, eftir því sem við á. Þegar reikna skal rétt til bóta skv. 9., 10. og 12. — 19. gr. samnings þessa samkvæmt löggjöf Íslands skal líta svo á að hver slík vika á því tryggingartímabili sé vika sem viðkomandi átti lögheimili á Íslandi.

10. Þegar ekki er unnt að ákveða nákvæmlega þau tímaskeið þegar vissum tryggingartímabilum eða lögheimilistímabilum var náð samkvæmt löggjöf annars aðilans skal líta svo á að þessi tímabil fari ekki saman við tryggingartímabil eða lögheimilistímabil sem náð hefur verið samkvæmt löggjöf hins aðilans, og skal tekið tillit til þeirra svo sem bótaþega er hagstæðast.

11. Þegar litið er á búsetu í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt ákvæðum samnings þessa varðandi kröfu um bætur samkvæmt löggjöf Íslands eins og um væri að ræða lögheimilistíma á Íslandi skal, varðandi slíka kröfu, líta á hvert það tímabil sem viðkomandi eða einhver af fjölskyldu hans sem fylgir honum voru utan Sameinaða konungsríkisins eins og um væri að ræða tímabil sem hann eða einhver af fjölskyldu hans sem fylgir honum, eftir því sem við á, hefðu verið búsett í Sameinaða konungsríkinu, enda hafi fjarvera viðkomandi frá Sameinaða konungsríkinu verið vegna starfs sem hann var framlagsskyldur fyrir sem launþegi fyrstu fimmtíu og tvær vikur þess starfs samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins.

12. Nú sendir vinnuveitandi á Íslandi mann frá Íslandi til þess að vinna tímabundið erlendis, og skal þá hver vika sem hann starfar erlendis talin vera vika sem hann átti lögheimili á Íslandi, enda bæri vinnuveitanda hans að greiða iðgjald hans vegna fyrir þær vikur samkvæmt löggjöf Íslands.

2. KAFLI
Sjúkrabætur

9. gr.

1. Þegar maður starfar á landssvæði annars aðilans og löggjöf hins aðilans gildir fyrir hann samkvæmt einhverju ákvæði 4.—7. gr. samnings þessa skal líta svo á að sú löggjöf gildi fyrir hann varðandi kröfu um sjúkrabætur eins og hann væri á landssvæði síðarnefnda aðilans.

(8) For the purpose of converting to an insurance period any earnings factor achieved by a person in any tax year commencing on or after 6 April 1975 under the legislation specified in Article 2(1)(a)(i) and (ii) of this Convention, the competent authority of the United Kingdom shall divide the earnings factor by that year's lower earnings limit. The result shall be expressed as a whole number, any remaining fraction being ignored. The figure so calculated, subject to a maximum of the number of weeks during which the person was subject to that legislation in that year, shall be treated as representing the number of weeks in the insurance period completed by that person under that legislation. For the purpose of calculating entitlement to any benefit in accordance with Articles 9 to 19 of this Convention under the legislation of Iceland, each such week in that insurance period shall be treated as if it had been a week during which that person had been domiciled in Iceland.

(9) For the purpose of converting to an insurance period any contribution factor achieved by a person under the legislation specified in Article 2(1)(a)(iii) of this Convention, the competent authority of the United Kingdom shall:

(a) in the case of a quarterly contribution factor, multiply the factor achieved by a person in a quarter by thirteen; and

(b) in the case of an annual contribution factor, multiply the factor achieved by a person in a year by fifty-two.

The result shall be expressed as a whole number, any remaining fraction being ignored. The figure so calculated, subject to a maximum of the number of weeks during which the person was subject to Jersey's legislation in a quarter or in a year, as the case may be, shall be treated as representing the number of weeks in the insurance period completed by that person under that legislation. For the purpose of calculating entitlement to any benefit in accordance with Articles 9, 10 and 12 to 19 of this Convention under the legislation of Iceland, each such week in that insurance period shall be treated as if it had been a week during which that person had been domiciled in Iceland.

(10) Where it is not possible to determine accurately the periods of time in which certain insurance periods or periods of domicile were completed under the legislation of one Party, such periods shall be treated as if they did not overlap with insurance periods or periods of domicile completed under the legislation of the other Party, and shall be taken into account to the best advantage of the beneficiary.

(11) Where, in accordance with the provisions of this Convention, residence in the United Kingdom is treated in a claim for benefit under the legislation of Iceland as if it had been domicile completed in Iceland, for the purpose of any such claim any period during which a person, and any member of his family accompanying him, was outside the United Kingdom shall be treated as if it had been a period during which he, or any member of his family accompanying him as the case may be, was resident in the United Kingdom, provided that the person's absence from the United Kingdom was for the purpose of employment for which there was liability for contributions as an employed person for the first fifty-two weeks of that employment under the legislation of the United Kingdom.

(12) Where a person is sent from Iceland by his employer in that country to work abroad temporarily, each week of that person's employment abroad shall be treated as if it had been a week during which he was domiciled in Iceland, provided that the week was one for which his employer was liable to pay insurance on his behalf under the legislation of Iceland.

SECTION 2
Sickness benefit

ARTICLE 9

(1) Where a person is employed in the territory of one Party and the legislation of the other Party applies to him in accordance with any of the provisions of Articles 4 to 7 of this Convention, he shall be treated under that legislation for the purpose of any claims to sickness benefit as if he were in the territory of the latter Party.

2. Nú gerir maður í Sameinaða konungsríkinu annar en maður sem ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda um kröfu til sjúkrabóta samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins, og skal þá í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa tekið tillit til vikna sem hann var launþegi eða starfaði sjálfstætt á Íslandi eins og um væri að ræða vikur sem hann hafi greitt framlag eftir flokki 1 eða 2, eftir því sem við á, samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins.

3. Nú hefur maður fengið greiddar sjúkrabætur samkvæmt löggjöf annars aðilans fram að brottför hans frá landssvæði þess aðila til landssvæðis hins aðilans og hann kemur til landssvæðis síðarnefnda aðilans og gerir kröfu til sjúkrabóta þar innan tuttugu og eins dags frá því hann fór frá landssvæði fyrrnefnda aðilans, og skal þá líta svo á að hann, sé hann enn óvinnufær, fullnægi skilyrðum um að fá sjúkrabætur samkvæmt löggjöf síðarnefnda aðilans.

4. Nú ætti maður rétt á sjúkrabótum samkvæmt löggjöf beggja aðilanna fyrir sama tímabil kæmu ákvæði þessa töluliðar ekki til, og skal þá einungis greiða þær bætur samkvæmt þeirri löggjöf sem hann var síðast tryggður samkvæmt, áður en bótaréttur kom til, sbr. þó ákvæði 4. og 5. tl. 31. gr. samnings þessa.

5. Nú gerir maður kröfu til sjúkrabóta samkvæmt löggjöf Íslands og skal þá tekið tillit til starfs í Sameinaða konungsríkinu eins og um væri eða hefði verið að ræða starf á Íslandi.

3. KAFLI
Örorkulífeyrir

10. gr.

1. Nú gerir maður sem á lögheimili á Íslandi kröfu til örorkulífeyris samkvæmt löggjöf Íslands og skal þá líta svo á, í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa, að tryggingartímabil sem hann hefur náð samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins séu tímabil sem hann átti lögheimili á Íslandi.

2. Einungis í sambandi við það skilyrði að maður sem gerir kröfu til örorkulífeyris samkvæmt löggjöf Íslands þurfi að hafa átt lögheimili á Íslandi að minnsta kosti þrjú næstu ár áður en sótt er um þann lífeyri samkvæmt þeirri löggjöf skal líta svo á að tímabil sem hann var búsettur í Sameinaða konungsríkinu séu tímabil sem hann átti lögheimili á Íslandi.

3. Nú gerir maður kröfu til örorkulífeyris samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins sem fær sjúkrabætur samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins eða fékk þær fram að þeim tíma er krafan er sett fram og skal þá líta svo á að þeir dagar sem hann fékk sjúkrabætur samkvæmt löggjöf Íslands séu dagar sem hann hafi fengið sjúkrabætur samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins.

4. KAFLI
Atvinnuleysisbætur

11. gr.

1. Nú hefur maður eftir að hann kom síðast til landssvæðis annars aðilans náð tryggingartímabili samkvæmt löggjöf þess aðila og skal þá, varðandi kröfu um atvinnuleysisbætur sem gerð er samkvæmt löggjöf þess aðila, líta svo á, í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa, að tryggingartímabil eða starfstímabil sem náð er samkvæmt löggjöf hins aðilans séu tryggingartímabil eða starfstímabil sem náð er samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðilans.

(2) For the purpose of a claim for sickness benefit under the legislation of the United Kingdom by a person in the United Kingdom, other than a person to whom the provisions of paragraph (1) of this Article apply, weeks during which that person was employed or self-employed in Iceland shall be taken into account in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention as if they had been respectively weeks for which Class 1 or Class 2 contributions had been paid under the legislation of the United Kingdom.

(3) Where a person was receiving sickness benefit under the legislation of one Party immediately before leaving the territory of that Party to go to the territory of the other Party, and he arrives and claims sickness benefit in the territory of the latter Party within twenty-one days of leaving the territory of the former Party, he shall be treated, if still incapacitated for work, as if he satisfied the conditions for entitlement to sickness benefit under the legislation of that latter Party.

(4) Subject to the provisions of Article 31(4) and (5) of this Convention where, but for the provisions of this paragraph, a person would be entitled to sickness benefit under the legislation of both Parties for the same period, that benefit shall be payable only under the legislation under which the person was last insured before entitlement arose.

(5) For the purpose of a claim for sickness benefit under the legislation of Iceland employment in the United Kingdom shall be taken into account as if it were, or had been, employment in Iceland.

SECTION 3
Invalidity pension

ARTICLE 10

(1) For the purpose of a claim for invalidity pension under the legislation of Iceland by a person who is domiciled in Iceland, insurance periods completed by that person under the legislation of the United Kingdom shall, in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention, be treated as if they had been periods during which the person had been domiciled in Iceland.

(2) In relation only to the need of a person claiming invalidity pension under the legislation of Iceland to have been domiciled in Iceland for at least three years immediately prior to the application for that pension under that legislation, periods during which the person was resident in the United Kingdom shall be treated as if they had been periods during which the person had been domiciled in Iceland.

(3) For the purpose of a claim for invalidity pension under the legislation of the United Kingdom by a person who is, or immediately prior to the claim was, in receipt of sickness benefit under the legislation of the United Kingdom, days during which that person was in receipt of sickness benefit under the legislation of Iceland shall be treated as if they had been days during which he had been in receipt of sickness benefit under the legislation of the United Kingdom.

SECTION 4
Unemployment benefit

ARTICLE 11

(1) Where a person has, since his last arrival in the territory of one Party, completed a contribution period under the legislation of that Party, then for the purpose of any claim for unemployment benefit made under the legislation of that Party, any insurance period or period of employment completed under the legislation of the other Party shall, in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention, be treated as if it were an insurance period or period of employment completed under the legislation of the former Party.

Þó skal

(a) ekki taka tillit til tryggingartímabila eða starfstímabila sem náð er samkvæmt löggjöf Jersey við ákvörðun á rétti til atvinnuleysisbóta samkvæmt löggjöf Íslands, og

(b) taka tillit til tryggingartímabila eða starfstímabila sem náð er samkvæmt löggjöf Íslands einungis við ákvörðun á rétti til atvinnuleysisbóta samkvæmt löggjöf þeirri sem tilgreind er í 2. gr. 1. tl. (a) (i) og (ii) samnings þessa.

2. Nú gerir maður kröfu til atvinnuleysisbóta samkvæmt löggjöf annars aðilans og tillit er tekið samkvæmt 1. tl. þessarar greinar til tryggingartímabils eða starfstímabils sem náð er samkvæmt löggjöf hins aðilans og skal þá taka tillit til sérhvers tímabils sem hann hefur fengið slíkar bætur fyrir samkvæmt löggjöf hins aðilans eins og um væri að ræða tímabil sem hann hefði fengið atvinnuleysisbætur fyrir samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðilans, enda sé það tímabil innan síðustu 12 mánaða fyrir fyrsta daginn sem greiða skal atvinnuleysisbætur fyrir samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðilans.

3. Varðandi kröfu um atvinnuleysisbætur samkvæmt löggjöf Íslands skal líta svo á að hver vika sem maður hefur greitt framlag sem launþegi samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins hafi verið vika sem hann náði fjörutíu starfsstundum í á Íslandi, sbr. þó ákvæði 1. tl. (a) þessarar greinar.

5. KAFLI
Vinnuslysabætur og atvinnusjúkdómabætur

12. gr.

1. Þegar maður starfar á landssvæði annars aðilans og löggjöf hins aðilans gildir fyrir hann samkvæmt einhverju ákvæði 4.—7. gr. samnings þessa skal líta svo á að sú löggjöf gildi fyrir hann varðandi kröfu um bætur fyrir vinnuslys sem hann varð fyrir eða atvinnusjúkdóm sem hann fékk við það starf eins og slysið hafi orðið eða sjúkdómurinn byrjað á landssvæði síðarnefnda aðilans. Ef greiða ætti bætur vegna umræddrar kröfu væri viðkomandi á landssvæði síðarnefnda aðilans skal greiða þær meðan hann er á landssvæði fyrrnefnda aðilans.

2. Nú verður maður fyrir slysi eftir að hann fer í starfi sínu frá landssvæði annars aðilans til landssvæðis hins aðilans en áður en hann kemur til síðarnefnda landssvæðisins og skal þá varðandi kröfu um bætur fyrir það slys

(a) líta svo á að slysið hafi orðið á landssvæði þess aðila hvers löggjöf gilti fyrir hann á þeim tíma er slysið varð, og

(b) ekki taka tillit til fjarveru hans frá landssvæði þess aðila við ákvörðun um það hvort starf hans sé sem launþega samkvæmt þeirri löggjöf.

3. Nú ætti að greiða dánarbætur vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms samkvæmt löggjöf annars aðilans vegna barns væri það barn á landssvæði þess aðila og skulu þær bætur greiddar meðan barnið er á landssvæði hins aðilans.

4. Varðandi kröfu um örorkubætur vegna vinnuslyss samkvæmt löggjöf Íslands skal líta svo á í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa að tryggingartímabil sem maður hefur náð samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins séu tímabil sem hann átti lögheimili á Íslandi.

Provided that:

(a) periods of insurance or periods of employment completed under the legislation of Jersey shall not be taken into account for the purpose of determining entitlement to unemployment benefit under the legislation of Iceland, and

(b) periods of insurance or periods of employment completed under the legislation of Iceland shall be taken into account for the purpose of determining entitlement to unemployment benefit only under the legislation specified in Article 2(1)(a)(i) and (ii) of this Convention.

(2) Where a person claims unemployment benefit under the legislation of one Party and account is taken of an insurance period or period of employment completed under the legislation of the other Party by virtue of paragraph (1) of this Article, any period for which he received such benefit under the legislation of the other Party shall be taken into account as if it were a period during which he had received unemployment benefit under the legislation of the former Party, provided that that period falls within the last 12 months before the first day for which unemployment benefit becomes payable under the legislation of the former Party.

(3) Subject to the provisions of paragraph (1)(a) of this Article, for the purpose of a claim for unemployment benefit under the legislation of Iceland, each week for which a person has paid a contribution as an employed person under the legislation of the United Kingdom shall be treated as if it had been a week during which that person had completed forty hours of employment in Iceland.

SECTION 5
Benefits for industrial injuries and diseases

ARTICLE 12

(1) Where a person is employed in the territory of one Party and the legislation of the other Party applies to him in accordance with any of the provisions of Articles 4 to 7 of this Convention, he shall be treated under that legislation for the purpose of any claim for benefit in respect of an industrial accident or an industrial disease contracted during that employment as if the accident had occurred or the disease had been contracted in the territory of the latter Party. Where benefit would be payable in respect of that claim if the person were in the territory of the latter Party, it shall be payable while he is in the territory of the former Party.

(2) Where a person sustains an accident after he leaves the territory of one Party to go in the course of his employment to the territory of the other Party but before he arrives in the latter territory, then, for the purpose of any claim for benefit in respect of that accident:

(a) the accident shall be treated as if it occurred in the territory of the Party whose legislation applied to him at the time the accident occurred, and

(b) his absence from the territory of that Party shall be disregarded in determining whether his employment was as an employed person under that legislation.

(3) Where because of a death resulting from an industrial accident or an industrial disease a benefit would be payable under the legislation of one Party in respect of a child if that child were in the territory of that Party, that benefit shall be payable while the child is in the territory of the other Party.

(4) For the purpose of a claim for employment injury invalidity benefit under the legislation of Iceland, insurance periods completed by a person under the legislation of the United Kingdom shall, in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention, be treated as if they had been periods during which the person had been domiciled in Iceland.

5. Einungis í sambandi við það skilyrði að maður sem gerir kröfu til örorkubóta vegna vinnuslyss samkvæmt löggjöf Íslands þurfi að hafa átt lögheimili á Íslandi að minnsta kosti þrjú næstu ár áður en sótt er um þær bætur samkvæmt þeirri löggjöf skal líta svo á að tímabil sem hann var búsettur í Sameinaða konungsríkinu séu tímabil sem hann átti lögheimili á Íslandi.

13. gr.

1. Nú verður maður fyrir vinnuslysi eða hann fær atvinnusjúkdóm sem löggjöf annars aðilans gildir um og verður síðar fyrir vinnuslysi eða hann fær atvinnusjúkdóm sem löggjöf hins aðilans gildir um og skal þá við ákvörðun örorkustigs samkvæmt löggjöf síðarnefnda aðilans taka tillit til fyrra slyssins eða sjúkdómsins eins og löggjöf síðarnefnda aðilans gilti.

2. Nú fær maður atvinnusjúkdóm eftir að hafa starfað einungis á landssvæði annars aðilans við atvinnu sem rekja má sjúkdóminn til samkvæmt löggjöf þess aðila og skal þá löggjöf þess aðila gilda í því tilviki jafnvel þótt sjúkdómurinn sé ekki greindur fyrr en á landssvæði hins aðilans.

3. Nú fær maður atvinnusjúkdóm eftir að hafa starfað á landssvæðum beggja aðilanna við atvinnu sem rekja má sjúkdóminn til samkvæmt löggjöf beggja aðilanna og hann myndi eiga rétt á bótum vegna þess sjúkdóms samkvæmt löggjöf beggja aðilanna, og skal þá einungis greiða bætur samkvæmt löggjöf þess aðilans sem landssvæðið þar sem hann starfaði síðast við þá atvinnu áður en sjúkdómurinn var greindur tilheyrir, sbr. þó ákvæði 5. tl. 31. gr. samnings þessa.

4. Nú ágerist atvinnusjúkdómur manns sem bætur hafa verið greiddar fyrir í samræmi við ákvæði 2. eða 3. tl. þessarar greinar og skulu þá eftirfarandi ákvæði gilda:

(a) hafi viðkomandi ekki starfað frekar við atvinnu sem rekja má sjúkdóminn til eða sem ætla má að valdið hafi hrakandi heilsu hans eða hafi hann haft með höndum slíkt starf einungis á landssvæði þess aðilans sem löggjöf sú sem bætur voru greiddar eftir gildir á, skal greiða viðbótarbætur sem hann kynni að eiga rétt á vegna þess að sjúkdómurinn ágerðist einungis samkvæmt þeirri löggjöf.

(b) krefjist viðkomandi bóta samkvæmt löggjöf þess aðilans sem landssvæðið þar sem hann starfar tilheyrir á þeim forsendum að sjúkdómurinn sem greiða skal bætur fyrir samkvæmt löggjöf hins aðilans ágerðist meðan hann starfaði á landssvæði fyrrnefnda aðilans við atvinnu sem ætla má samkvæmt löggjöf þess aðila að valdið hafi hrakandi heilsu hans skal lögbær stofnun þess aðila bótaskyld aðeins að því leyti sem sjúkdómurinn hefur ágerst eins og ákveðið er samkvæmt löggjöf þess aðila.

14. gr.

Hefði maður átt rétt á að fá greiddar vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómabætur aðrar en örorkubætur samkvæmt löggjöf beggja aðilanna kæmu ákvæði þessarar greinar ekki til skal einungis greiða þær bætur samkvæmt þeirri löggjöf sem gildir á því landssvæði þar sem viðkomandi starfaði síðast, sbr. þó ákvæði 5. tl. 31. gr. samnings þessa.

6. KAFLI

Ellilífeyrir og ekkjubætur

15. gr.

1. Nú á maður rétt til ellilífeyris samkvæmt löggjöf annars aðilans eða samkvæmt löggjöf einhvers hluta landssvæðis aðila, af öðrum ástæðum en vegna ákvæða samnings þessa, og skulu þá ákvæði 16. gr. samnings þessa önnur en 3. tl. þeirrar greinar ekki gilda samkvæmt þeirri löggjöf.

(5) In relation only to the need of a person claiming employment injury invalidity benefit under the legislation of Iceland to have been domiciled in Iceland for at least three years immediately prior to the application for that benefit under that legislation, periods during which the person was resident in the United Kingdom shall be treated as if they had been periods during which the person had been domiciled in Iceland.

ARTICLE 13

(1) Where a person has sustained an industrial injury or contracted an industrial disease, in respect of which the legislation of one Party applies, and later sustains an industrial injury or contracts an industrial disease in respect of which the legislation of the other Party applies, then for the purpose of determining the degree of his disablement under the legislation of the latter Party, account shall be taken of the former injury or disease as if the legislation of the latter Party applied to it.

(2) Where a person contracts an industrial disease after having been employed in the territory of only one Party in an occupation to which, under the legislation of that Party, the disease may be attributed, the legislation of that Party shall apply in his case, even if the disease is first diagnosed in the territory of the other Party.

(3) Subject to the provisions of Article 31(5) of this Convention, where a person contracts an industrial disease after having been employed in the territories of both Parties in an occupation to which, under the legislation of both Parties, the disease may be attributed and he would be entitled to receive benefit in respect of that disease under the legislation of both Parties, the benefit shall be payable only under the legislation of the Party in whose territory he was last employed in that occupation before the disease was diagnosed.

(4) Where a person has suffered an aggravation of an industrial disease for which benefit has been paid in accordance with the provisions of paragraph (2) or (3) of this Article, the following provisions shall apply:

(a) if the person has not had further employment in an occupation to which the disease or the aggravation may be attributed, or has had such employment only in the territory of the Party under whose legislation benefit has been paid, any additional benefit to which he may become entitled as a result of such aggravation shall be payable only under that legislation;

(b) if the person makes a claim under the legislation of the Party in whose territory he is employed on the grounds that he has suffered an aggravation of the disease in respect of which benefit is payable under the legislation of the other Party while employed in the territory of the former Party in an occupation to which, under the legislation of that Party, the aggravation may be attributed, the competent institution of that Party shall be liable to pay benefit only in respect of the aggravation as determined under the legislation of that Party.

ARTICLE 14

Where but for the provisions of this Article, and subject to the provisions of Article 31(5) of this Convention, a person would have been entitled to any benefit, other than a disablement benefit, payable in respect of an industrial injury or disease under the legislation of both Parties, that benefit shall be granted exclusively under the legislation of the territory in which the person was last employed.

SECTION 6

Old age pension and widow's benefit

ARTICLE 15

(1) Where a person is entitled to an old age pension under the legislation of one Party, or under the legislation of any one part of the territory of a Party, otherwise than by virtue of the provisions of this Convention, the provisions of Article 16 of this Convention, with the exception of paragraph (3) of that Article, shall not apply under that legislation.

2. „Ellilífeyrir" samkvæmt þessari grein tekur ekki til eftirlaunalífeyris eftir flokki B sem greiða skal giftri konu samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins vegna framlaga eiginmanns hennar.

3. Þegar ákveða skal rétt til viðbótareiningar sem greiða skal samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins skal ekki taka tillit til neins framlagstímabils sem náð var samkvæmt löggjöf Íslands og að því er varðar þessa grein og 16. gr. samnings þessa skal líta á viðbótareiningu sem sérstakar bætur sem ákvæði 16. gr. gilda ekki um.

16. gr.

1. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda við ákvörðun á ellilífeyrisrétti manns samkvæmt löggjöf annars aðilans eða samkvæmt löggjöf einhvers hluta landssvæðis þess aðila sé samkvæmt þeirri löggjöf ekki um að ræða neinn rétt fyrir hann samkvæmt ákvæðum 15. gr. samnings þessa. Þriðji töluliður þessarar greinar gildir einnig þegar um slíkan rétt er að ræða.

2. Í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa skal tryggingastjórnvald þess aðila eða tryggingastjórnvald þess hluta landssvæðis þess aðila ákveða

(a) fjárhæð hugsanlegs lífeyris sem greiða bæri ef öllum viðeigandi tímabilum sem hann hefur náð samkvæmt löggjöf beggja aðilanna hefði verið náð samkvæmt þess eigin löggjöf.

(b) hlutfall slíks hugsanlegs lífeyris sem er í sama hlutfalli við heildina og samtala viðeigandi tímabila sem hann hefur náð samkvæmt löggjöf þess aðila eða löggjöf þess hluta er af samtölu allra viðeigandi tímabila sem hann hefur náð samkvæmt löggjöf beggja aðilanna.

Hlutfallsfjárhæðin þannig reiknuð skal vera sú lífeyrisfjárhæð sem lögbær stofnun skal í raun greiða honum.

„Viðeigandi tímabil" merkir í grein þessari þau tryggingartímabil eða lögheimilistímabil, eftir því sem við á, sem annar hvor aðilinn tekur tillit til í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa og 3. og 4. tl. þessarar greinar.

3. Þegar reikna skal ellilífeyri og

(a) öll þau tryggingartímabil sem maður hefur náð samkvæmt löggjöf annað hvort

(i) Stóra-Bretlands, Norður-Írlands eða Manar nema minna en einu reikningsári eða eftir atvikum einu rétthæfingarári eða miðast einungis við tímabil fyrir 6. apríl 1975 og nema samanlagt minna en 50 vikum, eða

(ii) Jersey nema minna en 1,00 árlegum framlagsstofni

þá skal líta á þessi tímabil eins og þeim hefði verið náð samkvæmt löggjöf einhvers annars hluta landssvæðis Sameinaða konungsríkisins sem lífeyri á að greiða samkvæmt eða, sé tekið tillit til þessara tímabila, ætti að greiða samkvæmt eða, þegar greiða á eða greiða ætti tvo slíka lífeyri, samkvæmt löggjöf þess hluta sem á þeim degi er bótaréttur kom eða kemur fyrst til greina innir af höndum eða myndi inna af höndum hærri fjárhæðina. Þegar ekki á eða ætti að greiða slíkan lífeyri í neinum öðrum hluta landssvæðis Sameinaða konungsríkisins, en greiða á lífeyri, samkvæmt löggjöf Íslands eða greiða ætti slíkan lífeyri sé tekið tillit til þessara tímabila, skal breyta tímabilunum í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa og skal líta svo á að þeim hafi verið náð samkvæmt löggjöf Íslands;

(2) For the purpose of this Article, "old age pension" shall not include a Category B retirement pension payable to a married woman under the legislation of the United Kingdom by virtue of the contributions of her husband.

(3) For the purposes of determining entitlement to additional component payable under the legislation of the United Kingdom, no account shall be taken of any contribution period completed under the legislation of Iceland; and for the purposes of this Article and Article 16 of this Convention additional component shall be treated as a seperate benefit to which the provisions of Article 16 do not apply.

ARTICLE 16

(1) The provisions of this Article shall apply for the purpose of determining entitlement to old age pension in respect of a person under the legislation of one Party or the legislation of any one part of the territory of a Party under which there is no entitlement in respect of that person in accordance with the provisions of Article 15 of this Convention. Paragraph (3) of this Article shall also apply when there is such an entitlement.

(2) In accordance with the provisions of Article 8 of this Convention, the insurance authority of that Party or of that one part of the territory of a Party shall determine:

(a) the amount of the theoretical pension which would be payable if all the relevant periods completed by that person under the legislation of both Parties had been completed under its own legislation:

(b) the proportion of such theoretical pension which bears the same relation to the whole as the total of the relevant periods completed by him under the legislation of that Party or of that part bears to the total of all the relevant periods which he has completed under the legislation of both Parties.

The proportionate amount thus calculated shall be the rate of pension actually payable to that person by the competent institution.

For the purpose of this Article, "relevant periods" means the periods of insurance or periods of domicile, as the case may be, which are taken into account by one or the other Party in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention and paragraphs (3) and (4) of this Article.

(3) For the purposes of the calculation of an old age pension —

(a) where all the insurance periods completed by any person under the legislation of —

(i) either Great Britain, Northern Ireland or the Isle of Man amount to less than one reckonable or, as the case may be, qualifying year, or relate only to periods before 6 April 1975 and in aggregate amount to less than 50 weeks; or

(ii) Jersey amount to less than an annual contribution factor of 1.00

those periods shall be treated as if they had been completed under the legislation of any other part of the territory of the United Kingdom under which a pension is, or if such periods are taken into account would be, payable, or, where two such pensions are or would be payable, under the legislation of that part which, at the date on which entitlement first arose or arises, is paying or would pay the greater amount. Where no such pension is or would be payable by any other part of the territory of the United Kingdom and a pension is, or if such periods are taken into account would be, payable under the legislation of Iceland, the periods shall be converted in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention and shall be treated as if they had been completed under the legislation of Iceland;

(b) öll þau lögheimilistímabil sem maður hefur náð á Íslandi nema minna en einu ári þá skal breyta þessum tímabilum í tryggingartímabil í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa og skal líta svo á að þeim hafi verið náð samkvæmt löggjöf þess hluta landssvæðis Sameinaða konungsríkisins sem lífeyri á að greiða samkvæmt eða, sé tekið tillit til þessara tímabila, ætti að greiða samkvæmt, eða, þegar greiða á eða greiða ætti slíkan lífeyri samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri hluta landssvæðis Sameinaða konungsríkisins, samkvæmt löggjöf þess hluta sem á þeim degi sem bótaréttur kom eða kemur fyrst til greina innir af höndum eða myndi inna af höndum hærri eða hæstu fjárhæðina.

4. Þegar beita skal ákvæðum 2. tl. þessarar greinar

(a) skal tryggingastjórnvald í Sameinaða konungsríkinu einungis taka tillit til viðeigandi tímabila sem náð er samkvæmt löggjöf annars hvors aðilans sem tekið væri tillit til við ákvörðun lífeyris samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins hefði þeim verið náð samkvæmt þeirri löggjöf og varðandi konu skal, eftir því sem við á, taka samkvæmt þeirri löggjöf tillit til viðeigandi tímabila sem eiginmaður hennar hefur náð.

(b) skal ekki taka tillit til neinna stighækkandi framlaga sem greidd hafa verið samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins fyrir 6. apríl 1975 og bæta skal fjárhæð þeirra stighækkandi bóta sem greiða skal vegna slíkra framlaga við þá lífeyrisfjárhæð sem greiða skal í samræmi við 2. tl. þessarar greinar samkvæmt þeirri löggjöf.

(c) skal ekki taka tillit samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins til neins tryggingartímabils eftir að viðkomandi hefur náð lífeyrisaldri, en bæta skal aukningu á bótum vegna slíks tímabils samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins við bætur sem greiða skal samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins og reiknaðar eru samkvæmt 2. tl. þessarar greinar.

(d) þegar beita skal ákvæðum 2. tl. þessarar greinar skal „lífeyrir" ekki taka til neinnar aukningar sem greiða skal vegna barns á framfæri, en bæta skal slíkri aukningu við bætur sem greiða skal vegna útreiknings samkvæmt 2. tl. þessarar greinar.

(e) skal einungis taka tillit til skyldutryggingatímabilsins þegar skyldutryggingatímabil sem náð er samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins fer saman við lögheimilistímabil á Íslandi.

(f) skal einungis taka tillit til lögheimilistímabilsins þegar lögheimilistímabil á Íslandi fer saman við tímabil sem frjáls framlög hafa verið greidd fyrir samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins, en lífeyrisfjárhæðin sem greiða skal samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessarar greinar skal aukin um þá fjárhæð sem lífeyririnn er greiða skyldi samkvæmt löggjöf þess aðila myndi hafa aukist um hefði tillit verið tekið til allra frjálsra framlaga sem greidd voru samkvæmt þeirri löggjöf.

(g) skal einungis taka tillit til lögheimilistímabilsins þegar jafngilt tímabil sem náð er samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins fer saman við lögheimilistímabil á Íslandi.

(h) skal þegar skyldutryggingatímabil sem náð er samkvæmt löggjöf Íslands fer saman við búsetutímabil í Sameinaða konungsríkinu líta á búsetutímabilið í Sameinaða konungsríkinu eins og það hefði verið lögheimilistímabil á Íslandi.

(i) skal þegar ákvæði málsliðar (h) þessa töluliðar gilda en eitt eða fleiri skyldutryggingatímabil fara saman við eitt eða fleiri frjáls framlagatímabil sem náð er samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins einungis taka tillit til skyldutryggingatímabilsins eins og gert er ráð fyrir í málslið (h) hér að framan, en fjárhæð lífeyris sem greiða skal samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessarar greinar skal aukin um þá fjárhæð sem lífeyririnn sem greiða skyldi samkvæmt löggjöf þess aðila myndi hafa aukist um hefði tillit verið tekið til allra frjálsra framlaga sem greidd voru samkvæmt þeirri löggjöf.

(b) where all the periods of domicile completed by any person in Iceland amount to less than one year those periods shall be converted to insurance periods in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention and these shall be treated as if they had been completed under the legislation of that part of the territory of the United Kingdom under which a pension is, or if such periods are taken into account would be, payable, or where such a pension is or would be payable under the legislation of two or more parts of the territory of the United Kingdom, under the legislation of that part which, at the date on which entitlement first arose or arises, is paying or would pay the greater or greatest amount.

(4) For the purpose of applying the provisions of paragraph (2) of this Article:

(a) the insurance authority of the United Kingdom shall take account only of relevant periods, completed under the legislation of either Party, which would be taken into account for the determination of pensions under the legislation of the United Kingdom if they were completed under that legislation, and in relation to a woman shall where appropriate take into account in accordance with that legislation relevant periods completed by her husband;

(b) no account shall be taken of any graduated contributions paid under the legislation of the United Kingdom before 6 April 1975 and the amount of any graduated benefit payable by virtue of such contributions shall be added to the amount of any pension payable in accordance with paragraph (2) of this Article under that legislation;

(c) no account shall be taken under the legislation of the United Kingdom of any insurance period after the person attained pensionable age, but any increase of benefit in respect of such a period under the legislation of the United Kingdom shall be added to any benefit payable under the legislation of the United Kingdom which has been calculated under paragraph (2) of this Article;

(d) for the purpose of applying the provisions of paragraph (2) of this Article, "pension" shall not include any increase payable in respect of a dependent child, but any such increase shall be added to any benefit payable by virtue of the calculation under paragraph (2) of this Article;

(e) where a compulsory insurance period completed under the legislation of the United Kingdom coincides with a period of domicile in Iceland, only the compulsory insurance period shall be taken into account;

(f) where a period of domicile in Iceland coincides with a period for which voluntary contributions have been paid under the legislation of the United Kingdom only the period of domicile shall be taken into account, provided that the amount of pension payable under the legislation of the United Kingdom under the provisions of paragraph (2) of this Article shall be increased by the amount by which the pension payable under the legislation of that Party would have been increased if all voluntary contributions paid under that legislation had been taken into account;

(g) where an equivalent period completed under the legislation of the United Kingdom coincides with a period of domicile in Iceland, account shall be taken only of the period of domicile;

(h) where a compulsory insurance period completed under the legislation of Iceland coincides with a period of residence in the United Kingdom, the period of residence in the United Kingdom shall be treated as if it had been a period of domicile in Iceland;

(i) where the provisions of sub-paragraph (h) of this paragraph apply but the period or periods of compulsory insurance coincide with a voluntary contribution period or periods completed under the legislation of the United Kingdom, account shall be taken only of the compulsory insurance period as provided in sub-paragraph (h) above, but the amount of any pension payable under the legislation of the United Kingdom under the provisions of paragraph (2) of this Article shall be increased by the amount by which the pension payable under the legislation of that Party would have been increased if all voluntary contributions paid under that legislation had been taken into account.

17. gr.

Þegar maður fullnægir ekki á sama tíma skilyrðum fyrir rétti til ellilífeyris samkvæmt löggjöf beggja aðilanna skal ákvarða um rétt hans samkvæmt löggjöf annars aðilans þegar og að því leyti sem hann fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í löggjöf þess aðila. Beita skal ákvæðum 16. gr. samnings þessa þegar ekki er um að ræða rétt samkvæmt ákvæðum 15. gr. samnings þessa til ellilífeyris samkvæmt löggjöf þess aðila og taka skal ákvörðun um rétt hans að nýju samkvæmt þeim ákvæðum þegar skilyrðum samkvæmt löggjöf hins aðilans er fullnægt.

18. gr.

1. Beita skal ákvæðum 15.—17. gr. samnings þessa um ekkjubætur með þeim breytingum sem leiðir af mismunandi eðli bótanna, sbr. þó ákvæði 2. og 3. tl. þessarar greinar.

2. Við ákvörðun á rétti til ekkjubóta samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins í samræmi við ákvæði 2. tl. 16. gr. samnings þessa skal lögheimilistímabil það á Íslandi sem taka skal tillit til í samræmi við ákvæði 8. gr. samnings þessa vera það lögheimilistímabil sem ekkjan hefur sjálf náð á Íslandi eða það lögheimilistímabil sem hinn látni eiginmaður hennar náði á Íslandi, hvort heldur er lengra.

3. Einungis í sambandi við það skilyrði að ekkja sem gerir kröfu til ekkjubóta samkvæmt löggjöf Íslands þurfi sjálf eða hinn látni maki hennar að hafa átt lögheimili á Íslandi að minnsta kosti þrjú næstu ár áður en sótt er um ekkjubætur samkvæmt þeirri löggjöf skal líta svo á að tímabil sem hún eða hinn látni maki hennar voru búsett í Sameinaða konungsríkinu séu lögheimilistímabil sem hún eða hinn látni maki hennar, eftir því sem við á, náðu á Íslandi.

4. Þegar greiða ætti ekkjubætur samkvæmt löggjöf annars aðilans væri barn á landssvæði þess aðila skal greiða þær bætur meðan barnið er á landssvæði hins aðilans.

7. KAFLI

Barnalífeyrir og mæðralaun samkvæmt löggjöf Íslands

19. gr.

1. Maður sem fær barnalífeyri og/eða mæðralaun samkvæmt löggjöf Íslands skal ekki missa þann bótarétt vegna þess að hann eða barnið sem bæturnar eru greiddar með eru í Sameinaða konungsríkinu.

2. Nú er íslenskur ríkisborgari sem áður átti lögheimili á Íslandi í Sameinaða konungsríkinu og myndi hann eiga rétt á barnalífeyri og/eða mæðralaunum ef hann ætti lögheimili á Íslandi og skal þá greiða bæturnar meðan hann er í Sameinaða konungsríkinu, að því tilskildu að hann hafi næst áður en umsókn um bæturnar er lögð fram verið búsettur í Sameinaða konungsríkinu og/eða átt lögheimili á Íslandi samanlagt í að minnsta kosti þrjú ár.

3. Einungis í sambandi við það skilyrði að maður sem gerir kröfu til barnalífeyris þurfi að hafa átt lögheimili á Íslandi að minnsta kosti þrjú næstu ár áður en sótt er um þann lífeyri samkvæmt löggjöf Íslands skal líta svo á að tímabil sem hann var búsettur í Sameinaða konungsríkinu séu tímabil sem hann átti lögheimili á Íslandi.

ARTICLE 17

Where a person does not simultaneously satisfy the conditions for entitlement to an old age pension under the legislation of both Parties, his entitlement under the legislation of one Party shall be established as and when he satisfies the conditions laid down by the legislation of that Party. The provisions of Article 16 of this Convention shall be applied where there is no entitlement under the provisions of Article 15 of this Convention to an old age pension under the legislation of that Party and his entitlement shall be determined afresh under those provisions when the conditions under the legislation of the other Party are satisfied.

ARTICLE 18

(1) Subject to the provisions of paragraphs (2) and (3) of this Article, the provisions contained in Articles 15 to 17 of this Convention shall apply, with such modifications as the differing nature of the benefits shall require, to widow's benefit.

(2) For the purpose of determining entitlement to widow's benefit under the legislation of the United Kingdom in accordance with the provisions of paragraph (2) of Article 16 of this Convention, the period of domicile in Iceland which is to be taken into account in accordance with the provisions of Article 8 of this Convention shall be the period of domicile completed in Iceland by the widow herself or the period of domicile completed in Iceland by her late husband, whichever is the greater.

(3) In relation only to the need of a widow claiming widow's benefit under the legislation of Iceland for her or her late spouse to have been domiciled in Iceland for at least three years immediately prior to the application for widow's benefit under that legislation, periods during which she or her late spouse were resident in the United Kingdom shall be treated as if they had been periods of domicile completed by her or her late spouse, as the case may be, in Iceland.

(4) Where widow's benefit would be payable under the legislation of one Party if a child were in the territory of that Party, that benefit shall be payable while the child is in the territory of the other Party.

SECTION 7

Child pension and mother's allowance under the legislation of Iceland

ARTICLE 19

(1) A person in receipt of child pension and/or mother's allowance under the legislation of Iceland shall not cease to be entitled to that benefit by virtue of the fact that the person, or the child in respect of whom the benefit is in payment, is in the United Kingdom.

(2) Where a national of Iceland previously domiciled in Iceland is in the United Kingdom and would be entitled to child pension and/or mother's allowance if he or she were domiciled in Iceland, the benefit shall be payable while that person is in the United Kingdom provided that immediately prior to the application for the benefit he or she had been resident in the United Kingdom and/or domiciled in Iceland for a period which in the aggregate amounts to at least three years.

(3) In relation only to the need of a person claiming child pension to have been domiciled in Iceland for at least three years immediately prior to the application for that pension under the legislation of Iceland, periods during which that person was resident in the United Kingdom shall be treated as if they had been periods during which that person had been domiciled in Iceland.

8. KAFLI

Munaðarleysingjabætur samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins

20. gr.

Þegar greiða ætti manni munaðarleysingjabætur samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins væri hann eða munaðarleysinginn sem bótanna er krafist fyrir í Sameinaða konungsríkinu skal greiða þær meðan hann eða munaðarleysinginn er á Íslandi.

9. KAFLI

Dánarbætur samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins

21. gr.

Nú er gerð krafa til dánarbóta samkvæmt löggjöf hluta landssvæðis Sameinaða konungsríkisins og skal þá líta á dauðsfall á Íslandi eins og það hefði átt sér stað í þeim hluta.

10. KAFLI

Endurheimta fyrirframgreiðslna og ofgreiðslna bóta

22. gr.

1. Nú hefur lögbær stofnun annars aðilans innt af höndum einhverja fyrirframgreiðslu á bótum til manns fyrir eitthvert tímabil eða tilvik eða hefur greitt honum einhverjar bætur fyrir tímabil eða tilvik, hvort sem er vegna ákvæða samnings þessa eða af öðrum ástæðum, og tryggingastjórnvald hins aðilans ákveður síðar að hann eigi rétt á bótum fyrir það tímabil eða tilvik samkvæmt hans löggjöf og skal þá lögbær stofnun síðarnefnda aðilans, að beiðni lögbærrar stofnunar fyrrnefnda aðilans, draga frá bótunum sem greiða ber fyrir það tímabil eða tilvik samkvæmt hans löggjöf ofgreiðslu sem vegna ákvæða samnings þessa hefur leitt af fyrirframgreiðslu eða bótum sem lögbær stofnun fyrrnefnda aðilans hefur greitt og senda lögbærri stofnun fyrrnefnda aðilans þessa fjárhæð.

2. Nú hefur maður fengið viðbótarbætur samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins fyrir tímabil sem hann öðlast síðar rétt til bóta fyrir samkvæmt löggjöf Íslands og skal þá lögbær stofnun á Íslandi að beiðni og af hálfu lögbærrar stofnunar í Sameinaða konungsríkinu halda eftir af þeim bótum sem greiða ber fyrir það tímabil þeirri fjárhæð sem viðbótarbæturnar er greiddar voru námu meira en því sem myndi hafa verið greitt hefðu bæturnar samkvæmt löggjöf Íslands verið greiddar áður en fjárhæð viðbótarbótanna var ákveðin og skal yfirfæra fjárhæðina sem haldið var eftir til lögbærrar stofnunar í Sameinaða konungsríkinu.

IV. HLUTI

Ýmis ákvæði

23. gr.

1. Lögbær stjórnvöld beggja aðila skulu koma á þeim stjórnunarráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til þess að framfylgja samningi þessum.

2. Lögbær stjórnvöld beggja aðila skulu senda hvert öðru eins fljótt og verða má allar upplýsingar um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til þess að framfylgja samningi þessum eða um breytingar á landslögum að svo miklu leyti sem breytingar þessar hafa áhrif á framkvæmd ákvæða samnings þessa.

SECTION 8
Orphan's benefit under the legislation of the United Kingdom

ARTICLE 20

Where orphan's benefit would be payable to a person under the legislation of the United Kingdom if that person or the orphan for whom the benefit is claimed were in the United Kingdom it shall be paid while that person, or the orphan, is in Iceland.

SECTION 9
Death grant under the legislation of the United Kingdom

ARTICLE 21

For the purpose of a claim for death grant under the legislation of a part of the territory of the United Kingdom, a death which has occurred in Iceland shall be treated as if it had occurred in that part.

SECTION 10
Recovery of advance payments and overpayments of benefit

ARTICLE 22

(1) Where a competent institution of one Party has made a payment of any benefit to a person for any period or event in advance of the period or event to which it relates or has paid him any benefit for a period or event, whether by virtue of the provisions of this Convention or otherwise, and the insurance authority of the other Party afterwards decides that the person is entitled to benefit for that period or event under its legislation, the competent institution of the latter Party, at the request of the competent institution of the former Party, shall deduct from the benefit due for that period or event under its legislation any overpayment which, by virtue of the provisions of this Convention, results from the advance payment or benefit paid by the competent institution of the former Party and shall transmit this sum to the competent institution of the former Party.

(2) Where a person has received supplementary benefit under the legislation of the United Kingdom for a period for which that person subsequently becomes entitled to any benefit under the legislation of Iceland, the competent institution of Iceland, at the request of and on behalf of the competent institution of the United Kingdom, shall withhold from the benefit due for that period the amount by which the supplementary benefit paid exceeded what would have been paid had the benefit under the legislation of Iceland been paid before the amount of supplementary benefit was determined, and shall transfer the amount withheld to the competent institution of the United Kingdom.

PART IV
Miscellaneous provisions

ARTICLE 23

(1) The competent authorities of the two Parties shall establish the administrative measures necessary for the application of this Convention.

(2) The competent authorities of the two Parties shall communicate to each other, as soon as possible, all information about the measures taken by them for the application of this Convention or about changes in their national legislation in so far as these changes affect the application of the provisions of this Convention.

3. Lögbær stjórnvöld, tryggingastjórnvöld og lögbærar stofnanir beggja aðila mega til þess að framfylgja ákvæðum samnings þessa hafa beint samband hvert við annað eða við sérhvern þann mann sem samningur þessi varðar eða við löglegan fulltrúa hans.

4. Setja skal á stofn milligönguskrifstofur til þess að auðvelda framkvæmd á ákvæðum samnings þessa.

24. gr.

1. Lögbær stjórnvöld, tryggingastjórnvöld og lögbærar stofnanir beggja aðila skulu aðstoða hvert annað í sérhverju máli er varðar framkvæmd samnings þessa eins og málið snerti framkvæmd þeirra eigin löggjafar. Aðstoð þessi skal veitt án endurgjalds.

2. Þegar maður sem er á landssvæði annars aðilans hefur krafist bóta samkvæmt löggjöf hins aðilans og læknisskoðun er nauðsynleg skal lögbær stofnun fyrrnefnda aðilans að beiðni lögbærrar stofnunar síðarnefnda aðilans annast um skoðunina. Kostnaður vegna skoðunarinnar skal greiddur af lögbærri stofnun fyrrnefnda aðilans.

25. gr.

1. Þegar löggjöf annars aðilans kveður á um að vottorð eða annað skjal sem lagt er fram samkvæmt löggjöf þess aðila skuli að öllu leyti eða að hluta undanþegið sköttum, lögboðnum gjöldum, greiðslum fyrir ræðisathafnir eða gjöldum til stjórnvalda skal sú undanþága gilda um vottorð eða önnur skjöl sem lögð eru fram samkvæmt löggjöf hins aðilans eða samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

2. Hvers konar yfirlýsingar, skjöl og vottorð sem leggja þarf fram vegna samnings þessa skulu undanþegin staðfestingu stjórnvalda í utanríkisþjónustu eða ræðisþjónustu.

26. gr.

Ekki skal hafna neins konar vottorði, skjali eða yfirlýsingu sem ritað er á opinberu tungumáli annars hvors aðilans á þeim forsendum að það sé ritað á erlendu tungumáli.

27. gr.

1. Líta skal á kröfu, tilkynningu eða málskot sem ætti samkvæmt löggjöf annars aðilans að koma á framfæri innan tiltekins frests við tryggingastjórnvald eða lögbært stjórnvald þess aðila eins og þeim hefði verið komið á framfæri við það tryggingastjórnvald eða lögbært stjórnvald séu þau lögð fram innan sama tímabils við tryggingastjórnvald eða lögbært stjórnvald hins aðilans.

2. Líta skal á kröfu um bætur sem lögð er fram samkvæmt löggjöf annars aðilans sem kröfu um samsvarandi bætur samkvæmt löggjöf hins aðilans að svo miklu leyti sem þessar samsvarandi bætur skuli greiddar samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

